

# SANNIR Í TRÚNNI



TRÚARHUGTÖK

# SANNIR Í TRÚNNI

T R Ú A R H U G T Ö K

Útgefandi:  
Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu  
Salt Lake City, Utah

Kápumynd: *Ljós og sannleikur*, eftir Simon Dewey  
© Simon Dewey

© 2004 Intellectual Reserve, Inc.  
Allur réttur áskilinn  
Printed in Germany

Samþykkt á ensku: 7/04  
Þýðing samþykkt: 7/04  
Þýðing á *True to the Faith*  
Icelandic

# ORÐSENDING FRÁ ÆÐSTA FORSÆTISRÁÐINU

Rit þetta er ætlað ykkur til hjálpar við nám á ritningunum og kenningum síðari daga spámannna. Við hvetjum ykkur til að nýta ykkur það er þið lærið fagnaðarerindið og tileinkið ykkur reglur þess. Það getur nýst ykkur vel þegar þið búið ykkur undir ræðuhöld, kennslu og að svara spurningum um kirkjuna.

Þegar þið lærið sannleika fagnaðarerindisins, mun skilningur ykkar aukast á eilífri áætlun himnesks föður. Sá skilningur mun verða ykkur undirstaða fyrir lífið og gera ykkur kleift að taka skynsamar ákvarðanir, lifa í samræmi við vilja Guðs og finna gleði í lífi ykkar. Vtnisburður ykkar mun eflast. Þið verðið sönn í trúnni.

Við höfum einkum í huga æskufólkis, ungt fullvaxta fólk og hina nýskírðu. Við heitum ykkur því, að einkabænir og nám á ritningunum og kenningum fagnaðarerindisins munu búa ykkur undir að standa gegn illum áhrifum, sem blekkja ykkur og skaða.

Megi rit þetta efla ykkur í þeirri viðleitni að nálgast frelsarann og fylgja fordæmi hans.

Æðsta forsætisráðið



# TRÚARHUGTÖK

## Í STAFRÓFSRÖÐ

**Aðalvaldhafar** (*Sjá Kirkjustjórnun*)

**Andavarðhald** (*Sjá Dauði, líkamlegur; Helja; Paradís*)

### Andi

Við erum andabörn himnesks föður og við áttum tilveru sem andar áður en við fæddumst á jörðina. Á jörðinni dvelur andi okkar í efnislíkama, sem faeddur er af jarðneskum foreldrum.

Í ritningunum lærum við um eðli anda. Við lærum að „allur andi er efni, en hann er fingerðari og tærari og aðeins hægt að greina hann með tærari augum“ (K&S 131:7). Við lesum að „andi mannsins [er] í líkingu persónu sinnar, sem og andi dýranna og sérhverrar annarrar skepnu, sem Guð hefur skapað“ (K&S 77:2; sjá einnig Eter 3:7–16).

Ritningarnar kenna einnig að við líkamsdauða deyi andinn ekki. Hann er skilinn frá líkamanum og lifir í andaheiminum. Í upprisunni sameinast andinn líkamanum og þeir verða „aldrei framar sundur skildir. Þannig verður það hvort-tveggja andlegt og ódaudlegt“ (Alma 11:45).

Fleiri tilvísanir: Róm 8:16–17; 2 Ne 9:10–13; K&S 93:29, 33

*Sjá einnig Sáluhjálparáætlunin; Upprisa; Sál*

**Andi Drottins** (*Sjá Heilagur andi; Ljós Krists*)

**Andi sannleikans** (*Sjá Heilagur andi*)

## **Andlegar gjafir**

Gjafir andans eru blesanir eða andlegir hæfileikar sem veitast með heilögum anda. Guð veitir hverjum trúföstum meðlim kirkjunnar hið minnsta eina slíka gjöf. Þegar þið hljótið slíkar gjafir, munu þær efla ykkur og blesa og hjálpa ykkur að þjóna öðrum. (Sjá K&S 46:8-12.) Greint er frá mörgum gjöfum andans í ritningunum:

- Vitneskjunni um að „Jesús Kristur er sonur Guðs og að hann var krossfestur vegna synda heimsins“ (K&S 46:13).
- Hæfileikanum til að trú orðum þeirra sem vitna um Jesú Krist (sjá K&S 46:14).
- Þekkingunni á „mismunandi stjórnunar [háttum]“ (K&S 46:15; sjá einnig 1 Kor 12:5). Sú gjöf er notuð til stjórnunar og leiðsagnar kirkjanni.
- Þekkingunni á „[ýmsum] starfs [háttum],“ sem gerir okkur kleift að greina hvort kenning eða áhrif eru frá Guði eða öðrum (K&S 46:16; sjá einnig 1 Kor 12:6-7).
- Gjöfinni að „mæla af speki“ (1 Kor 12:8; K&S 46:17). Hér er ekki átt við það sem við þekkjum sem Vísdómsorðið. Hér er fremur átt við gjöf visku – þann eiginleika að nota þekkingu réttlátlega.
- Gjöfinni að „mæla af þekkingu“ (1 Kor 12:8; K&S 46:18).
- Hæfileikanum að kenna með krafti heilags anda (sjá Moró 10:9-10; sjá einnig K&S 46:18).
- Gjöf trúar (sjá 1 Kor 12:9; Moró 10:11).
- Gjöfinni að eiga „trú til að læknast“ (K&S 46:19).
- Gjöfinn að eiga „trú til að lækna“ (K&S 46:20; sjá einnig 1 Kor 12:9; Moró 10:11).
- Gjöfinni að „framkvæma undur“ (1 Kor 12:10; K&S 46:21; sjá einnig Moró 10:12).

- Gjöfinni að spá (sjá 1 Kor 12:10; Moró 46:22; K&S 46:22). Jóhannes hinn elскаði kenndi að „vitnisburður [um] Jesú [væri] andi spádómsgáfunnar“ (Op 19:10).
- Gjöfinni að „sjá engla og þjónustuanda“ (Moró 10:14).
- Gjöfinni að „greina anda“ (1 Kor 12:10; K&S 46:23).
- Gjöfinni að tala hin ýmsu tungumál eða tala tungum (sjá 1 Kor 12:10; Moró 10:15; K&S 46:24).
- Gjöfinni að „útleggja tungatal“ (1 Kor 12:10; K&S 46:25; sjá einnig Moró 10:16).

Þessar andlegur gjafir og fleiri sem taldar eru upp í ritningunum eru aðeins dæmi um margar gjafir andans. Drottinn getur blesað ykkur á annan hátt, allt eftir staðfestu ykkar og þörfum og þörfum þeirra sem þið þjónið. Hann hefur boðið okkur að starfa af kostgæfni svo við getum hlotið andlegar gjafir.

„Verið þess vegna á verði, svo að þér látið eigi blekkjast, leitið af einlægni hinna bestu gjafa og hafið ávallt í huga til hvers þær eru gefnar, svo að þér verðið eigi blekktir—

Því að sannlega segi ég yður, að þær eru gefnar þeim til heilla, sem elска mig og halda öll boðorð míni, og þeim, sem leitast við að gjöra svo, svo að allir hafi gagn af, sem leita eða spryrja mig“ (K&S 46:8–9; sjá einnig vers 26).

Fleiri tilvísanir: 1 Kor 13; 14:1–33; Moró 10:17–25; K&S 46:27–33; Trúarátríðin 1:7

Sjá einnig Heilagur andi; Opinberun

## **Andlegur Dauði** (Sjá Dauði, andlegur)

## **Aronsprestdæmið**

Þegar spámaðurinn Joseph Smith þýddi Mormónsbók, sá hann að þar var minnst á skírn til fyrirgefningar syndanna. Hinn 15. maí 1829 fóru hann og ritari hans, Oliver Cowdery, út

## Aronsprestdæmið

í skóg til að spyrja Drottin um skírn. Þegar þeir báðust fyrir „sté sendiboði frá himni niður í ljósskýi.“ Sendiboði þessi var Jóhannes skírari, spámaðurinn sem skírði Jesú Krist öldum áður. Jóhannes skírari, sem nú var upprisinn vera, lagði hendur yfir Joseph og Oliver og veitti þeim Aronsprestdæmið, sem tekið hafði verið af jörðunni í fráhvarfinu mikla. Með þessu valdsumboði gátu Joseph og Oliver skírt hvor annan. (Sjá Joseph Smith–Saga 1:68–72.)

Í kirkjunni á okkar tínum geta verðugir karlkyns meðlimir hlotið Aronsprestdæmið þegar þeir hafa náð 12 ára aldri. Þeim gefast mörg tækifæri til að taka þátt í helgiathöfnum prestdæmisins og inna þjónustu af hendi. Þegar þeir uppfylla skyldur sínar af trúmannsku, þjóna þeir í nafni Drottins við að hjálpa öðrum að hljóta blessanir fagnaðarerindisins.

Embætti Aronsprestdæmisins eru biskup, prestur, kennari og djákni. Með leyfi ráðandi prestdæmisleiðtoga (yfirleitt biskups eða greinarforseta) útdelaði djáknar sakramentinu. Þeir hjálpa biskupi eða geinarforseta að vaka yfir kirkjumeðlimum með því að þjóna og aðstoða í stundlegum málefnum, svo sem að safna saman föstufórnum. Kennrarar geta framkvæmt allar skyldur djákna og þeim gefast einnig önnur tækifæri til þjónustu. Þeir undirbúa brauð og vatn sakramentis og þjóna sem heimiliskennrarar. Prestar geta framkvæmt allar skyldur djákna og kennara. Með leyfi hins ráðandi prestdæmishafa geta þeir einnig blesstað sakramentið, skírt og vígt aðra til embættis prests, kennara og djákna.

Aronsprestdæmið er „viðauki við hið æðra, eða Melkísedeksprestdæmið“ (K&S 107:107:14). Það er oft nefnt undirbúningsprestdæmið. Þegar prestdæmishafi þjónar í Aronsprestdæminu, býr hann sig undir það að hljóta Melkísedeksprestdæmið, taka á móti blessunum musterisins, þjóna í trúboði, verða kærleiksríkur eiginmaður og faðir og undir ævilanga þjónustu í þágu Drottins.

Sjá einnig Melkísedeksprestdæmið

## Auðmýkt

Auðmýkt er að viðurkenna með þakklæti að þið séuð háð Drottni – að hafa skilning á að þið hafið stöðugt þörf á stuðningi hans. Auðmýkt er að viðurkenna að hæfileikar ykkar og hæfni séu gjafir frá Guði. Það er ekki tákna um veikleika, kjarkleysi eða ótta; það gefur til kynna að þið vitið hvaðan sannur styrkur ykkar kemur. Þið getið bæði verið auðmjúk og óttalaus. Þið getið bæði verið auðmjúk og hugdjörf.

Jesús Kristur er besta fyrirmund okkar um auðmýkt. Í jarðneskri þjónustu sinni viðurkenni hann ávallt að hann hlyti styrk vegna þess að hann reiddi sig á föður sinn. Hann sagði: „Ég megna eigi að gjöra neitt af sjálfum mér, . . . því að ég leita ekki míns vilja, heldur vilja þess, sem sendi mig“ (Jóh 5:30).

Drottinn mun styrkja ykkur þegar þið auðmýkið ykkur frammi fyrir honum. Jakob kenndi: „Guð stendur í gegn dramblátum, en auðmjúkum veitir hann náð. Auðmýkið yður fyrir Drottni og hann mun upphefja yður“ (Jakbr 4:6, 10).

Fleiri tilvísanir: Matt 18:4; 23:12; 26:39; Lúk 22:42; 1 Pét 5:5–6; Mósía 4:11–12; 15:6–7; Alma 5:27–28; He 3:33–35; Eter 12:27; K&S 12:8; 67:10; 112:10; 136:32–33

## Áfengi (*Sjá* Vísdómsorðið)

## Ánetjun (*Sjá* Fjárhættuspíl; Klám; Vísdómsorðið)

## Ávanaefni (*Sjá* Vísdómsorðið)

## Biblía (*Sjá* Ritningar)

## Biskup (*Sjá* Kirkjustjórnun)

## Boðorðin tíu

Boðorðin tíu eru eilífar reglur fagnaðarerindisins og nauðsynleg fyrir upphafningu okkar. Drottinn opinberaði þau

Móse til forna (sjá 2 Mós 20:1–17), og hann hefur lagt áherslu á þau í síðari daga opinberun (sjá K&S 42:18–29; 59:5–13; 63:61–62). Boðorðin tíu eru nauðsynlegur þáttur fagnaðarerindisins. Hlýðni við þau boðorð er grundvöllur að hlýðni við aðrar reglur fagnaðarerindisins.

Hér á eftir eru Boðorðin tíu tilgreind og stuttlega greint frá því hvernig þau eiga enn við okkur nú:

1. „Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig“ (2 Mós 20:3). Við ættum að gera „allt með einbeittu augliti á dýrð Guðs“ (K&S 82:19). Við ættum að elsku Drottin og þjóna honum af öllu hjarta, mætti huga og styrk (sjá 5 Mós 6:5; K&S 59:5).
2. „Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér“ (2 Mós 20:4). Með þessu boðorði fordæmir Drottinn tilbeiðslu líkneskja. Líkneski geta verið í margskonar formi. Sumir beygja ekki höfuð sitt frammi fyrir útskornum myndum eða höggmyndum, heldur taka þeir annars konar líkneski fram yfir Guð, svo sem peninga, veraldlegar eигur, hug-myndir eða upphefð. Í lífi þeirra „eru fjársjóðir þeirra guð þeirra“ – guð sem mun „farast með þeim“ 2 Ne 9:30).
3. „Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma“ (2 Mós 20:7). Sjá „Guðlast,“ bls. 59–60 til útskýringar á þessu boðorði.
4. „Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan“ (2 Mós 20:8). Sjá „Hvíldardagur,“ bls. 73–74 til útskýringar á þessu boðorði.
5. „Heiðra föður þinn og móður“ (2 Mós 20:12). Þetta boðorð er í gildi fyrir okkur, jafnvel þótt við séum follarðin. Við ættum alltaf að heiðra foreldra okkar.
6. „Þú skalt ekki morð fremja“ (2 Mós 20:13). Sjá „Stríð,“ bls. 160–161 til útskýringar á því hvernig þetta boðorð á við um þá sem þurfa að taka þátt í striði.

7. „Þú skalt ekki drýgja hór“ (2 Mós 20:14). Í síðari daga opinberun fordæmir Drottinn ekki aðeins hórdóm, heldur „[allt] því líkt“ (K&S 59:6). Saurlifnaður, samkynhneigð og aðrar kynferðissyndir eru brot á sjöunda boðorðinu. Sjá „Skírlífi,“ bls. 146–151 til frekari útskýringar.
8. „Þú skalt ekki stela“ (2 Mós 20:15). Þjófnaður er óheiðarleiki. Sjá bls. 62 til frekari útskýringar á heiðarleika.
9. „Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum“ (2 Mós 20:16). Lygi er einnig óheiðarleiki. Sjá bls. 62 til frekari útskýringar á heiðarleika.
10. „Þú skalt ekki gírnast“ (2 Mós 20:17). Að ágírnast eithvað sem tilheyrir öðrum eða öfunda þá vegna þess, er skaðlegt sálinni. Það getur heltekið huga ykkar og þjakað ykkur með stöðugri óhamingju og óánægju. Það leiðir oft til annarra synda og fjárhagsbyrða.

Þótt flest Boðorðanna tíu greini frá því sem við ættum ekki að gera, greina þau einnig frá því sem við ættum að gera. Frelsarinn dró Boðorðin tíu í tvær megin reglur – elsku til Drottins og elsku til náunga okkar:

„Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum.

Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð.

Annað er þessu líkt: Þú skalt elská náunga þinn eins og sjálfan þig“ (Matt 22:37–39).

Fleiri tilvísanir: Mósía 12:33–36; 13:11–24.

Sjá *einnig* Sjálfræði; Skírlífi; Heiðarleiki; Hlýðni; Guðlast; Lotning; Hvíldardagur; Stríð; Tilbeiðsla

## Bæn

Þið eruð börn Guðs. Himneskur faðir elskar ykkur og þekkir þarfir ykkar, og þráir að þið ræðið við hann í bæn.

Biðjið til hans og einskis annars. Drottinn Jesús Kristur bauð: „Þér [verðið] ávallt að biðja til föðurins í mínu nafni“ (3 Ne 18:19).

Þegar þið gerið það að vana ykkar að koma til Guðs í bæn, munuð þið þekkja hann og komast stöðugt nær honum. Þrár ykkar taka að líkjast hans þrá. Þið munuð þá geta tryggt ykkur sjálfum og öðrum þær blessanir sem hann er fús til að veita ykkur, ef þið biðjið í trú.

### Regla bænar

Faðir ykkar er ætíð fús til að hlusta á bænir ykkar og svara þeim. Bænamáttur ykkar er undir ykkur kominn. Þegar þið keppið að því að hafa bænina sem hluta af lífi ykkar, hafið þá þessa leiðsögn í huga:

*Gerið bænir ykkar innihaldsríkar.* Spámaðurinn Mormón gaf þessa aðvörun: „Ef maður biður bænar án einlægs ásetnings hjartans. . . . Gagnar [það] honum ekkert, því að Guð tekur ekki á móti neinu slíku“ (Moró 7:9). Til að gera bænir ykkar innihaldsríkar, verðið þið að biðja af einlægni og „af öllum hjartans mætti“ (Moró 7:48). Gætið þess að forðast „fánýta mælgi“ þegar þið biðjið (sjá Matt 6:7). Ígrundið viðhorf ykkar vandlega og orðanotkun ykkar.

*Notið málfar sem lýsir elsku, virðingu, lotningu og nálægð.* Útfærsla þessarar reglu er mismunandi eftir tungumáli ykkar. Ef beðið er til að mynda á ensku, ætti að nota þéringar ritninganna þegar Guð er ávarpaður – *Thee, Thou, Thy* og *Thine*, fremur en hefðbundið talmál eins og *you, your* og *yours*. Reglan er sú sama hvert sem tungumálið er: Þegar þið biðjið, ættuð þið að nota orð sem tjá ástúð og anda tilbeíðslu. Vera má að ykkur reynist erfitt að læra rétt bænamál, en smám saman munuð þið venjast því er þið biðjið og lesið ritningarnar.

*Færið himneskum föður ávallt þakkir.* „Lifið í daglegri þak-kargjörð fyrir hina miklu miskunn og þær mörgu blessanir, sem hann veitir ykkur“ (Alma 34:38). Þegar þið gefið ykkur

tíma til að hugleiða blesanir ykkar, munuð þið komast að því hversu mikioð himneskur faðir hefur gert fyrir ykkur. Færíð honum þakkir.

*Leitið leiðsagnar himnesks föður og styrks í öllu sem þið gerið.* Alma veitti syni sínum Helaman þessa leiðsögn: „Ákallaðu Guð, þér til stuðnings í öllu. Já, helgaðu Drottni allar gjörðir þínar og lát Drottin stjórna ferðum þínum. Já, lát allar hugsanir þínar beinast til Drottins. Já, lát elsku hjarta þíns beinast til Drottins að eilífu. Ráðgastu við Drottin um allt, sem þú tekur þér fyrir hendur, og hann mun leiðbeina þér til góðs. Já, þegar þú leggst til hvílu að kvöldi, hvílstu þá í Drottni, svo að hann megi vaka yfir þér, meðan þú sefur. Og þegar þú ríst á fætur að morgni, lát þá hjarta þitt vera fullt af þakklæti til Guðs. Og ef þú gjörir svo, mun þér lyft upp á efsta degi“ (Alma 37:36–37; sjá einnig Alma 34:17–26).

*Munið eftir þörfum annarra þegar þið biðjið.* Biðjið vegna „[velferðar] ykkar og einnig [velferðar] þeirra, sem umhverfis ykkur eru“ (Alma 34:27). Biðjið himneskan föður um að blesa og hugga hina þurfandi. Biðjið hann að innblása og efla forseta kirkjunnar, aðra aðalvaldhafa og staðarleiðtoga ykkar. Biðjið fyrir velferð fjölskyldu ykkar og vina. Biðjið fyrir leiðtögum stjórnvalda. Biðjið Drottin að innblása og vernda trúboðana og þá sem þeir kenna.

*Leitið leiðsagnar heilags anda, svo þið megið vita hvað segja ber í bænum ykkar.* Heilagur andi getur kennt ykkur að biðja og leitt ykkur í því sem segja ber (sjá Róm 8:26; 2 Ne 32:8). Hann getur hjálpað ykkur að biðja „í samræmi við vilja Guðs“ (K&S 46:30).

*Þegar þið leggið fram bón í bæn, gerið þá allt sem þið getið til að hún megi veitast ykkur.* Himneskur faðir væntir þess að þið gerið meira en aðeins að biðja hann um blesanir. Þegar þið þurfið að taka mikilvægar ákvarðanir, krefst hann þess oft að þið „[kannið] það vel í huga [ykkar]“ áður en hann veitir ykkur svar (sjá K&S 9:7–8). Bænir ykkar um leiðsögn munu aðeins verða jafn áhrifamiklar og sú viðleitni ykkar að vera móttækileg fyrir rödd heilags anda. Bænir ykkar fyrir eigin

velferð og velferð annarra verða til einskis, ef þið „snúið hinum þurfandi frá eða hinum klæðlausu og vitjið ekki hinna sjúku og aðþrengdu, og gefið ekki af því, sem þið eigið, til þeirra, sem þurfandi eru“ (Alma 34:28).

Ef ykkar bíður erfitt verkefni, er það þóknanlegt himneskum föður að þið krjúpið og biðjið hann um hjálp og standið síðan á fætur og hefjist handa. Hann mun hjálpa ykkur í réttlátum viðfangsefnum ykkar, en gerir sjaldan eitthvað það fyrir ykkur sem þið getið gert sjálf.

### Einkabæn

Í fjallræðu sinni sagði Jesús Kristur: „En nær þú biðst fyrir, skaltu ganga inn í herbergi þitt, loka dyrunum og biðja föður þinn, sem er í leynum. Faðir þinn, sem sér í leynum, mun umbuna þér“ (Matt 6:6). Einkabæn er nauðsynlegur þáttur í andlegum þroska okkar.

Leitið staðar þar sem næði er að finna, a.m.k. kvölds og morgna. Krjúpið í auðmýkt og ræðið við himneskan föður. Þótt þið biðjist stundum fyrir í hljóði, ættuð þið stundum að reyna að leggja á ykkur að biðjast fyrir upphátt (sjá K&S 19:28; 20:51).

Hafið í huga að tjáskipti bænar virkar í báðar áttir. Gefið ykkur tíma til að staldra við og hlusta þegar þið ljúkið bænum ykkar. Stundum mun himneskur faðir veita ykkur leiðsögn og huggun meðan þið krjúpið enn.

Látið ykkur aldrei detta það í hug að þið séuð ekki verðug þess að biðja. Sú hugmynd er frá Satan, sem reynir að fá ykkur til að biðja ekki (sjá 2 Ne 32:8). Ef þið hafið ekki löngun til að biðja, skuluð þið biðja þar til sú löngun vaknar.

Frelsarinn hefur boðið: „Bið ávallt, að þú megin verða sigurvegari, já, að þú megin sigra Satan og fáir umflúið þjóna Satans, sem vinna verk hans“ (K&S 10:5). Þótt þið getið ekki verið stöðugt á hnjánum í persónulegri bænagjörð, þá getið þið látið hjörtu ykkar vera „þrungin og í stöðugri bæn til

[Guðs]” (Alma 34:27; sjá einnig 3 Ne 20:1). Þið getið allan daginn viðhaldið stöðugri elsku til föður ykkar á himnum og hans ástkværa sonar. Þið getið tjáð föður ykkar þakklæti í hljóði og beðið hann að efla ykkur í ábyrgð ykkar. Þið getið beðið hann í hljóði um hjálp á tímum freistainga eða hættu.

### Fjölskyldubæn

Auk þess að bjóða okkur að biðja einslega, hvetur frelsarinn okkur til að biðja með fjölskyldu okkar. Hann sagði: „Biðjið með fjölskyldum yðar til föðurins, ætíð í mínu nafni, svo að eiginkonur yðar og börn megi blessuð verða” (3 Ne 18:21).

Ef þið eruð gift, gerið þá fjölskyldubænir að óaðskiljanlegum hluta fjölskyldulífsins. Krjúpið alltaf saman í auðmýkt kvölds og morgna. Veitið öllum fjölskyldumeðlimum oft tækifæri til þess að flytja bænir. Sameinist í þakklæti fyrir þær blessanir sem himneskur faðir hefur veitt ykkur. Sameinist í trú við að ákalla hann um þær blessanir sem þið þurfið og biðjið fyrir öðrum.

Þið og fjölskylda ykkar munuð með reglubundnum fjölskyldubænum verða nánari Guði og hvert öðru. Börnum ykkar mun lærast að eiga samskipti við föður þeirra á himnum. Öll munuð þið verða betur undir það búin að þjóna öðrum og standast freistaingar. Heimili ykkar verður staður andlegs styrks, athvarf frá illum áhrifum heimsins.

### Opinber bæn

Stundum kunnið þið að vera beðin að flytja bænir opinberlega, hugsanlega á samkomu eða í námsbekk kirkjunnar. Þegar ykkur gefst slíkt tækifæri, hafið þá í huga að þið eruð að tjá ykkur við himneskan föður, en ekki að flytja ræðu meðal almennings. Hafið ekki áhyggjur af því sem aðrir kunna að hugsa um hvað þið segið. Flytjið aðeins einfalda og innilega bæn.

## Dauði, andlegur

### Hljóta bænasvör

Frelsarinn kenndi: „Biðjið, og yður mun gefast, leitið, og þér munuð finna, knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða. Því að hver sá öðlast, sem biður, sá finnur, sem leitar, og fyrir þeim, sem á knýr, mun upp lokið verða“ (Matt 7:7–8). Hann sagði við Nefítana: „Hvers sem þér biðjið föðurinn í mínu nafni, sem er rétt, og í trú, að þér hljótið það, sjá, það mun yður hlotnast“ (3 Ne 18:20).

Himneskur faðir heyrir bænir ykkar. Vera kann að svar hans sé ekki það sem þið væntið, en hann svarar – á hans tíma og að hans vilja. Stundum kann hann að svara neitandi, því hann veit hvað ykkur er fyrir bestu, jafnvel þótt bænir ykkar séu einlægar.

Svör fást með margvíslegum hætti. Oft berast þau með hinni kyrrlátu og hljóðu rödd heilags anda (sjá „Opinberun,” bls. 114–118). Þau kunna að berast í hinum ýmsu aðstæðum lífs ykkar eða með góðverkum annarra. Þegar þið haldið áfram að nálgast himneskan föður í bæn, getið þið æ betur þekkt náðarsamleg og viskubundin svör hans við bænum ykkar. Þið munuð komast að því að hann er „hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum“ (Sálm 46:2).

Fleiri tilvísanir: Matt 6:5–15; Jakbr 1:5–6; Enos 1:1–17; Mósía 4:11–12; 3 Ne 13:6–7; 14:7–8; K&S 19:38; 88:63–65; Joseph Smith–Saga 1:9–19

Sjá einnig Trú; Fasta og föstufórnir; Tilbeiðsla

## Dauði, andlegur

Andlegur dauði er aðskilnaður við Guð. Ritningarnar greina frá tvennskonar andlegum dauða. Sá fyrri er fallið og sá síðari er okkar eigin óhlýðni.

Samúel, spámaður í Mormónsbók, kenndi: „Því að með falli Adams útilokast allt mannkyn úr návist Drottins og telst dautt, bæði gagnvart því stundlega og andlega“ (He 14:16). Við erum aðskilin frá Guði í jarðlifi okkar. Jesús Kristur endurleysir

alla frá þessum andlega dauða með friðþægingu sinni. Samúel bar vitni um að upprisa frelsarans „endurleysir allt mannkyn frá hinum fyrsta dauða – andlegum dauða. . . . Upprisa Krists endurleysir mannkynið, já, allt mannkyn, og leiðir það aftur í návist Drottins“ (He 14:16–17). Spámaðurinn Lehí kennið, að vegna friðþægingarinnar „koma allir menn fyrir Guð. Af þeim sökum munu þeir standa í návist hans og taka við dómnum, sem hann fellir í samræmi við sannleikann og helgi þá, sem í honum býr“ (2 Ne 2:10).

Andlegur dauði er einnig afleiðing okkar eigin óhlýðni. Syndir okkar gera okkur óhrein og ómögulegt að dvelja í návist Guðs (sjá Róm 3:23; Alma 12:12–16, 32; He 14:18; HDP Móse 6:57). Jesús Kristur býður endurlausn frá þessum dauða með friðþægingu sinni, en aðeins ef við iðkum trú á hann, iðrumst synda okkar og hlítum reglum og helgiathöfnum fagnaðarerindisins (sjá Alma 13:27–30; He 14:19; Trúarátriðin 1:3).

Fleiri tilvísanir: 1 Ne 15:33–35; Alma 40:26; 42:23

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krista; Trú; Fallið; Óhýðni; Iðrun; Synd*

## **Dauði, líkamlegur**

Líkamsdauði er aðskilnaður anda og hins dauðlega líkama. Fall Adams færði líkamsdauða í heiminn (sjá HDP Móse 6:48).

Dauði er nauðsynlegur hluti sáluhjálparáætlunar himnesks föður (sjá 2 Ne 9:6). Við verðum að upplifa dauða og hljóta síðar fullkominn upprisinn líkama, til þess að verða eins og okkar eilífi faðir.

Þegar efnislíkaminn deyr, lifir andinn áfram. Í andaheiminum er tekið á móti hinum réttlátu öndum „inn í sæluríki, sem nefnist paradís, ríki hvíldar og friðar, þar sem þeir hvílast frá öllu erfiði, áhyggjum og sorgum“ (Alma 40:12). Staður sem nefnist andavarðhald er ætlaður „þeim, sem dáið [hafa] í syndum sínum, án þekkingar á sannleikanum eða í lögmálsbrotum, þar eð þeir höfðu hafnað spámönnunum“

(K&S 138:32). Öndum í varðhaldi er „kennd trú á Guð, iðrun syndanna, staðgengilsskírn til fyrirgefningar syndanna og gjöf heilags anda með handayfirlagningu. Og allar aðrar reglur fagnaðarerindisins, sem nauðsynlegt var fyrir þá að þekkja“ (K&S 138:33–34). Ef þeir taka á móti reglum fagnaðarerindisins, iðrast synda sinna og taka á móti þeim helgiathöfnum sem framkvæmdar hafa verið í þeirra þágu, eru þeir velkomnir í paradís.

Líkamsdauði er aðeins stundlegur, vegna friðþægingar og upprisu Jesú Krists. „Því að eins og allir deyja fyrir samband sitt við Adam, svo munu allir lífgaðir verða fyrir samfélag sitt við Krist“ (1 Kor 15:22). Allir verða reistir upp, en í því felst að andi sérhvers manns mun sameinast líkama hans – „endurreistur til sinnar fullkomnu umgjarðar“ og verður ekki háður dauða framar (Alma 40:23; sjá einnig Alma 11:44–45).

Þið hafið sennilega upplifað sársaukann sem fylgir dauða vinar eða einhvers í fjölskyldunni. Það er eðlilegt að upplifa sorg á slíkum stundum. Sorgin er í raun ein innilegasta tjáning ástar. Drottinn sagði: „Pér skuluð búa saman í kærleika, svo að þér grátið missi þeirra er deyja“ (K&S 42:45). Eina leiðin til þess að aðskilja sorgina frá dauðanum er að aðskilja ástina frá lífinu.

Þótt þið harmið dauða ástvinar, gerið þið látið huggast við fyrirheit um upprisu og þá fullvissu að fjölskyldur geta verið saman að eilífu. Þið getið „[skilið] hina miklu rökhyggju að baki sorg og einnig fögnuði – sorg vegna dauða og tortímingar meðal mannanna og fögnuði vegna ljóss Krists til lífsins“ (Alma 28:14; sjá einnig vers 9–13).

Auk þess að hljóta huggun þegar ástvinur deyr, getum við fundið frið í þeirri vitneskjú að við sjálf munum að lokum deyja. Við getum minnst þessa loforðs Drottins þegar við lifum eftir fagnaðarerindinu: „Þeir sem deyja í mér skulu eigi smakka dauðann, því að hann verður þeim ljúfur“ (K&S 42:46).

Fleiri tilvísanir: Jes 25:8; 1 Kor 15:51–58; 2 Ne 9:6–15; Mósía 16:6–8

Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Paradís; Sáluhjálparáætlunin; Upprisan

**Deild** (*Sjá Kirkjustjórnun*)

**Djákni** (*Sjá Aronsprestdæmið; Prestdæmið*)

**Djöfullinn** (*Sjá Satan*)

## Dýrðarríkin

Allir menn munu rísa upp fyrir tilstilli friðþægingar Jesú Krists (sjá Alma 11:42–45). Eftir að við erum reist upp, munum við standa frammi fyrir Drottni til að hljóta dóm (sjá Op 20:12; 3 Ne 27:14). Sérhverju okkar mun útnefndur ævarandi dvalarstaður í ákveðnu dýrðarríki. Drottinn kenni þessa reglu þegar hann sagði: „Í húsi föður míns eru margar vistarverur“ (Jóh 14:2).

Dýrðarríkin eru þrjú: Himneska ríkið, yfirjarðneska ríkið og jarðneska ríkið. Sú dýrð sem þið erfið er háð því hversu mikið þið hafið snúist til trúar með því að halda boðorð Drottins. Hún er háð því hvernig þið „[veittuð] vitnisburðinum um Jesú viðtöku“ (K&S 76:51; sjá einnig vers 74, 79, 101).

### Himneska ríkið

Himneska ríkið er æðst af dýrðarríkjum sem þeimur. Þeir sem þar eru dvelja ævarandi í návist Guðs föðurins og sonar hans Jesú Krists. Þetta ætti að vera ykkar markmið: Að erfa himneska dýrð og einnig að hjálpa öðrum að hljóta þá miklu blessun. Slíku markmiði verður ekki náð í einu vettangi; það er ævilangur árangur réttlætis og stöðugrar stefnufestu.

Himneska ríkið er staður búinn þeim sem „veittu vitnisburðinum um Jesú viðtöku“ og hafa verið „fullkomnir gjörðir fyrir Jesú, meðalgöngumann hins nýja sáttmála, sem leiddi til lykta þessa fullkomnu friðþæginu með því að úthella sínu eigin blóði“ (K&S 76:51, 69). Við verðum að taka á móti helgiathöfnum sáluhjálpar til að erfa þessa gjöf, halda boðorðin og iðrast synda okkar. Sjá Kenningu og sáttmála

76:50–70, 92–96 til frekari útskýringar á þeim sem erfa munu himneska dýrð.

Í janúar 1836 hlaut spámaðurinn Joseph Smith opinberun sem jók skilning hans á skilyrðum þess að erfa himneska ríkið. Himnarnir lukust upp fyrir honum og hann sá himneska ríkið. Hann fagnaði þegar hann sá bróður sinn, Alvin, þar, jafnvel þótt Alvin hafi dáið áður en hann tók á móti helgiathöfn skírnar. (Sjá K&S 137:1–6.) Síðan barst rödd Drottins spámanninum Joseph:

„Allir, sem dáið hafa án þekkingar á fagnaðarerindinu, en hefðu meðtekið það, ef þeim hefði leyfst að dvelja lengur, verða erfingjar hins himneska ríkis Guðs—

Einnig allir þeir, sem deyja héðan í frá án þekkingar á því en hefðu meðtekið það af öllu hjarta, verða erfingjar þess ríkis—

„Því að ég, Drottinn, mun dæma alla menn samkvæmt verkum þeirra, samkvæmt því, sem hjörtu þeirra þrá“ (K&S 137:7–9).

Spámaðurinn Joseph sagði um þessa opinberun: „Og ég sá einnig, að öll börn, sem deyja áður en þau ná ábyrgðaraldri, eru hólpin í himneska ríkinu“ (K&S 137:10).

Af annarri opinberun til spámannsins Josephs komumst við að því að innan himneska ríkisins eru þrjár gráður. Við verðum að ganga inn í „hinn nýja og ævarandi hjúskaparsáttmála“ og vera trúföst þeim sáttmála, til að hljóta upphafningu í æðstu gráðuna og halda áfram í fjölskyldusamböndum. Með öðrum orðum er gerð krafa um musterishjónaband til þess að hljóta æðstu gráðuna í himneska ríkinu. (Sjá K&S 131:1–4.) Allir þeir sem eru verðugir þess að ganga inn í hinn nýja og ævarandi hjúskaparsáttmála munu eiga kost á því, hvort heldur í þessu lífi eða því næsta.

### Yfirjarðneska ríkið

Þeir sem erfa yfirjarðneska dýrð munu „meðtaka af návist sonarins, en ekki af fyllingu föðurins. Þess vegna eru

þeir yfirjarðneskir líkamar, en ekki himneskir líkamar, og dýrð þeirra er önnur, á sama hátt og tunglið er frábrugðið sólinni” (K&S 76:77–78). Almennt orðað eru þeir sem eru í yfirjarðneska ríkinu heiðvirðir menn „sem blindaðir voru af slægð mannanna” (K&S 76:75). Þetta eru þeir meðlimir kirkjunnar „sem ekki voru „hugdjarfir í vitnisburðinum um Jesú” (K&S 76:79). Þetta eru einnig þeir sem höfnuðu því tækifæri í jarðlífinu að taka á móti fagnaðarerindinu, en tóku síðar á móti því í andaheiminum (sjá K&S 76:73–74). Sjá Kenningu og sáttmála 76:71–80, 91, 97 til frekari útskýringar á þeim sem erfa munu yfirjarðneska dýrð.

### Jarðneska ríkið

Jarðnesk dýrð fellur þeim í skaut sem „hvorki meðtóku fagnaðarerindi Krists né vitnisburð um Jesú” (K&S 76:82). Þessir munu hljóta dýrð sína eftir að hafa verið endurleystir úr andavarðhaldi, sem stundum er nefnt helja (sjá K&S 76:84, 106). Sjá Kenningu og sáttmála 76:81–90, 98–106, 109–112 til frekari útskýringar á þeim sem erfa munu jarðneska dýrð.

### Glötun

Sumir munu ekki verðugir þess að dvelja í einhverju dýrðarríki. Þeir eru nefndir „synir glötunarinnar” og verða að „dvelja í ríki, sem ekki er dýrðarríki” (K&S 76:32; 88:24). Það verður ástand þeirra „sem þekkja vald [Guðs] og fengið hafa hlutdeild þar í, en hafa látið djöfulinn sigra sig með valdi sínu og afneita sannleikanum og ögra valdi [Guðs]” (K&S 76:31; sjá einnig vers 30, 32–49).

Fleiri tilvísanir: 1 Kor 15:40–42, ásamt neðanmálstexta 40a; K&S 88:20–39; 130:18–19

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Eilíft líf; Himinn; Helja; Sáluhjálparáætlun*

## Dæma aðra

Stundum finnst fólk það vera rangt að dæma aðra á nokkurn hátt. Þótt rétt sé að okkur ber að fordæma ekki aðra eða dæma þá óréttmætt, þurfum við að fella dóma yfir hugmyndum, aðstæðum og fólkí alla okkar ævi. Drottinn hefur sett mörg boðorð sem þið getið ekki haldið án þess að dæma þau fyrst. Hann sagði til að mynda: „Varist falsspámann. . . . Af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá“ (Matt 7:15–16) og „farið frá hinum ranglátu“ (K&S 38:42). Þið þurfið að fella dóma yfir fólkí í mörgum mikilvægum ákvörðunum ykkar, svo sem er þið veljið ykkur vini, kjósið stjórn-málamenn og veljið eilífan lífsförunaut.

Dómgreind er mikilvægur þáttur sjálfræðis ykkar og krefst mikillar varkárn, einkum þegar þið dæmið það sem snertir annað fólk. Allir ykkar dómar verða að taka mið af réttlátum stöðlum. Minnist þess að aðeins Guð, sem þekkir hjarta hvers og eins, getur fellt lokadóma yfir mönnum (sjá Op 20:12; 3 Ne 27:14; K&S 137:9).

Drottinn setti fram aðvörun okkur til leiðsagnar við að dæma aðra: „Því að með þeim dómi, sem þér dæmið, munuð þér dæmdir, og með þeim mæli, sem þér mælið, mun yður aftur mælt verða. Hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu? Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Lát mig draga flísina úr auga þér – og þó er bjálki í auga sjálfs þín? Hræsnari. Drag fyrst bjálkann úr auga þér, og þá sérðu glöggt til að draga flísina úr auga bróður þíns“ (3 Ne 14:2–5).

Í þessum ritningarversum kennir Drottinn, að sú sök sem við sjáum hjá öðrum sé oft eins og lítil flís í auga þeirra í samanburði við okkar eigin sök, sem er eins og stór bjálki í okkar auga. Stundum einblínum við á sök annarra þegar við í þess stað ættum að vinna að því að bæta okkur sjálf.

Réttlátir dómar ykkar varðandi aðra geta veitt þarfa leiðsögn fyrir þá og í sumum tilvikum vernd fyrir ykkur og

fjölskyldu ykkar. Fellið slíka dóma með varúð og hluttekningu. Fellið fremur dóma yfir aðstæðum fólks, eftir því sem ykkur er unnt, en að dæma fólkid sjálft. Forðist að fella dóma þar til þið þekkið staðreyndir nægilega vel, sé það mögulegt. Verið ávallt næm fyrir heilögum anda, sem getur leiðbeint ykkur í ákvörðunum ykkar. Minnist leiðsagnar Alma til sonar hans, Koríanton: „Gjör þér þess vegna far um, sonur minn, að vera miskunnsamur við bræður þína. Ver réttvis, dæm af réttlæti og gjör gott án afláts“ (Alma 41:14).

Fleiri tilvísanir: 1 Sam 16:7; Moró 7:14–19; K&S 11:12

Sjá einnig Kærleikur; Fyrirgefning; Elska; Miskunn

## Eilíft líf

Drottinn sagði: „Þetta er verk mitt og dýrð míni – að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika“ (HDP Móse 1:39). Ódauðleiki er að lifa ævarandi sem upprisin vera. Allir munu hljóta þá gjöf fyrir friðþægingu Jesú Krista. Eilíft líf eða upphafning er að erfa æðsta stað í æðstu dýrðargráðu himneska ríkisins, þar sem við dveljum í návist Guðs og höldum áfram sem fjölskyldur (sjá K&S 131:1–4). Sú gjöf er, líkt og með ódauðleikann, gerð möguleg fyrir friðþægingu Jesú Krista. Hún krefst þó „hlýðni [okkar] við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins“ (Trúarátriðin 1:3).

### Vera á vegi eilífs lífs

Þegar við vorum skírð og hlutum gjöf heilags anda fórum við inn á veg eilífs lífs. Spámaðurinn Nefi sagði:

„Hliðið, sem yður er ætlað að fara inn um, er iðrun og skírn í vatni. Og þá kemur að fyrirgefningu synda yðar með eldi og heilögum anda.

Og þá eruð þér á hinum krappa og þrónga vegi, sem liggur til eilífs lífs. Já, þér eruð komnir inn fyrir hliðið. Þér hafið hlýtt boðorðum föðurins og sonarins, og þér hafið tekið

á móti heilögum anda, sem vitnar um föðurinn og soninn til uppfyllingar fyrirheitinu, sem hann gaf og sagði, að yður mundi veitast, ef þér gengjuð inn á þennan veg” (2 Ne 31:17–18).

Nefí lagði áherslu á, að eftir að við höfum farið inn á þennan „krappa og þrónga veg,” verðum við að standast allt til enda.

„[Er allt] fengið, þegar þér hafið komist inn á þennan krappa og þrónga veg? Sjá, þá svara ég neitandi. Því að svo langt hafið þér aðeins náð fyrir orð Krists og óbifanlega trú á hann og með því að treysta í einu og öllu á verðleika hans, sem máttinn hefur til að frelsa.

Þess vegna verðið þér að sækja fram, staðfastir í Kristi, í fullkomnu vonarljósi og ást til Guðs og allra manna. Ef þér þess vegna sækið fram, endurnærðir af orði Krists og standið stöðugir allt til enda, sjá, þannig fórust föðurnum orð: Þér munuð öðlast eilíft líf” (2 Ne 31:19–20).

Þegar við höfum verið skírð og staðfest, er framþróun okkar að eilífu lífi að stórum hluta háð því að við meðtökum aðrar helgiathafnir sáluhjálpar: Karlar þurfa að vígjast til Melkísedeksprestdæmisins og karlar og konur að hljóta musterisgjöf og innsiglun hjónabands. Þegar við meðtökum þessar helgiathafnir og höldum sáttmálana sem þeim fylgja, búum við okkur undir að erfa æðstu dýrðargráðu himneska ríkisins.

## Innan seilingar

Þegar þið ígrundið framþróun ykkar á hinum „krappa og þrónga vegi,” verið þá fullviss um að eilift líf sé innan seilingar ykkar. Drottinn þráir að við snúum til hans að nýju og krefst einskis af okkur sem við ekki getum gert. Öllum boðorðum hans er ætlað að stuðla að hamingju okkar. Þegar þið iðkið trú og þjónið honum af öllum mætti, veitir hann ykkur styrk og sér ykkur fyrir leið til þess að gera allt það sem hann býður okkur að gera (sjá 1 Ne 3:7). Hafið í huga að þegar þið

gerið ykkar allra besta og iðrist synda ykkar, mun friðþæging Jesú Kristi bæta upp veikleika ykkar, misgjörðir, skaða og sársauka sem þið upplifið í þessu lífi: „Vér vitum, að vér frelsumst fyrir náð, að afloknu öllu, sem vér getum gjört“ (2 Ne 25:23).

Fleiri tilvísanir: Jóh 3:16; 17:3; 2 Ne 9:39; Moró 7:41; K&S 14:7; 50:5

Sjá einnig Friðþæging Jesú Kristi; Náð; Dýrðarríkin

## Eining

Rétt áður en frelsarinn framkvæmdi friðþæginguna, bað hann fyrir lærisveinum sínum, sem hann hafði sent út í heiminn til að kenna fagnaðarerindið. Hann bað einnig fyrir þeim sem mundu trúá á hann sökum orða lærisveina hans. Hann bað fyrir einingu: „Að allir séu þeir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér, svo séu þeir einnig í okkur, til þess að heimurinn trúi, að þú hefur sent mig“ (Jóh 17:21).

Af þessari bæn lærum við hvernig fagnaðarerindið sameinar okkur himneskum föður og Jesú Kristi og hvert öðru. Þegar við lifum eftir fagnaðarerindinu, tökum á móti endurleysandi helgiathöfnum og höldum sáttmála okkar, breytist eðli okkar. Friðþæging frelsarans helgar okkar og við getum lifað í einingu, notið friðar í þessu lífi og búið okkur undir að dvelja ævarandi hjá föðurnum og syni hans.

Drottinn hefur sagt: „ef þér eruð ekki eitt, eruð þér ekki mínr“ (K&S 38:27). Þið getið leitað þessarar einingar og eflt hana í fjölskyldu ykkar og í kirkjunni. Ef þið eruð gift, getið þið og maki ykkar sameinast í tilgangi og verki. Þið getið látið sérstaka eiginleika ykkar fullkomna hvert annað þegar þið takist sameiginlega á við áskoranir og þroskist að kærleika og skilningi. Þið getið einnig eflt einingu við aðra í fjölskyldunni og við meðlimi kirkjunnar með því að þjóna saman, kenna hvert öðru og hvetja hvert annað. Þið getið verið eitt með forseta kirkjunnar og öðrum leiðtogum kirkjunnar þegar þið lærið orð þeirra og fylgið leiðsögn þeirra.

## Elska

Allir Síðari daga heilagir geta orðið eitt þegar vöxtur kirkjunnar eykst um heim allan. Hjörtu okkar geta verið „tengd böndum einingar og elsku hver til annars“ (Mósía 18:21). Við metum menningu allra og fjölbreytileika einstaklinganna, en við leitumst einnig við að vera „einhuga í trúnni“ (sjá Ef 4:3–6, 11–13).

*Sjá einnig Elska; Hjónaband; Hlýðni; Þjónusta; Síon*

## Elska

Elska er tilfinning mikillar hollustu, umhyggju og ástúðar. Elska til Guðs og samferðamanna er einkennandi fyrir lærisveina Jesú Krista (sjá Matt 22:35–40; Jóh 13:34–35; 2 Ne 31:20). Við staðfestum elsku okkar til himnesks föður með því að halda boðorðin og þjóna börnum hans. Kærleikstjáning okkar til annarra getur birst í því að við sýnum þeim góðvild, hlustum á þá, syrgjum með þeim, huggum þá, þjónum þeim, biðjum fyrir þeim, miðlum þeim fagnaðarerindinu og sýnum þeim vináttu.

Elska okkar til þeirra sem umhverfis eru eykst þegar við minnumst þess að við erum börn Guðs – að við erum anda-systkini. Sú elska sem grundvallast á þeirri uppgötvun megnar að yfirstíga öll landamæri, trúarskoðanir og kynþætti.

Fleiri tilvísanir: 3 Mós 19:18, 34; 5 Mós 6:5; Lúk 6:31–36; Jóh 15:9–15; 1 Jóh 4:7–21, ásamt neðanmálstexta 12a; Mósía 4:14–15; K&S 4:5; 12:8; 112:11; 121:41–45

*Sjá einnig Kærleikur; Miskunn; Hlýðni; Þjónustu*

## Endurfæðing (Sjá Skírn; Trúskipti; Sáluhjálp)

### Endurreisn fagnaðarerindisins

Þegar Jesús Kristur var á jörðinni stofnaði hann kirkju sína meðal fylgjenda sinna. Eftir krossfestingu hans og dauða postula hans var fylling fagnaðarerindisins tekin af jörðinni,

því mikið fráhvarf varð (sjá „Fráhvarf,” bls. 43–44). Margir karlar og konur leituðu fyllingar sannleika fagnaðarerindisins á öldum hins mikla fráhvarfs, en fundu hana ekki. Þótt margir hafi prédikað af einlægni um frelsarann og kenningar hans, hafði enginn þeirra fyllingu sannleikans eða prestdæmisvald Guðs.

Hið mikla fráhvarf var tímabil mikils andlegs svartnaðtis, en við erum nú uppi á tíma þar sem við getum „[séð] ljósið frá [fagnaðarerindi] . . . Krists“ (2 Kor 4:4; sjá einnig K&S 45:28). Fagnaðarerindið hefur verið endurreist í fyllingu sinni og hin sanna kirkja Jesú Krists er á jörðinni. Engin önnur stofnun stendur henni að sporði. Hún er ekki siðbaett með góðum körlum og konum sem gera allt í sínu valdi til að koma á breytingum. Hún er endurreisn þeirrar kirkju sem Jesús Kristur stofnaði. Hún er verk himnesks föður og ástkærars sonar hans.

Við getum, sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, hlotið blessanir sem ekki hafa verið fyrir hendi á jörðinni í 2000 ár. Fyrir tilstilli helgiathafna skírnar og staðfestingar getum við hlotið fyrirgefningu synda okkar og notið stöðugs samfélags heilags anda. Þið getið lifað eftir fagnaðarerindinu í fyllingu þess og einfaldleika. Þið getið hlotið skilning á eðli Guðdómsins, friðþægingu Jesú Krists, tilgangi lífsins á jörðinni og raunveruleika lífsins eftir dauðann. Þið njótið þeirra forréttinda að vera leidd af lifandi spámönum, sem kenna vilja Guðs á okkar tíma. Helgiathafnir musterisins gera ykkur kleift að hljóta leiðsögn og frið, búa ykkur undir eilíft líf, innsiglun fjölskyldu ykkar um eilífð og sjá til þess að látnir áar ykkar hljóti endurleysandi helgiathafnir.

### Atburðir endurreisnarinnar

Eftirfarandi útdráttur greinir frá nokkrum hinna mikilvægu atburða endurreisnar fagnaðarerindisins og stofnunar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, sem Drottinn

## *Endurreisin fagnaðarerindisins*

hefur sagt vera „hina einu sönnu og lifandi kirkju á gjörvallri jörðunni“ (K&S 1:30).

*Snemma vors 1820.* Hinn 14 ára gamli Joseph Smith leitaði hinnar sönnu kirkju Jesú Kristi og fór til þess út í skógarlund nærri heimili sínu í Palmyra, New York. Himneskur faðir og Jesús Kristur vitjuðu hans, sem svar við bæn hans, og sögðu honum að ganga ekki í neina af þeim kirkjum sem uppi voru á jörðinni á þeim tíma. (Sjá Joseph Smith–Saga 1:11–19.) Í kirkjunni vísum við til þessarar reynslu sem Fyrstu sýnar Josephs Smith.

*21.–22. september 1823.* Engill að nafni Moróní vitjaði Josephs Smith. Moróní spáði um komandi atburði og greindi Joseph frá heimildum Mormónsbókar, sem ritaðar voru á gulltöflur. Engillinn leyfði Joseph að sjá gulltöflurnar, sem grafnar voru í nærliggjandi hæð, Kúmóra. (Sjá Joseph Smith–Saga 1:27–53.)

*22. september 1827.* Joseph Smith fékk gulltöflurnar frá Moróní á Kúmórahæð eftir að hafa hitt Moróní 22. september undangengin fjögur ár. (Joseph Smith–Saga 1:53, 59).

*15. maí 1829.* Eftir að Joseph Smith og ritari hans, Oliver Cowdery, höfðu lesið um skírn til fyrirgefningar synda, er þeir unnu að þýðingu af gulltöflunum, fóru þeir á afskekkt svæði til að spryrra Drottin um þetta mál. Þar, á bökkum Susquehanna–árinnar, nærri Harmony, Pennsylvaniú, hlutu þeir svar við bæn sinni. Jóhannes skírari, sem upprisin vera, vitjaði þeirra sem „sendiboði frá himni . . . í ljósskýi.“ Hann veitti þeim Aronsprestdæmið. Joseph og Oliver skírðu síðan hvor annan, og hlíttu þannig fyrirmælum hans, og vígðu hvor annan til Aronsprestdæmisins. (Sjá Joseph Smith–Saga 1:68–72; sjá einnig K&S 13.)

*Máí 1829.* Hinir fornu postular Pétur, Jakob og Jóhannes veittu Joseph Smith og Oliver Cowdery Melkísedekspræstdæmið. (Sjá K&S 128:20.)

*Júní 1829.* Spámaðurinn Joseph Smith lauk við þýðingu Mormónsbókar „með gjöf og krafti Guðs“ (K&S 135:3).

*26. maí 1830.* Fyrsta prentaða Mormónsbókin var fáanleg í Palmyra, New York-fylki.

*6. apríl 1830.* Kirkjan var stofnuð í Fayette Township, New York, með sex meðlimum.

*27. mars 1836.* Kirtland–musterið, hið fyrsta sem byggt var á þessum ráðstöfunartíma, var vígt. Spámaðurinn Joseph Smith flutti vígslubænina, sem honum hafði veist með opinberun. (Sjá K&S 109.)

*3. apríl 1836.* Frelsarinn birtist Joseph Smith og Oliver Cowdery í Kirtland–musterinu. Móse, Elías og Elíá birstust þar einnig og veittu Joseph og Oliver prestdæmislykla. Elíá kom með lykla innsiglunvaldsins, sem gerðu mögulegt að innsigla fjölskyldur að eilífu. (Sjá K&S 110.)

## Örlög kirkjunnar

Daniel, spámaður Gamla testamentisins, spáði því að Guð mundi „hefja ríki“ sem „aldrei [skyldi] á grunn ganga,“ heldur „standa að eilífu“ (Daniel 2:44). Þegar hann spáði þessu, greindi hann frá Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, sem er ríki Guðs á jörðinni nú. Frá stofndegi kirkjunnar með sex meðlimum hefur hún vaxið og blómgast og mun halda áfram að vaxa þar til hún hefur „[tekið] yfir alla jörðina“ (Daniel 2:35; sjá einnig K&S 65:2). Hundruð þúsundir manna láta skírast á ári hverju. Mormónsbók er þýdd á mörg tungumál. Musteri eru reist um heim allan. Lifandi

## *Erfðasynd*

spámenn munu leiða vöxt kirkjunnar, með Jesú Krist sem höfuð hennar, þar til jörðin verður búin undir síðari komu frelsarans.

Spámaðurinn Joseph Smith ræddi um blesanir endur-reisnarinnar: „Hvað heyrum við nú í því fagnaðarerindi, sem við höfum meðtekið? Gleðiraust! Náðarraust frá himni, og sannleiksraust úr jörðu, gleðitíðindi fyrir hina dánu, gleði-raust fyrir hina lifandi og hina dánu, gleðitíðindi um mikinn fögnum“ (K&S 128:19).

Fleiri tilvísanir: Jes 2:1–3; 29:13–14; Post 3:19–21; Op 14:6–7; 2 Ne 3:3–15; K&S 128:19–21; 133:36–39, 57–58; Joseph Smith–Saga

*Sjá einnig Fráhvarf; Joseph Smith; Opinberun; Síðari koma Jesú Krists*

## **Erfðasynd**

Allir menn eru í föllnu ástandi vegna falls Adams og Evu, aðskildir Guði og háðir líkamsdauða. Við erum þó ekki for-dæmd af því sem við nefnum „erfðasynd.“ Með öðrum orðum erum við ekki ábyrg fyrir broti Adams í aldingarðinum Eden. Spámaðurinn Joseph Smith sagði: „Vér trúum, að mönnum verði refsað fyrir eigin syndir, en ekki fyrir brot Adams“ (Trúaratriðin 1:2).

Með friðþægingu sinni greiddi frelsarinn gjaldið fyrir brotið í aldingarðinum Eden (sjá HDP Móse 6:53). Hann hefur veitt okkur fullvissu um upprisu og loforð um að við getum snuіð að nýju til ævarandi dvalar hjá himneskum föður, ef við erum trúfost.

*Sjá einnig Fallið*

## **Fagnaðarerindið**

Fagnaðarerindið er hamingjuáætlun himnesks föður. Þungamiðja kenningar fagnaðarerindisins er friðþæging Jesú Krists.

Spámaðurinn Joseph Smith sagði: „Frumreglur og helgiathafnir fagnaðarerindisins [eru]: Í fyrsta lagi trú á Drottin Jesú Krist; í öðru lagi iðrun; í þriðja lagi skírn með niðurdýfingu til fyrirgefningar synda; í fjórða lagi handayfirlagning til veitingar á gjöf heilags anda“ (Trúarátriðin 1:4). Fagnaðarerindið í fyllingu sinni felur í sér allar kenningar, reglur, lög, helgiathafnir og sáttmála sem okkur eru nauðsynleg til upphafningar í himneska ríkinu. Frelsarinn hefur lofað okkur, að ef við stöndumst allt til enda og erum trúföst fagnaðarerindinu, muni hann sýkna okkur frammi fyrir föðurnum í lokadóminum (sjá 3 Ne 27:16).

Fagnaðarerindið í fyllingu sinni hefur verið prédikað á öllum öldum þegar börn Guðs hafa verið undir það búin að taka á móti því. Á síðari tímum, eða í ráðstöfun fyllingar tímanns, hefur fagnaðarerindið verið endurreist með spámanninum Joseph Smith.

Fleiri tilvísanir: Róm 1:16–17; 3 Ne 27:13–22; K&S 11:24; 39:5–6

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Kristi; Skírn; Trú; Heilagur andi; Jesús Kristur; Sáluhjálparáætlun; Iðrun; Endurreisn fagnaðarerindisins*

## Fallið

Í Aldingarðinum Eden bauð Guð: „Af öllum trjám í aldingarðinum er þér frjálst að eta— En af skilningstré góðs og illskalt þú ekki eta. Þó mátt þú sjálfur velja, því að það er þér gefið, en haf hugfast, að ég fyrirbýð það, því að á þeim degi, sem þú etur af því, munt þú örugglega deyja“ (HDP Móse 3:16–17). Adam og Eva brutu gegn þessu boðorði og átu af ávexti skilningstré góðs og illskalt, og því var þeim vísað úr návist Drottins (sjá K&S 29:40–41). Þau upplifðu með öðrum orðum andlegan dauða. Þau urðu einnig dauðleg – háð líkamsdauða. Andlegur og líkamlegur dauði nefnast fallið.

## Fallið ástand okkar

Sem niðjar Adams og Evu erfum við fallið ástand í jarðlífinu (sjá Alma 42:5–9, 14). Við erum aðskilin frá návist Drottins og háð líkamsdauða. Við þurfum einnig að glíma við mótlæti, þar sem á okkur er reynt í erfiðleikum og freistingum andstæðingsins (sjá 2 Ne 2:11–14; K&S 29:39; HDP Móse 6:48–49).

Við þurfum að há innri baráttu í þessu fallna ástandi. Við erum andbörn Guðs, gædd þeim kosti að geta orðið „hluttakendur í guðlegu eðli“ (2 Pét 1:4). Við erum þó „[óverðug] frammi fyrir [Guði], því að vegna fallsins er eðli okkar stöðugt illt“ (Eter 3:2). Við þurfum að keppa stöðugt að því að sigrast á óréttlátum ástríðum og þrám.

Benjamín konungur endurtók orð engils og sagði: „Hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs og hefur verið það frá falli Adams og mun verða það alltaf og að eilífu, nema hann láti undan umtölum hins heilaga anda, losi sig úr viðjum hins náttúrlega manns og verði heilagur fyrir friðþægingu Krists, sjálfs Drottins, og verði sem barn, undirgefinn, hógvær, auðmjúkur, þolinmóður, elskuríkur og reiðubúinn að axla allt, sem Drottni þóknast á hann að leggja, á sama hátt og barn, sem beygir sig fyrir föður sínum“ (HDP Móse 3:19).

## Ávinningur fallsins

Fallið er ómissandi þáttur í sáluhjálparáætlun himnesks föður (sjá 2 Ne 2:15–16; 9:6). Það hefur tvennskonar stefnu – niður í móti, en einnig fram á við. Auk þess að fela í sér líkamlegan og andlegan dauða, veitir það mönnum tækifæri til fæðingar á jörðinni og lærðóms og framþróunar. Við getum komið til Krists fyrir friðþægingu hans með réttlátri iðkun okkar á sjálfræðinu og einlægri iðrun þegar við syndgum, og búið okkur þannig undir að hljóta eilíft líf. Spámaðurinn Lehí sagði:

„Hefði nú Adam ekki brotið af sér, hefði hann ekki fallið, heldur dvalið um kyrrt í aldingarðinum Eden. Og allt, sem skapað var, hefði orðið að haldast í óbreyttri mynd, frá því sem varð eftir sköpunina, og hefði haldist þannig að eilífu án nokkurs endis.

Og [Adam og Evu] hefði ekki orðið barna auðið og hefðu þannig haldið áfram í sakleysi án nokkurrar gleði, þar eð þau þekktu enga vansæld. Og þau hefðu ekkert gott gjört, þar eð þau þekktu enga synd.

En sjá. Allt hefur verið gjört af visku þess, sem allt veit.

Adam féll, svo að menn mættu lifa. Og menn lifa, svo að þeir megi gleði njóta.

Og Messías kemur í fyllingu tímans til að endurleysa mannanna börn frá fallinu” (2 Ne 2:22–26; sjá einnig vers 19–21, 27).

Adam og Eva færðu þakkir fyrir þær blessanir sem af fallinu leiddu.

„Adam [vegsamaði] Guð og fylltist og hóf að spá varðandi allar fjölskyldur jarðarinnar og sagði: Blessað sé nafn Guðs, því að vegna brots míns hafa augu mín lokist upp, og í þessu lífi mun ég gleði njóta, og í holdinu mun ég aftur sjá Guð.

Og Eva, eiginkona hans, heyrði allt þetta og gladdist og sagði: Ef ekki væri fyrir brot okkar, hefðum við aldrei eignast afkvæmi og aldrei þekkt gott frá illu, né gleði endurlausnar okkar og eilíft líf, sem Guð gefur öllum þeim, sem hlýðnast” (HDP Móse 5:10–11).

### Endurlausn frá fallinu

Okkar eina von felst í Jesú Kristi og endurlausnar-áætluninni, vegna okkar fallna ástands, dauðlega eðlis og persónulegra synda.

Jesús Kristur endurleysir alla menn frá áhrifum fallsins með friðþægingu sinni. Við verðum reist upp og færð að nýju í návist Drottins til dóms (sjá 2 Ne 2:5–10; Alma 11:42–45; He 14:15–17).

## *Fasta og föstufórnir*

Auk þess að endurleysa okkur frá altækum áhrifum fallsins, megnar frelsarinn að endurleysa okkur frá okkar eigin syndum. Í okkar fallna ástandi fjarlægjum við okkur frá Drottni og köllum yfir okkur andlegan dauða. Líkt og Páll postuli sagði: „Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð“ (Róm 3:23). Ef við höldum áfram í syndum okkar, getum við ekki dvalið í návist Guðs, því „ekkert óhreint fær dvalið . . . í návist hans“ (HDP Móse 6:57). Til allrar hamingju gerir friðþægingin „skilmála iðrunarinnar að veruleika“ (He 14:18) og gerir okkur kleift að hljóta fyrirgefningu synda okkar og dvelja ævarandi í návist Guðs. Alma kenndi: „Manninum [var] veitt svigrúm til að iðrast. Þess vegna varð þetta líf reynslutími, tími til að búa sig undir að mæta Guði, tími til að búa sig undir það óandanlega ástand, sem vér höfum talað um og fylgir í kjölfar upprisu hinna dauðu“ (Alma 12:24).

### Þakklæti fyrir friðþægingu frelsarans

Á sama hátt og okkur langar í raun ekki í mat fyrr en við verðum svöng, munum við ekki þrá fyllilega eilífa sáluhjálp fyrr en við skynjum þörf okkar fyrir frelsarann. Þann skilning hljótum við þegar við áttum okkur betur á því hvað felst í fallinu. Líkt og spámaðurinn Lehí kenndi: „Allt mannkyn [er] glatað og fallið og mundi ætíð verða það, nema það setti traust sitt á þennan lausnara“ (1 Ne 10:6).

Fleiri tilvísanir: 1 Mós 3; Morm 9:12–14; HDP Móse 4

*Sjá einnig Sjálfraði; Friðþæging Jesú Krists; Upprunaleg synd; Sáluhjálparáætlunin; Synd*

## **Fasta og föstufórnir**

Að fasta er að neita sér sjálfviljugur um mat og drykk í ákveðinn tíma. Fasta ásamt einlægri bæn megnar að búa ykkur sjálf og aðra undir að hljóta blesstanir Guðs.

## Tilgangur föstu

Eitt sinn rak frelsarinn illan anda út af barni nokkru og nýtti sér þá reynslu til að kenna lærisveinum sínum um mátt bænar og föstu. Lærisveinar hans spurðu hann: „Hvers vegna gátum vér ekki rekið hann út?” Jesús svaraði: „Vegna þess að yður skortir trú. Sannlega segi ég yður: Ef þér hafið trú eins og mustarðskorn, getið þér sagt við fjall þetta: Flyt þig héðan og þangað, og það mun flytja sig. Ekkert verður yður um megn. En þetta kyn verður eigi út rekið nema með bæn og föstu. (Sjá Matt 17:14–21.)

Frásögn þessi kennir að bæn og fasta geta veitt þeim aukinn styrk sem veita og hljóta prestdæmisblessanir. Frásögn þessa er einnig hægt að heimfæra upp á ykkar eigin viðleitni við að lifa eftir fagnaðarerindinu. Ef þið eigið erfitt með að sigrast á veikleika eða synd, getið þið fastað og beðist fyrir til þess að hljóta þráða hjálpað eða fyrirgefningu. Líkt og með illa andann sem Kristur rak út, geta erfiðleikar ykkar verið þess eðlis að þið losnið aðeins við þá með bæn og föstu.

Þið getið fastað í ýmsum tilgangi. Fasta er ein leið til að tilbiðja Guð og færa honum þakkir (sjá Lúk 2:37; Alma 45:1). Þið getið fastað þegar þið biðjið himneskan föður að blesa sjúka og aðþrengda (sjá Matt 17:14–21). Fasta getur hjálpað ykkur og þeim sem þið elskið að hljóta persónulega opinberun og snúast til trúar (sjá Alma 5:46; 6:6). Þið getið hlotið styrk til að standast freustingar með því að fasta (sjá Jes 58:6). Þið getið fastað þegar þið keppið að því að auðmýkja ykkur frammi fyrir Guði og iðka trú á Jesú Krist (sjá Omní 1:26; He 3:35). Þið getið fastað til að hljóta leiðsögn við að miðla fagnaðarerindinu og efla kirkjukallanir (sjá Post 13:2–3; Alma 17:3, 9; 3 Ne 27:1–2). Föstu getur fylgt réttlát sorg eða harmur (sjá Alma 28:4–6; 30:1–2).

## Föstusunnudagur

Kirkjan tilnefnir einn sunnudag í mánuði hverjum, yfirleitt fyrsta sunnudag mánaðar, sem dag til föstu. Rétt framvinda föstusunnudags er að vera án matar og drykkjar yfir tvær aðalmáltíðir, sækja föstu- og vitnisburðarsamkomu og gefa föstufórn til hjálpars hinum þurfandi.

Föstufórn ykkar ætti í það minnsta að vera andvirði þeirra tveggja máltíða sem þið neitið ykkur um. Verið örlát, ef hægt er, og gefið mun meira en sem nemur þeirri upphæð.

Auk þess að fasta á þeim dögum sem kirkjuleiðtoga hafa tilnefnt, getið þið fastað á hvaða öðrum degi sem er, samkvæmt þörfum ykkar og annarra. Þið ættuð þó ekki að fasta of oft eða í of langan tíma í einu.

## Rétt fasta

Jesús kenndi rétta föstu í Fjallræðunni. Hann mælti gegn hræsnurum sem „afmynda andlit sín, svo að engum dyljist, að þeir fasta.“ Í stað þess að sýna ytri umgjörð réttlætis, ættuð þið að helga föstu ykkar „[föður ykkar], sem er í leynum. Og faðir [ykkar], sem sér í leynum, mun umbuna [ykkur]“ (Matt 6:16–18).

Spámaðurinn Jesaja greindi einnig frá anda réttrar föstu: „Sú fasta, sem mér líkar, er að leysa fjötra rangsleitninnar, láta rakna bönd oksins, gefa frjálsa hina hrjáðu og sundurbrjóta sérhvert ok.“ Það er, að þú miðlir hinum hungruðu af brauði þínu, hýsir bágstadda, hælislausa menn, og ef þú sér klæðlausen mann, að þú þá klæðir hann og firrist eigi þann, sem er hold þitt og blóð.“ (Jes 58:6–7).

Jesaja bar vitni um þær blessanir sem koma þegar við hlítum lögmáli föstu: „Pá skal ljós þitt bruna fram sem morgunroði og sár þitt gróa bráðlega, þá mun réttlæti þitt fara fyrir þér, dýrð Drottins fylgja á eftir þér. Þá munt þú kalla á Drottin, og hann mun svara, þú munt hrópa á hjálp og hann segja: Hér

er ég! Ef þú . . . réttir hinum hungraða brauð þitt og seður þann, sem bágðt á, þá mun ljós þitt renna upp í myrkrinu og niðdimman í kringum þig verða sem hábjartur dagur. Þá mun Drottinn stöðugt leiða þig og seðja þig, þótt þú sért staddir á vatnslausum stöðum, og styrkja bein þín, og þá munt þú verða sem vökvæður aldingarður og sem uppsprettulind, er aldrei þrýtur” (Jes 58:8–11).

Fleiri tilvísanir: 3 Ne 13:16–18; K&S 59:12–14; 88:76, 119

*Sjá einnig Bæn*

## Fjárhættuspil

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er andstæð fjárhættuspili, þar á meðal ríkisstuddum happdrættum.

Fjárhættuspil sprettur af rótum þeirrar löngunar að fá eitthvað fyrir ekkert. Sú löngun er andlega eyðileggjandi. Það leiðir þáttakendur frá kenningum frelsarans um elsku og þjónustu og að eicingirni andstæðingsins. Það grefur undan dyggð, vinnusemi, sparsemi og löngun til heiðarlegs framtaks í öllu sem við gerum.

Þeir sem taka þátt í fjárhættuspili átta sig fliðt á þeirri blekkingu að hægt sé að gefa lítið eða ekkert og hljóta mikið í staðinn. Þeir komast að því að þeir tapa stórum upphæðum, eigin virðingu og virðingu fjölskyldu sinnar og vina. Í blekkingu og ánetjun stunda þeir oft fjárhættuspil með sjóði sem þeim ber að nota í öðrum tilgangi, svo sem að uppfylla grunnþarfir fjölskyldu sinnar. Fjárhættuspilarar verða stundum svo undirokaðir og örvaentingarfullir vegna fjárhættuskulda sinna, að þeir taka upp á því að stela og glata þannig góðu orðspori sínu.

Æðsta forsætisráðið hefur hvatt okkur til að taka höndum saman við aðra gegn hverskyns löglegum ríkisstuddum fjárhættuspilum í samfélagi okkar.

*Sjá einnig Freistaing*

## Fjölskylda

Hinn 23. september 1995 las Gordon B. Hinckley, fimm-tándi forseti kirkjunnar, eftirfarandi yfirlýsingu á aðalfundi Líknarfélagsins. Þessi innoblásna yfirlýsing sem nefnist: „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,” er skilgreining kirkjunnar á fjölskyldunni:

„Við, Æðsta forsætisráðið og ráð postulanna tólf í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, lýsum því hátiðlega yfir að hjónaband milli karls og konu er vígt af Guði og að allar fjölskyldur eru kjarninn í áætlun skaparans um eilíf örlög barna hans.

„Allar mannlegar verur – karlar og konur – eru skapaðar í mynd Guðs. Hver og einn er ástkær andasonur eða dóttir himneskra foreldra og, sem slík, á sérhver guðlegt eðli og örlög. Kynferði er nauðsynlegur eiginleiki einstaklingsins, sem einkennir hann og samræmist tilgangi hans í fortilveru, jarðneskri tilveru og um eilífð.

Í fortilverunni þekktu og tilbáðu andasynir og dætur Guðs hann sem eilífan föður og samþykktu áætlun hans, en samkvæmt henni gátu börn hans hlotið efnislíkama og öðlast jarðneska reynslu til að feta í átt að fullkomnum og að lokum gera að veruleika guðleg örlög sín sem erfingjar eilífs lífs. Hin guðlega sæluáætlun gerir fjölskylduböndin varanleg handan grafar. Helgiathfnir og sáttmálar í heilögum must-erum gera mönnum mögulegt að komast aftur í návist Guðs og fjölskyldum að sameinast að eilífu.

Fyrsta boðorðið sem Guð gaf Adam og Evu varðaði mögulegt foreldrahrlutverk þeirra sem eiginmanns og eiginkonu. Við lýsum því yfir að boðorð Guðs til barna hans um að margfaldast og uppfylla jörðina er enn í gildi. Við lýsum því jafnframt yfir að Guð hefur boðið að hinn helgi sköpunarkraftur skuli aðeins notaður milli karls og konu í löglega vígðu hjónabandi.

Sá háttur sem hafður er á við sköpun dauðlegra manna er guðlega tilnefndur. Við staðfestum helgi lífsins og mikilvægi þess í eilífri áætlun Guðs.

Eiginmaður og eiginkona bera þá helgu ábyrgð að elska og annast hvort annað og börn sín. „Synir eru gjöf frá Drottni, ávoxtur móðurkviðarins er umbun“ (Sálm 127:3). Foreldrar bera þá helgu skyldu að ala börn sín upp í kærleika og réttlæti, að sjá fyrir líkamlegum og andlegum þörfum þeirra, að kenna þeim að elska hvert annað og þjóna hvert öðru, að virða boðorð Guðs og vera löghlýðnir þegnar, hvar sem þau búa. Eiginmenn og eiginkonur – mæður og feður – verða ábyrg frammi fyrir Guði, ef þau bregðast þessum skyldum.

Fjölskyldan er vígð af Guði. Hjónaband milli karls og konu er nauðsynlegt eilífri áætlun hans. Börn eiga rétt á því að fæðast innan hjónabandsins, vera alin upp af föður og móður sem heiðra hjónabandseiða sína af fullkominni tryggð. Hamingju í fjölskyldulífi hljótum við fyrst og fremst þegar við byggjum á kenningum Drottins Jesú Krists. Farsælt hjónaband og fjölskyldulíf byggist og varðveisitist á reglum trúar, bænar, iðrunar, fyrirgefningar, virðingar, kærleika, umhyggju, vinnu og heilbrigðrar dægrastyttingar. Samkvæmt guðlegri áætlun eiga feður að sitja í forsæti fjölskyldu sinnar í kærleika og réttlæti og bera þá ábyrgð að sjá henni fyrir nauðsynjum lífsins og vernda hana. Meginábyrgð mæðra er að annast börnin. Við þessa helgu ábyrgð ber feðrum og mæðrum skylda til að hjálpa hvort öðru sem jafningjar. Sjúkdómar, andlát eða aðrar aðstæður geta gert persónulega aðlögun nauðsynlega. Ættingjar ættu að veita stuðning þegar með þarf.

Við vörum við því að þeir sem rjúfa sáttmála skírlífis, sem misþyrma maka eða barni, eða sinna ekki ábyrgð sinni gagnvart fjölskyldunni, munu síðar meir verða að standa ábyrgir gerða sinna frammi fyrir Guði. Enn fremur viljum við vara við því að sundrung fjölskyldunnar mun leiða yfir einstaklinga, samfélög og þjóðir þær hörmungar sem spámenn fyrr og nú hafa sagt fyrir um.

## Fjölskyldubæn

Við biðjum alla ábyrga þegna og opinbera embættismenn alls staðar að varðveita og styrkja fjölskylduna sem grundvallareiningu þjóðfélagsins” (*Ensign*, nóv. 1995, 102).

Sjá einnig Fjölskyldukvöld; Hjónaband; Musteri

## Fjölskyldubæn (Sjá Bæn)

### Fjölskyldukvöld

Heimilið er mikilvægasti staðurinn til náms á fagnaðarerindinu. Engin önnur stofnun megnar að koma í stað fjölskyldunnar. Síðari daga spámenn hafa stöðugt hvatt foreldra til að ala börn sín upp í ástúð og kenna þeim fagnaðarerindið.

Árið 1915 hófu Joseph F. Smith forseti og ráðgjafar hans í Æðsta forsætisráðinu átak í allri kirkjunni til að efla fjölskylduna. Þeir buðu foreldrum í kirkjunni að koma saman með börnum sínum einu sinni í viku hverri til „fjölskyldukvölds.“ Fjölskyldur áttu að gefa sér tíma til bænargjörðar og söngs, lesa saman í ritningunum, kenna hvert öðru fagnaðarerindið og gera annað það sem stuðlaði að einingu fjölskyldunnar.

Árið 1970 tilnefndu Joseph Fielding Smith og ráðgjafar hans í Æðsta forsætisráðinu mánudagskvöld til fjölskyldukvölds. Allt frá þeirri ákvörðun hefur kirkjan ekki haft neina starfssemi á mánudagskvöldum, svo fjölskyldur geti komið saman á þeim tíma.

Síðari daga spámenn hvetja enn kirkjuþegna til að láta fjölskyldukvöld hafa algjoran forgang. Þeir hafa lofað að hollusta okkar við þetta fyrirkomulag muni vernda fjölskyldur okkar gegn hinu illa á okkar tínum og færa okkur ómælda gleði nú og um eilífðir.

Allir meðlimir kirkjunnar ættu að líta á mánudagskvöld sem helga stund ætluð til fjölskyldukvölda. Ef þið eruð gift, hafið þá fjölskyldukvöld vikulega með maka ykkar. Þegar þið eignist börn, hafið þau þá með á fjölskyldukvöldi. Lagið

dagskrána að þörfum þeirra og áhugamálum og látið þau taka þátt. Eftir að börn ykkar fullorðnast og flytja burtu, haldið þá áfram að hafa fjölskyldukvöld með maka ykkar.

Ef þið eruð einhleyp, ígrundið þá að biðja biskup ykkar eða greinarforseta að skipuleggja fjölskyldukvöldahóp fyrir ykkur og aðra einhleypa meðlimi í deild ykkar eða grein. Hann getur kallað fjölskyldukvöldaleiðtoga, sem ber ábyrgð á að skipuleggja dagskrána og sjá til þess að fjölskyldukvöld séu höfð reglubundið.

Hér eru ábendingar um dagskrá að fjölskyldukvöldi:

- Inngangssálmur
- Inngangsbæn
- Ritningarlestur
- Lexía
- Verkefni
- Lokasálmur
- Lokabæn
- Veitingar

Þegar þið undirbúið lexíu fyrir fjölskyldukvöld, byggið hana þá á ritningunum, kenningum síðari daga spámannna og persónulegri reynslu og vitnisburði. Þessi bók getur komið ykkur að gagni við að velja efni sem kenna á. Auk þess getið þið notað annað kirkjuefni, svo sem *Family Home Evening Resource Book* (birgðanúmer 31106), *Grundvallarreglur fagnaðararindisins* (31110), *Fjölskyldan: Leiðarvísir* (31180) og kirkju-tímaritin.

*Sjá einnig Fjölskyldan*

**Formæling** (*Sjá Guðlast*)

**Fortilveran** (*Sjá Sáluhjálparáætlunin*)

## **Forvígsla**

Í andaheimi fortilverunnar útnefndi Guð ákveðna anda sem uppfylla áttu ákveðin hlutverk í jarðlifi sínu. Það nefnist forvígsla.

Forvígsla tryggir ekki að einstaklingar hljóti ákveðnar kallanir eða ábyrgð. Slík tækifæri bjóðast í þessu lífi sem aflleiðing af réttlátri iökun sjálfræðis, á sama hátt og forvígsla var afleiðing af réttlæti í fortilverunni.

Jesús Kristur var forvígður til að framkvæma friðþægin-guna, að verða „frá grundvöllun veraldar . . . [lambið], sem slátrað var“ (Op 13:8; sjá einnig 1 Pét 1:19–21). Ritningarnar greina frá fleirum sem forvígðir voru. Spámaðurinn Abraham lærði um þá forvígslu, þegar honum birtist sýn þar sem hann sá „[marga] hinna göfugu og miklu“ meðal andanna í anda-heimi fortilverunnar. Hann sagði: „Og Guð sá, að þessar sálin voru góðar, og hann stóð mitt á meðal þeirra og sagði: Þessar vil ég gjöra að stjórnendum mínum, því að hann stóð á meðal þeirra, sem voru andar, og hann sá að þeir voru góðir. Og hann sagði við mig: Abraham, þú ert einn þeirra. Þú varst útvalinn áður en þú fæddist“ (Abr 3:22). Drottinn sagði við Jeremía: „Áður en ég myndaði þig í móðurlífi, útvaldi ég þig, og áður en þú komst af móðurkviði, helgaði ég þig. Ég hefi ákvarðað þig til að vera spámann þjóðanna!“ (Jer 1:5). Jóhannes skírari var forvígður til að búa fólk undir jarðneska þjónustu frelsarans (sjá Jes 40:3; Lúk 1:13–17; 1 Ne 10:7–10).

Kenningin um forvígslu á við um alla meðlimi kirkjunnar, ekki aðeins frelsarann og spámenn hans. Trúföstum konum var fyrir sköpun þessarar jarðar falin ákveðin ábyrgð og trúfastir karlar voru vígðir ákveðnum prestdæmis-skyldum. Þótt þið munið ekki eftir þessum tíma, samþykktuð þið vissulega að taka að ykkur ákveðin verkefni í þjónustu föður ykkar. Þegar þið sannreynið ykkur verðug, verður ykkur veitt tækifæri til að uppfylla verkefnin sem þið hlutuð þá.

Fleiri tilvísanir: Alma 13:1–9; K&S 138:53–56

*Sjá einnig Sjálfræði; Sáluhjálparáætlunin*

## Fórn

Að fórna er að gefa eitthvað frá sér sem við metum mikils fyrir eitthvað sem er meira virði. Við sem Síðari daga heilagir eignum kost á að fórna veraldlegum hlutum fyrir Drottin og ríki hans. Meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu ættu að vera fúsir til að færa hverja þá fórn sem Drottinn krefst af þeim. Ef okkur er ekki boðið að færa fórnir, getum við aldrei þróað þá trú sem nauðsynleg er til eilífrar sáluhjálpar.

Friðþæging Jesú Krists er hin mikla og eilífa fórn sem er þungamiðja fagnaðarerindisins (sjá Alma 34:8–16). Áður en frelsarinn framkvæmdi friðþægingu sína, fórnarði sáttmáslsþýður hans dýrum til tákns um fórn hans. Sú iðja gerði þeim kleift að líta fram til friðþægingarinnar (sjá HDP Móse 5:4–8). Dýrafórnum lauk með dauða Jesú Krists. Við meðtökum sakramentið í kirkjunni nú til að minnast friðþægingarfórnar frelsarans.

Auk þess að minnast friðþægingarfórnar Jesú Krists, ber okkur að færa okkar eigin fórn: Sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda. Frelsarinn sagði: „Ekki skuluð þér fórn mér blóðfórnum framar. Já, fórnir yðar og brennifórnir skulu undir lok líða. . . En þér skuluð bjóða mér sem fórn sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda. Og hvern þann, sem kemur til míni með sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, mun ég skíra með eldi og heilögum anda“ (3 Ne 9:19–20).

Að hafa sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda er að vera auðmjúkur og beygja sig undir vilja Guðs og leiðsögn þeirra sem hann hefur kallað til að leiða kirkju sína. Það merkir einnig að finna til djúprar sorgar yfir syndinni og þrá að iðrast. Spámaðurinn Lehí lagði áherslu á mikilvægi þess að færa slíka fórn: „Sjá, hann færði sjálfan sig fram sem fórn fyrir syndina til að uppfylla tilgang lögmaðsins fyrir alla þá,

## Fóstureyðingar

sem hafa sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda. Og uppfylling lögmálsins kemur engum öðrum að gagni” (2 Ne 2:7). Ef við færum ekki fórn sundurkramins hjarta og sáriðrandi anda, getum við ekki fyllilega tekið á móti þeim blessunum sem fylgja friðþægingunni.

Ef við erum fús til að fórnna eins og Drottinn hefur boðið, mun hann veita okkur viðtöku. Hann kenndi: „Öllum þeim, sem vita hjörtu sín einlæg og sundurkramin og anda sinn sár-iðrandi og virða fúslega sáttmála sína með fórn – já, sérhverri fórn, sem ég, Drottinn, gef boð um – þeim veiti ég viðtöku” (K&S 97:8). Við getum komist að því, með eilífri yfirsýn, að það er í raun engin fórn að láta á móti okkur það sem heims-ins er. Þær blessanir sem við hljótum eru miklu meiri en nokkuð það sem við látum á móti okkur.

Fleiri tilvísanir: Matt 19:16–22; K&S 59:8

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Elska; Hlýðni; Iðrun; Sakramenti; Þjónusta*

## Fóstureyðingar

Í samfélögum nútímans eru fóstureyðingar orðnar almennar og réttlættar með villandi rökum. Ef þið eruð í vafa um málefni þetta, getið þið örugglega reitt ykkur á hinn opinberaða vilja Drottins. Síðari daga spámenn hafa fordæmt fóstureyðingar og bent á þessa yfirlýsingu Drottins: Þú skalt ekki . . . morð fremja, né nokkuð því líkt” (K&S 59:6). Orð þeirra um málefni þetta eru skýr: Þegnar Kirkju Jesú Kristi hinna Síðari daga heilögu mega ekki gangast undir fóstureyðingar, framkvæma þær eða greiða fyrir þær eða stuðla að þeim. Ef þeir hvetja á einhvern hátt til fóstureyðingar, kunna þeir að vera kallaðir til ögunar í kirkjunni.

Kirkjuleiðtogar hafa sagt, að í einhverjum undantekningartilvikum sé hægt að réttlæta fóstureyðingar, til að mynda þegar getnaður á sér stað við nauðgun, þegar lífi og heilsu móður er ógnað, samkvæmt úrskurði lögmætra lækna, eða

þegar fóstrið er svo vanskapað að það lifi ekki eftir fæðingu, einnig samkvæmt úrskurði lögmætra lækna. En jafnvel þessar aðstæður réttlæta ekki sjálfkrafa fóstureyðingu. Þeir sem standa frammi fyrir slíkum aðstæðum, ættu aðeins að íhuga fóstureyðingu eftir að hafa ráðfært sig við svæðisleiðtoga kirkjunnar og hlutið staðfestingu eftir einlæga bæn.

Þegar barn fæðist utan hjónabands, er besti kostur móður og föður barnsins að stofna til hjónabands og vinna að því að samband fjölskyldunnar verði eilíft. Sé hjónaband líklegt til að mistakast, ættu þau að gefa barnið til ættleiðingar, helst til Fjölskylduþjónustu SDH (sjá „Ættleiðingar,” bls 188).

## Framlög (Sjá Fasta og föstufórnir; Tíund)

## Fráhvarf

Þegar einstaklingar eða hópar snúa frá reglum fagnaðar-erindisins, eru þeir í fráhvarfsástandi.

Tímabil almenns fráhvarfs hafa átt sér stað í gegnum sögu mannkyns. Fólk hefur oft orðið ranglátt eftir tímabil réttlætis. Eitt dæmi um það er fráhvarfið mikla sem átti sér stað eftir að frelsarinn stofnaði kirkju sína. Eftir dauða frelsarans og postula hans, tóku menn að spilla reglum fagnaðarerindisins og gera ólögmætar breytingar á skipulagi kirkjunnar og helgiathöfnum prestdæmisins. Drottinn tók vald prestdæmisins burtu af jörðinni, vegna þessa útbreidda ranglætis.

Fólk var án guðlegrar leiðsagnar frá lifandi spámönnum í fráhvarfinu mikla. Margar kirkjur voru stofnaðar, en þær höfðu ekki kraft prestdæmisins til að leiða fólkið til sannrar þekkingar á Guði föðurnum og Jesú Kristi. Hluti hinna helgu ritninga spilltist eða glataðist og enginn hafði vald til að veita gjöf heilags anda eða framkvæma helgiathafnir prestdæmisins. Fráhvarf þetta stóð yfir þar til himneskur faðir og ástkær sonur hans birtust Joseph Smith árið 1820 og hófu endurreisn á fyllingu fagnaðarerindisins.

## *Freistung*

Við lifum á þeim tíma þegar fagnaðarerindi Jesú Krists hefur verið endurreist. En ólíkt og gerðist með kirkjuna til forna, þá mun Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu ekki verða almennu fráhvarfi að bráð. Ritningarnar kenna að kirkjunni muni aldrei aftur verða tortímt (sjá K&S 138:44; sjá einnig Dan 2:44).

Við verðum öll að vera á verði gegn persónulegu fráhvarfi, jafnvel þótt annað almennt fráhvarf verði ekki frá sannleikanum. Þið getið varðveitt ykkur gegn persónulegu fráhvarfi með því að halda sáttmála ykkar, hlýða boðorðunum, fylgja kirkjuleiðtogum, meðtaka sakramentið og efla stöðugt vitnisburð ykkar með daglegu ritningarnámi, bæn og þjónustu.

Fleiri tilvísanir: Jes 24:5; Amos 8:11–12; Matt 24:4–14; Post 20:28–30; 2 Tím 3:1–5, 14–15; 4:3–4; 1 Ne 13:24–29; Morm 1:13–14; K&S 1:15–17; Joseph Smith-Saga 1:17–19

Sjá einnig Kirkjustjórnun; Prestdæmið; Endurreisn fagnaðarerindisins

## **Freistung**

Líkt og Páll postuli spáði, þá eru síðustu dagar „örðugar tíðir“ (2 Tím 3:1). Áhrif óvinarins eru útbreidd og tælandi. En þið getið sigrað Satan og staðist freistingar hans. Himneskur faðir hefur veitt ykkur gjöf sjálfræðis – hæfileikann til að velja gott fram yfir illt. „Auðmýkið yður fyrir Drottni og ákallið hans heilaga nafn, vakið og biðjið án afláts, svo að þér freistist ekki um megn fram“ (Alma 13:28). Þegar við höldum boðorðin sjálfviljug, mun himneskur faðir veita okkur styrk til að standast freistingar.

Eftirfarandi leiðsögn mun hjálpa ykkur að standast freistingar:

*Látið líf ykkar snúast um frelsaramn.* Spámaðurinn Helaman veitti sonum sínum þessa leiðsögn: „Munið og hafið hugfast, að það er á bjargi lausnara okkar, sem er Kristur, sonur Guðs, sem þið verðið að byggja undirstöðu ykkar. Að þegar djöfullinn

sendir sína voldugu storma, já, spjót sín í hvirfilvindinum, já, þegar allt hans hagl og voldugur stormur bylur á ykkur, mun það ekkert vald hafa til að draga ykkur niður í djúp vansældar og óendanlegs volæðis, vegna þess að það bjarg, sem þið byggði á, er öruggur grundvöllur, og ef menn byggja á þeim grundvelli, geta þeir ekki fallið” (He 5:12).

*Biðjið um styrk.* Þegar hinn upprisni frelsari kom til Nefítanna, kennið hann mannfjöldanum: „Þér verðið að halda vöku yðar og biðja án afláts, svo að þér fallið ekki í freistni. Því að Satan þráir að eignast yður til að sálða yður eins og hveiti. Pess vegna verðið þér ávallt að biðja til föðurins í mínu nafni” (3 Ne 18:18–19). Á síðari dögum hefur hann veitt álíka leiðsögn: „Bið ávallt, að þú megin verða sigurvegari, já, að þú megin sigra Satan og fáir umflúið þjóna Satans, sem vinna verk hans” (K&S 10:5).

*Lærið ritningarnar daglega.* Þegar þið lærið sannleika fagnaðrarerindisins og tileinkið ykkur hann, mun Drottinn blesa ykkur með krafti til að standast freustingar. „Hver sá, sem fylgir orði Guðs og varðveitir það, mun aldrei farast, né heldur geta freustingar eða eldtungur andstæðingsins blindað þá og leitt þá þannig til tortímingar” (1 Ne 15:24; sjá einnig He 3:29–30).

*Fyllið líf ykkar af góðvild.* Þið hafið úr svo mörgu góðu að velja að þið þurfið ekki að taka þátt í hinu illa. Þegar þið fyllið líf ykkar af góðvild, verður ekki rúm fyrir eitthvað annað.

*Forðist staði og aðstæður freistunga.* Þið getið ekki algjörlega forðast freustingar, en þið getið forðast staði og aðstæður þar sem líklegt er að ykkar verði freistað. Þið getið einnig forðast óviðeigandi efni í tímaritum, bókum, sjónvarpi, kvikmyndum og tónlist og efni á Alnetinu.

*Keppið að því að hafa góð áhrif á aðra.* Felsarinn bað fyrir lærisveinum sínum rétt áður en hann þjáðist í Getsemanegarðinum: „Þeir eru ekki af heiminum, eins og ég er ekki af heiminum. Ég bið ekki, að þú takir þá úr heiminum, heldur

## *Frelsun*

að þú varðveitir þá frá hinu illa. Þeir eru ekki af heiminum, eins og ég er ekki af heiminum. Helga þá í sannleikanum. Þitt orð er sannleikur. Ég hef sent þá í heiminn, eins og þú sendir mig í heiminn“ (Jóh 17:14–18). Þið getið, sem síðari daga læri-sveinar Jesú Krists, verið í heiminum en „ekki af heiminum.“ Auk þess að forðast sjálf freustingar, getið þið haft áhrif á aðra til að lifa góðu og heilbrigðu lífi. Þið getið sett réttlátt for-dæmi, verið góðir vinir, tekið þátt í samfélagsþjónustu og hafið upp raust ykkar til varnar siðferðisgildum, eins og við-eigandi þykir.

*Hvikið aldrei frá þeirri ákvörðun ykkar að standast freustingar. Keppið að því að fylgja fordæmi frelsarans, sem „þoldi freist-ingar, en sinnti þeim engu“ (K&S 20:22). Þegar Satan freistaði Jesú í eyðimörkinni, hvikaði Drottinn aldrei. Hann svaraði fljótt og ákveðið: Vík burt, Satan (sjá Lúk 4:8). Þið getið svarað freistungum óvinarins af sömu sannfæringu með rétt-látum hugsunum, orðum og verkum. „Standið gegn djöfl-inum, og þá mun hann flýja yður.“ Nálægið yður Guði, og þá mun hann nálgast yður“ (Jakbr 4:7–8).*

Fleiri tilvísanir: Róm 12:21; Ef 6:11–17; Jakbr 1:12, neðanmálstilvísun b; K&S 23:1; 31:12; HDP Móse 1:12–22

*Sjá einnig Sjálfræði; Samviska; Fasta og föstufórnir; Heilagur andi; Ljós Krists; Iðrun; Satan*

## **Frelsun** (*Sjá Sáluhjálp*)

### **Friður**

Margir hafa þann skilning að friður sé þegar stríð er ekki. En við getum fundið frið, jafnvel á tímum stríðs og skort frið þegar stríð geysa ekki. Við hljótum ekki frið í hjarta bara af því að stríð geysa ekki. Friður fæst með fagnaðarerindinu – fyrir friðþægingu Jesú Krists, þjónustu heilags anda og okkar eigin réttlæti, einlæga iðrun og kostgæfa þjónustu.

Þið getið hlotið innri frið, jafnvel þótt umrót ríki hvarvetna í heiminum. Sú blessun verður ykkur varanleg þegar þið eruð trúföst vitnisburði ykkar um fagnaðarerindið og hafið í huga að himneskur faðir og Jesús Kristur elska og vaka yfir ykkur.

Auk þess að skynja sjálf frið, getið þið haft áhrif til friðar í fjölskyldu ykkar, samfélagi og heiminum. Þið stuðlið að friði þegar þið haldið boðorðin, þjónið, látið ykkur annt um fjölskyldu og náunga ykkar og miðlið fagnaðarerindinu. Þið stuðlið ætíð að friði þegar þið linið þjáningar annarra.

Eftirfarandi orð frelsarans greina okkur frá því hvernig við getum upplifað þann frið sem fagnaðarerindið færir:

„Hjálparinn, andinn heilagi, sem faðirinn mun senda í mínu nafni, mun kenna yður allt og minna yður á allt það, sem ég hef sagt yður.

Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist“ (Jóh 14:26–27).

„Óttist ei að gjöra gott, synir mírir, því að eins og þér sáið, svo munuð þér og uppskera. Ef þér þess vegna sáið góðu, munuð þér og góð laun uppskera.

Óttast þess vegna ekki, litla hjörð. Gjörið gott, leyfið jörð og helju að sameinast gegn yður, því að ef þér byggið á bjargi mínu, fá þær eigi á yður sigrast.

Sjá, ég dæmi yður ekki. Farið leiðar yðar og syndgið ei framar. Vinnið af árvekni þau verk, sem ég hef boðið yður.

Beinið öllum hugsunum yðar til míni. Efist ekki, óttist ekki.

Sjáið sárin er nístu síðu mína og einnig naglaförin á höndum mér og fótum. Verið trúir, haldið boðorð míni og þér skuluð erfa himnaríki“ (K&S 6:33–37).

„Þetta hef ég talað við yður, svo að þér eigið frið í mér. Í heiminum hafið þér þrenging. En verið hughraustir. Ég hef sigrað heiminn“ (Jóh 16:33).

## *Friðþæging Jesú Krists*

Þegar við minnumst frelsarans og fylgjum honum, getum við sannlega verið hughraust. Við getum upplifað raunverulegan og varanlegan frið sérhverja stund. Við getum fundið von í fyrstu orðum frelsarans til lærisveina sinna eftir upprisu hans: „Friður sé með yður“ (Jóh 20:19).

Fleiri tilvísanir: K&S 59:23

*Sjá einnig Kærleikur; Heilagur andi; Von; Jesú Krisztur; Elska; Þjónusta; Stríð*

## **Friðþæging Jesú Krists**

Hugtakið *friðþægja* merkir að sætta eða samræma að nýju. Fyrir friðþægingu Jesú Krists getum við náð sáttum við himneskan föður (sjá Róm 5:10–11; 2 Ne 25:23; Jakob 4:11). Við getum að lokum dvalið í ævarandi návist hans, með því að verða „fullkomnir gjörðir fyrir Jesú (sjá K&S 76:62, 69).

Jesús Kristur var „fyrirbúinn . . . frá grundvöllun veraldar til að endurleysa fólk [sitt]“ (Eter 3:14). Í andaheimi for tilverunnar kynnti himneskur faðir eilífa sáluhjálparáætlun, sem krafðist algjörrar og eilífrar friðþægingar. Jesús, sem þekktur var í fortilverunni sem Jehóva, lýsti yfir að hann myndi gera vilja föðurins og útfæra áætlunina (sjá HDP Móse 4:2). Hann var þannig forvígður til að framkvæma friðþæginguna – að koma til jarðar, taka út refsinguna fyrir syndir okkar, deyja á krossinum og verða reistur upp. Hann varð „frá grundvöllun veraldar . . . [lambið], sem slátrað var“ (Op 13:8; sjá einnig 1 Pét 1:19–20; HDP Mós 7:47).

Friðþægingin er æðsta kærlekstjáning himnesks föður til okkar (sjá Jóh 3:16). Hún er einnig æðsta kærlekstjáning frelsarans til föðurins og okkar (sjá Jóh 14:28–31; 15:9–13; 1 Jóh 3:16; K&S 34:3; 138:1–4).

## **Þörf okkar fyrir friðþæginguna**

Allir menn erfa áhrif fallsins sem niðjar Adams og Evu. Við upplifum öll andlegan dauða, með því að vera aðskilin

frá Guði, og erum öll háð stundlegum dauða, sem er dauði líkama okkar (sjá Alma 42:6–9; K&S 29:41–42).

Við erum háð mótlæti og freistingu í okkar fallna ástandi. Þegar við látum undan freistingu fjarlægjumst við Guð og missum dýrð hans (sjá Róm 3:23).

Eilíf réttvísí krefst þess að áhrif fallsins viðhaldist og að okkur verði refsað fyrir ranga breytni okkar. Andlegur og stundlegur dauði yrðu óyfirsíganlegar hindranir milli okkar og Guðs án friðþægingarinnar. Par sem við getum ekki bjargað okkur sjálf frá fallinu eða eigin syndum okkar, yrðum við ævarandi aðskilin frá okkar himneska föður, „því að ekkert óhreint fær dvalið . . . í návist hans“ (HDP Móse 6:57).

Eina leiðin til að frelsa okkur er að einhver annar komi okkur til bjargar. Við þurftum einhvern sem gæti fullnægt kröfum réttvísinnar – verið okkar staðgengill við að axla byrði fallsins og greiða gjaldið fyrir syndir okkar. Jesús Kristur hefur ávallt verið sá eini sem hafur er til að taka á sig slíka fórn.

### Jesús Kristur, okkar eina von

Áður en jörðin var sköpuð og upp frá því hefur frelsarinn verið okkar eina von um „frið í þessum heimi og eilíft líf í komanda heimi“ (K&S 59:23).

Aðeins hann hafði máttinn til að gefa líf sitt og taka það aftur. Frá hinni dauðlegu móður sinni, Maríu, erfði hann hæfileikann til að deyja. Frá hinum ódauðlega föður sínum, erfði hann máttinn til að sigra dauðann. Hann sagði: „Eins og faðirinn hefur líf í sjálfum sér, þannig hefur hann og veitt syninum að hafa líf í sjálfum sér“ (Jóh 5:26).

Aðeins hann megnæði að frelsa okkur frá syndum okkar. Guð faðirinn veitti honum þann mátt (sjá He 5:11). Frelsarinn megnæði að hljóta slíkan mátt og framkvæma friðþæginguna, því hann hélt sér frá allri synd: „Hann þoldi freistingar, en sinnti þeim engu“ (K&S 20:22). Hann lifði fullkomnu, syndlausu lífi og var þess vegna laus undan kröfum réttvísinnar. Hann megnæði að greiða gjald þeirra sem iðrast, því hann

## *Friðþægинг Jesú Krists*

hafði mátt endurlausnar og enga skuld að gjalda réttvísinni. Hann sagði:

„Faðir, sjá þjáningsar og dauða hans, sem enga synd drýgði, og þú hafðir velþóknun á. Sjá blóð sonar þíns, sem úthellt var, blóð hans, sem þú gafst, svo að þú mættir sjálfur dýrðlegur verða –

Faðir, þyrm því þessum bræðrum mínum, sem trúa á nafn mitt, svo að þeir megi koma til míni og öðlast ævarandi líf“ (K&S 45:4–5).

Sannlega verður „ekkert annað nafn . . . gefið og engin önnur leið eða aðferð, sem fært [getur] mannanna börnum sáluhjálp, nema í og fyrir nafn Krists, Drottins almáttugs“ (Mósía 3:17).

### *Friðþægingarfórnin*

Friðþægingarfórn Jesú átti sér stað í Getsemanegarðinum og á krossinum á Golgata. Í Getsemane laut hann vilja föðurins og tók á sig syndir allra manna. Hann hefur opinberað nokkuð af því sem hann upplifði við að greiða gjaldið fyrir syndir okkar:

„Því að sjá, ég, Guð, hef þolað þetta fyrir alla, svo að þeir þurfi ekki að þjást, ef þeir iðrast –

En iðrist þeir ekki, verða þeir að þjást, alveg eins og ég –

þjáningu, sem varð þess valdandi, að ég, sjálfur Guð, æðstur allra, skalf af sársauka og blóð draup úr hverri svitaholu, og þjáðist bæði á líkama og í anda – og með hrolli ósk-aði ég þess að þurfa ekki að bergja þennan beiska bikar –

Dýrð sé föðurnum eigi að síður, og ég tæmdi hann og lauk undirbúnungi mínum fyrir mannanna börn“ (K&S 19:16–19; sjá einnig Lúk 22:44; Mósía 3:7).

Frelsarinn hélt áfram að þjást fyrir syndir okkar þegar hann leyfði að hann yrði krossfestur – honum „lyft upp á [krossinn] og hann . . . deyddur fyrir syndir heimsins“ (1 Ne 11:33).

Á krossinum leyfði hann sér að deyja. Líkami hans var síðan lagður í gröf, þar til hann varð reistur upp og „frumgróði þeirra, sem sofnaðir eru“ (1 Kor 15:20). Hann sigraði líkamlegan dauða yfir okkur öll með dauða sínum og upprisu. Hann sagði síðar:

„Ég kom í heiminn til að gjöra vilja föður míns, vegna þess að faðir minn sendi mig.

Og faðir minn sendi mig, til þess að mér yrði lyft upp á krossinum. Til þess að ég gæti dregið alla menn til míni, eftir að mér hefði verið lyft upp á krossinum, og á sama hátt og mennirnir hefðu lyft mér mundi faðirinn lyfta mönnunum upp til að standa frammi fyrir mér og verða dæmdir af verkum sínum, hvort heldur þau eru góð eða ill-

Og vegna þessa hefur mér verið lyft upp. Þess vegna mun ég draga alla menn til míni samkvæmt krafti föðurins, til að þeir verði dæmdir af verkum sínum.

Og svo mun við bera, að hver sá, sem iðrast og skírður er í mínu nafni, mun mettur verða. Og ef hann stendur stöðugur allt til enda, sjá, þá mun ég sýkna hann fyrir föður mínum á þeim degi, er ég stend og dæmi heiminn“ (3 Ne 27:13–16).

### Alheimsendurlausn frá fallinu

Jesús Kristur endurleysir alla menn frá áhrifum fallsins með friðþægingu sinni. Allir menn sem einhvern tíma hafa lifað á jörðinni og munu gera það, munu reistir upp og færðir að nýju í návist Guðs til dóms (sjá 2 Ne 2:5–10; He 14:15–17). Við munum öll hljóta gjöf ódauðleika og lifa ævarandi í dýrðlegum upprisnum líkönum fyrir miskunnargjöf og endurlausnarnáð frelsarans.

### Sáluhjálp frá syndum okkar

Þótt við séum skilyrðislaust endurleyst frá alheimssáhrifum fallsins, berum við ábyrgð á okkar eigin syndum. En við getum hlotið fyrirgefningu og hreinsast af óhreinum

syndum okkar, ef við „[beitum] . . . friðþægingarblóði Krists“ (Mósía 4:2). Við verðum að iðka trú á Jesú Krist, iðrast, vera skírð til fyrirgefningar synda og meðtaka gjöf heilags anda. Alma ráðlagði:

„Þér verðið að iðrast og endurfæðast, því að andinn segir, að þér getið ekki erft himnaríki án þess að endurfæðast. Komið því og látið skírast iðrunarskírn, svo að syndir yðar verði þvegnar burt og þér eignist trú á Guðslambið, sem ber burtu syndir heimsins, sem hefur mátt til að frelsa og hreinsa af öllu óréttlæti“ (Alma 7:14).

### Gjöf eilífs lífs

Frelsarinn hefur lýst yfir að eilíft líf sé „mest allra gjafa Guðs“ (K&S 14:7). Að hljóta eilíft líf er að vera gerður verðugur þess að dvelja í návist Guðs, erfa stað í æðstu dýrðargráðu himneska ríkisins. Sú gjöf stendur aðeins til boða fyrir friðþægingu Jesú Krist. Mormón sagði: „Í hverju skal von yðar fólgin? Sjá, ég segi yður, að þér skuluð eiga von fyrir friðþægingu Krists og kraft upprisu hans, að vera reistir til eilífs lífs, og það vegna trúar yðar á hann, í samræmi við fyrirheitið“ (Moró 7:41).

Við verðum að uppfylla ákveðin skilyrði til að hljóta þessa gjöf. Við verðum að iðka trú á Jesú Krist, iðrast synda okkar og standast staðfastlega allt til enda. Við verðum að taka á móti helgiathöfnum sáluhjálpar: Skírn, gjöf heilags anda, vígslu til Melkísedeksprestdæmisins (fyrir karla) og musterisgjöf og innsiglun hjónabands. Með því að taka á móti þessum helgiathöfnum og halda viðeigandi sáttmála, getum við komið til Krists og að lokum hlotið gjöf eilífs lífs (sjá Trúarátriðin 1:3).

Af sinni óendantlegu réttvísí og miskunn, veitir Drottinn öllum eilíft líf „sem dáíð hafa án þekkingar á fagnaðarerindinu, en hefðu meðtekið það, ef þeim hefði leyfst að dvelja lengur“ og sér til þess að „öll börn, sem deyja áður en þau ná ábyrgðaraldri, [séu] hólpin í himneska ríkinu“ (K&S 137:7, 10).

Frelsarinn býður okkur öllum að hljóta eilíft líf: „Hann býður öllum mönnum til sín, því að armur miskunnarinnar er útréttur til þeirra, og hann segir: Iðrist, og ég mun taka á móti yður. Já, hann segir: Komið til míni og neytið ávaxtarins af lífsins tré. Já, þér skuluð eta og drekka óspart af brauði og vatni lífsins“ (Alma 5:33–34).

### Finna frið og lækningu með friðþægingunni

Blessanir friðþægingar frelsarans ná til eilífðarinnar, en þær eru einnig fyrir hendi í þessu lífi. Þið munuð upplifa gleði þess að láta hreinsast frammi fyrir Drottni þegar þið komið til Krists. Þið munuð geta endurómað orð Alma sem, eftir miklar syndir og uppsteit, upplifði hið sársaukafulla en græðandi ferli iðrunar. Eftir að hann hlaut fyrirgefningu bar hann vitni:

„ . . . gleymdi ég kvöldum mínum. Já, minningin um syndir mínar hrjáði mig ekki lengur.

Og ó, hvílík gleði, hve undursamlegt ljós ég sá! Já, sál míni fylltist gleði, jafn yfirþyrmandi og kvalir mínar höfðu áður verið.

... ekkert getur verið jafn óviðjafnanlegt og biturt og sársauki minn var. ... og. . . . hins vegar getur ekkert verið jafn óviðjafnanlegt og ljúft og gleði míni var“ (Alma 36:19–21).

Auk þess að bjóða endurlausn frá sársauka og syndum, býður frelsarinn frið á tínum þrenginga. Jesús tók á sig sársauka, sjúkdóma, freistingar, hörmungar og veikleika allra manna sem hluta af friðþægingu sinni (sjá Alma 7:11–12). Hann skilur þjáningar okkar, því hann hefur upplifað þær. Hann veit hvernig koma á okkur til hjálpar með sínum fullkomna skilningi. „Varpið allri áhyggju yðar á hann, því að hann ber umhyggju fyrir yður“ (1 Pét 5:7).

Fyrir trú okkar og réttlæti og með friðþægingu hans, er mögulegt að bæta algjörlega fyrir misgjörðir okkar og sársauka í þessu lífi og færa allt í rétta umgjörð. Þær blessanir sem okkur er neitað um í þessu lífi verða veittar í eilífðunum. Og þótt hann létti ekki af okkur öllum þjáningum nú, mun

## Fyrirgefning

hann blessa okkur með huggun og skilningi og veita okkur styrk til að við getum „borið byrðar [okkar] léttilega“ (Mósía 24:15).

„Komið til míni, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar,“ sagði frelsarinn, „og ég mun veita yður hvíld“ (Matt 11:28). Við annað tækifæri lofaði hann friði sínum að nýju og sagði: „Í heiminum hafið þér þrenging. En verið hughraustir. Ég hef sigrað heiminn“ (Jóh 16:33). Petta eru loforð friðþægingarinnar í þessu lífi og um eilífð.

Fleiri tilvísanir: Jes 49:13–16; 53; Matt 26–28; Mark 14–16; Lúk 22–24; Jóh 10:14–15; 11:25–26; 14:6; 15:13; 19–20; 1 Kor 15:20–22; Hebr 4:14–6; 1 Jóh 1:7; 1 Ne 10:6; 2 Ne 2:1–10; 9; 25:23–26; Jakob 4:12; Mósía 3:1–19; Alma 22:14; 34:5–18; 42; He 5:9–12; 14:13–19; 3 Ne 9:14–22; 27:13–22; Morm 9:10–14; Eter 12:27, 41; Moró 8:5–26; 10:32–33; K&S 18:10–12; 19:15–24; 20:17–34; 45:3–5; 76:40–43; HDP Móse 1:39

Sjá einnig Skírn; Dauði, líkamlegur; Dauði, andlegur; Eilíft líf; Trú; Fallið; Fyrirgefning; Guð faðirinn; Fagnaðarerindið; Réttvísi; Dýrðargráður; Miskunn; Helgiathafnir; Sáluhjálparáætlun; Iðrun; Upprisa; Sáluhjálp

## Fyrirgefning

Ritningarnar fjalla um fyrirgefningu á tvennskonar hátt. Drottinn býður okkur að iðrast synda okkar og leita fyrirgefningar hans. Hann býður okkur einnig að fyrirgefa þeim sem misboðið hafa okkur. Í bæn Drottins ráðleggur Jesús okkur að biðja himneskan föður að „[fyrirgefa] oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ (Matt 6:12).

### Leita fyrirgefningar Drottins

Syndin er þung byrði. Henni fylgir sektarkennd og sálar-kvöl þeirrar vitnesku að við höfum breytt gegn vilja föður okkar á himnum. Það vekur viðvarandi eftirsjá þegar okkur verður ljóst að vegna breytni okkar höfum við sært aðra og kemur í veg fyrir að við getum hlotið þær blessanir sem faðir okkar hefur verið fús að veita okkur.

Vegna friðþægingar Jesú Krists getum við hlotið fyrirgefningu synda okkar með einlægri og fullnægjandi iðrun. Syndugt líferni leiðir af sér sársauka og þjáningar, en fyrirgefning Drottins færir líkn, huggun og gleði. Drottinn hefur gefið þetta fyrirheit:

„Þeim sem hefur iðrast synda sinna er fyrirgefið, og ég, Drottinn, minnist þeirra ekki lengur“ (K&S 58:42).

„Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll. Þó að þær séu rauðar sem purpuri, skulu þær verða sem ull“ (Jes 1:18).

Þið getið upplifað þetta kraftaverk hvort sem þið þurfið að iðrast alvarlegra synda eða daglegra veikleika. Á sama hátt og frelsarinn bauð fólkini til forma, býður hann okkur nú:

„Komið til míni, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvíld.

Takið á yður mitt ok og lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar.

Því að mitt ok er ljúft og byrði míni létt“ (Matt 11:28–30).

„Viljið þér nú ekki snúa til míni og iðrast synda yðar og snúast til trúar, svo að ég megi gjöra yður heila?

Já, sannlega segi ég yður, að ef þér viljið koma til míni, skuluð þér öðlast eilíft líf. Sjá! Armur miskunnar minnar er útréttur til yðar, og ég mun taka á móti hverjum þeim, sem koma vill. Og blesstaðir eru þeir, sem koma til míni“ (3 Ne 9:13–14).

Sjá „Iðrun,“ bls. 76–80, til útskýringar á iðrun.

## Fyrirgefa öðrum

Auk þess að leitast eftir fyrirgefningu synda okkar, verðum við að vera fús til að fyrirgefa öðrum. Drottinn sagði: „Þér eigið að fyrirgefa hver öðrum, því að sá, sem ekki fyrirgefur bróður sínum misgjörðir hans, stendur dæmdur frammi fyrir Drottni, því að í honum býr hin stærri synd. Ég, Drottinn, mun fyrirgefa þeim, sem ég vil fyrirgefa, en af yður er krafist, að þér fyrirgefið öllum mönnum“ (K&S 64:9–10).

## *Gjöf andans*

Hverjar sem aðstæður ykkar eru mun ykkur örugglega verða misboðið af öðrum – stundum óviljandi og stundum viljandi. Það er auðvelt að fyllast biturð, reiði eða hefnigirni við slíkar aðstæður, en það er ekki háttur Drottins. Frelsarinn sagði: „Elskið óvini yðar, og biðjið fyrir þeim, sem ofsækja yður“ (Matt 5:44). Hann var okkur fullkomin fyrirmýnd um fyrirgefningu þegar hann var á krossinum. Hann beindi orðum sínum til rómversku hermannana sem höfðu krossfest hann og sagði: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra“ (Lúk 23:34; sjá neðanmálstexta c).

Biðjið um styrk til að fyrirgefa þeim sem hafa miðboðið ykkur. Látið ekki reiði, biturð og hefnigirni ná tökum á ykkur. Leitið þess góða í öðrum, fremur en að horfa á vankanta þeirra og magna upp veikleika þeirra. Leyfið Guði að dæma skaðlega breytni annarra. Það kann að reynast erfitt að leiða hjá sér sárar tilfinningar, en þið getið það með hjálp Drottins. Þið munuð uppgötva að fyrirgefning megnar að græða skelfileg sár, losa ykkur við illdeilur og illvilja og færa þann frið og elsku sem Guð einn getur veitt.

Fleiri tilvísanir: Matt 6:14–15; 18:21–22; 1 Ne 7:16–21

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Dæma aðra; Iðrun*

## **Gjöf andans** (*Sjá Andlegar gjafir*)

## **Gjöf heilags anda** (*Sjá Heilagur andi*)

## **Guðdómur**

Fyrsta trúaratriðið segir: „Vér trúum á Guð, hinn eilífa föður, og á son hans, Jesú Krist, og á heilagan anda.“ Þessir þrír skipa Guðóminn. Þeir ríkja yfir þessum heimi og allri annarri sköpun föðurins á himnum.

Hin sanna kenning um Guðóminn glataðist í fráhvarfinu sem fylgdi í kjölfar jarðneskrar þjónustu frelsarans og

dauða postula hans. Endurreisn þeirrar kenningar hófst þegar hinn 14 ára gamli Joseph Smith hlaut Fyrstu sýnina (sjá Joseph Smith–Saga 1:17). Af frásögn spámannsins um Fyrstu sýnina og af öðrum kenningum hans, er okkur ljóst að meðlimir Guðdómsins eru þrjár aðskildar verur. Faðirinn og sonurinn hafa líkama af holdi og beinum og heilagur andi er andavera (sjá K&S 130:22).

Þótt meðlimir Guðdómsins séu aðskildar verur og hafi hver sitt hlutverk, eru þeir eitt í tilgangi og kenningu. Þeir eru algjörlega sameinaðir í því að gera hina guðlegu sálu-hjálparáælun himnesks föður að veruleika.

Fleiri tilvísanir: Matt 3:13–17; Jóh 14:6–10; 17:6–23; Post 7:55–56; 2 Ne 31:18; Moró 7:5–7; K&S 76:20–24

*Sjá einnig Guð faðirinn; Heilagur andi; Jesús Kristur*

## **Guð faðirinn**

Guð faðirinn er æðsta veran sem við trúum á og tilbiðjum. Hann er hinn raunverulegi skapari, ríkjandi og verndari allra hluta. Hann er fullkominn, alvaldur og alvitur. Hann hefur „líkama af holdi og beinum, jafn ápreifanlegan og mannslíkaminn er“ (K&S 130:22).

Faðir okkar á himnum er Guð dóms, máttar, þekkingar og valds, en hann er einnig Guð fullkominnar miskunnar, góðvildar og kærleika. Þótt við „[þekkjum] ekki merkingu allra hluta,“ getum við fundið frið í þeirri fullvissu að hann elskar okkur (sjá 1 Ne 11:17).

### **Faðir anda okkar**

Ein mikilvægasta spurning lífsins er: „Hver er ég?“ Kær söngur Barnafélagsins veitir jafnvel litlum börnum svarið við þessari spurningu. Við syngjum: „Guðs barnið eitt ég er, hann um mig heldur vörð.“ Vitneskjan um að við erum börn Guðs veitir okkur styrk, huggun og von.

## *Guð faðirinn*

Við erum bókstaflega börn Guðs, andlega getin í fortilverunni. Sem barn hans getum við verið viss um að við búum yfir guðlegum, eilífum möguleikum og að hann muni hjálpa okkur í þeirri einlægu viðleitni að nýta okkur þá möguleika.

### Æðsti skaparinn

Himneskur faðir er æðsti skaparinn. Hann skapaði himin og jörð með Jesú Kristi og allt sem í þeim er (sjá HDP Móse 2:1). Alma sagði: „Allir hlutir sýna fram á, að Guð er til. Já, jafnvel jörðin og allt, sem á henni er, já, og snúningur hennar, já, og einnig öll himintunglin, sem snúast á sinn reglubundna hátt, bera því vitni, að til er æðri skapari“ (Alma 30:44).

Ígrundið endrum og eins fegurð sköpunarverksins: Trén, blómin, dýrin, fjöllin, öldur hafsins, nýfætt barn. Gefið ykkur tíma til að horfa upp í himingeiminnum, þar sem stjörnukerfi og plánetur sýna „Guð hreyfa sig í hátign sinni og veldi“ (sjá K&S 88:41–47).

### Höfundur sáluhjálparáætlunarinnar

Himneskur faðir þráir að við dveljum hjá honum eilíflæga. Verk hans og dýrð er að „gjöra ódauðleika og eilift líf mannsins að veruleika“ (HDP Móse 1:39). Hann gerði áætlun sáluhjálpar til að gera það mögulegt. Hann sendi ástkaran son sinn, Jesú Krist, til að leysa bönd dauðans og friðþægja fyrir syndir heimsins: „Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf“ (Jóh 3:16). Sú fórn er æðsta kærleikstjáning föðurins til okkar.

### Þekkja Guð föðurinn

Við erum sérstaklega tengd Guði sem börn hans, og það greinir okkur frá allri annarri sköpun hans. Leitist við að þekkja föður ykkar á himnum. Hann elskar ykkar og hefur veitt ykkur það dýrmæta tækifæri að koma til sín í bæn. Þær

bænir eru heyrðar og þeim svarað sem þið flytjið í auðmýkt og einlægni.

Þið getið einnig komist til þekkingar á föður ykkar með því að læra um ástkæran son hans og tileinka ykkur fagnaðarerindið. Frelsarinn kennið lærisveinum sínum: „Ef þér hafið þekkt mig, munuð þér og þekkja föður minn. . . Sá sem hefur séð mig, hefur séð föðurinn“ (Jóh 14:7, 9).

Þið komist nær Guði föðurnum með því að læra ritningarnar og orð Síðari daga spámanna og með því að þjóna. Þegar þið fylgið vilja Guðs og hagið lífi ykkar líkt og hann vill að þið gerið, munuð þið líkjast honum og syni hans. Þið búið ykkur þá undir að dvelja að nýju í návist þeirra.

Fleiri tilvísanir: Jóh 14:6, 21–24; 17:3; HDP Móse 4:9; K&S 132:22–24; Trúaratriðin 1:1

*Sjá einnig Sköpun; Guðdómur; Sáluhjálparáætlun*

## Guðlast

Guðlast er að vanvirða eða lítilsvirða helga hluti. Þar fellur undir skeytingarlaus notkun á nafni einhvers í Guðdóminum. Það felur einnig í sér hverskyns spilt og óheflað málfar og hegðun.

Notið alltaf nöfn himnesks föður, Jesú Krists og heilags anda af virðingu og lotningu. Misnotkun á nöfnum þeirra er synd. Guðlast, gróft og ruddalegt tal eða fingurmerki og óviðeigandi eða tvíræðir brandarar misbjóða Drottni og öðrum.

Soralegt málfar skaðar anda ykkar og verður ykkur til smánar. Látið ekki aðra hafa þau áhrif á ykkur að þið notið heimskulegt málfar. Notið þess í stað málfar sem er fágað og upplyftandi. Veljið vini sem nota gott málfar. Setjið fordæmi sem hvetur þá sem umhverfis eru til að nota fágað málfar. Ef vinir og kunningjar nota slæmt málfar, getur gott fordæmi hvatt þá til þess að vanda málfar sitt betur. Ef þeir halda áfram, farið þá kurteislega í burtu eða breytið um umræðuefni.

## *Hamingja*

Ef þið hafið vanið ykkur á að blóta, er hægt að breyta þeim vana. Byrjið á að einsetja ykkur að hætta slíku. Leitið hjálpar í bæn. Ef ykkar er freistað til þess að nota óhefblað mál-far, skuluð þið vera hljóð eða segja það sem þið þurfið að segja á annan hátt.

Fleiri tilvísanir: 3 Mós 19:12; K&S 63:60–64

*Sjá einnig Hæverska; Freusting*

## **Hamingja**

Spámaðurinn Lehí bar vitni um eilífaðaráform Guðs og sagði: „Menn lifa, svo að þeir megi gleði njóta“ (2 Ne 2:15, 25).

Himneskur faðir þráir að við finnum sanna og varanlega hamingju. Hamingja okkar felst í öllum þeim blessunum sem hann veitir okkur – kenningum fagnaðarerindisins, boðorð-unum, helgiathöfnum prestdæmisins, sambandi fjölskyldunnar, musterum, fegurð sköpunarverksins og jafnvel þeim tækifærum sem mótlæti veitir. Áætlun hans um sáluhjálp okkar er oft nefnd „[hin] mikla sæluáætlun“ (Alma 42:8). Hann sendi ástkæran son sinn til að framkvæma friðþæginguna, svo við gætum hlotið hamingju í þessu lífi og fyllingu gleðinnar í eilífðunum.

Margir reyna að leita hamingju og fyllingar í athöfnum sem eru andstæðar boðorðum Drottins. Með því að leiða hjá sér áætlun Guðs, meina þeir sér um hina einu sönnu hamingju. Þeir gefa sig að djöflinum, sem „sækist eftir því, að allir menn verði jafn vansælir og hann er sjálfur“ (2 Ne 2:27). Að lokum mun þeim lærast sá sannleikur sem Alma kenndi syni sínum Koríanton: „Aldrei hefur hamingjan falist í rang-læti“ (Alma 41:10).

Aðrir sækjast aðeins eftir því að hafa gaman af lífinu. Með það að megin markmiði taka þeir stundaránægju fram yfir varanlega hamingju. Peir ræna sig sjálfa varanlegri gleði andlegs þroska, þjónustu og erfiðis.

Þegar þið leitið hamingjunnar, hafið þá í huga að eina leiðin að varanlegrí hamingju er að lifa eftir fagnaðarerindinu. Þið munuð finna friðsæld og eilífa hamingju með því að kappkosta að halda boðorðin, biðja um styrk, iðrast synda ykkar, taka þátt í heilbrigðri dægrastyttingu og inna af hendi innihaldsríka þjónustu. Þið munuð læra að skemmta ykkur innan þeirra marka sem ástkvær himneskur faðir setur.

Hamingja ykkar getur verið smitandi. Þegar aðrir fylgjast með ykkur getur vaknað hjá þeim löngun eftir að skilja gleði ykkar. Þeir geta þá einnig upplifað þá hamingju sem finnst í því að lifa eftir fagnaðarerindi Jesú Krista.

Fleiri tilvísanir: Sálm 35:9; 2 Ne 5:27; Mósía 2:41; 3 Ne 17:18–20; 4 Ne 1:15–16; K&S 18:10–16

*Sjá einnig Trúboðsstarf; Sáluhjálparáætlun; Þjónusta*

## **Handayfirlagning**

Handayfirlagning er sú aðferð sem opinberuð hefur verið af Drottni til að framkæma hinum ýmsum helgiathafnum prestdæmisins, svo sem staðfestingu, vígslu, setningu meðlima í embætti til þjónustu í köllunum, þjónustu við sjúka og við veitingu annarra blessana prestdæmisins (sjá K&S 42:44; Trúaratriðin 1:4–5). Þeir sem hafa viðeigandi vald prestdæmis leggja hendur á höfuð þess sem veita á helgiathöfn. Í þeirri framvindu þjóna þeir sem verkfæri, fyrir hvorra tilstilli Drottinn blessar börn sín (sjá K&S 36:2).

Slíka aðferð hafa prestdæmishafar ætíð viðhaft. Adam vígði réttláta karlkyns niðja sína með handayfirlagningu (sjá K&S 107:40–50). Þegar Jakob veitti Efraím og Manasse blessanir lagði hann hendur sína á höfuð þeirra (sjá 1 Mós 48:14–19). Alma „vígði . . . presta og öldunga með handayfirlagningu sinni, samkvæmt reglu Guðs“ (Alma 6:1). Postularmir Pétur og Jóhannes veittu gjöf heilags anda með handayfirlagningu (sjá Post 8:14–17). Í þessari ráðstöfun veitti Jóhannes

## *Heiðarleiki*

skírari Joseph Smith og Oliver Cowdery Aronsprestdæmið með handayfirlagningu (sjá Joseph Smith–Saga 1:68–69).

Fleiri tilvísanir: 4 Mós 27:18–23; Post 19:1–6; 1 Tím 4:14; K&S 33:15; 35:6

*Sjá einnig Heilagur andi; Prestdæmið*

## **Heiðarleiki**

Í þrettánda trúaratriðinu segir: „Vér trúum, að vér eignum að vera heiðvirð.“ Heiðarleiki er að vera einlægur, sannur og án nokkurra blekkinga.

Þegar þið eruð heiðarleg á allan hátt, getið þið haft hugarró og notið sjálfsvirðingar. Þið byggð þá upp persónuleika, sem gerir ykkur kleift að þjóna Guði og öðrum. Þið verðið trúverðug í augum Guðs og samferðamanna ykkar.

Ef þið hins vegar eruð óheiðarleg í orði og verki, skaðið þið sjálf ykkur og einnig oft aðra. Ef þið stelið, svíkið eða vanrækið að leggja fyllilega ykkar af mörkum fyrir það sem þið fáið greitt fyrir, missið þið sjálfsvirðingu ykkar. Þið verðið þá af leiðsögn heilags anda. Þið getið þá uppgötvað að þið hafið skaðað samband ykkar við fjölskyldu ykkar og vini og að fólk treystir ykkur ekki lengur.

Heiðarleiki krefst oft hugrekkis og fórnar, einkum þegar aðrir reyna að fá ykkur til að réttlæta óheiðarlega breytni. Ef þið komist í slíkar aðstæður, minnist þess þá að hinn viðvarandi friður sem fæst með heiðarleika er meira virði en andartaks léttir við að fylgja hópnum.

Fleiri tilvísanir: 2 Mós 20:16; 2 Ne 9:34; K&S 97:8

## **Heilagur andi**

Heilagur andi er þriðji aðili Guðdómsins. Hann er anda-vera, án líkama af holdi og beinum (sjá K&S 130:22). Oft er vísað til hans sem andans, heilags anda, anda Guðs, anda Drottins eða huggarans.

## Hlutverk heilags anda

Heilagur andi starfar í fullkominni einingu með himneskum föður og Jesú Kristi og gegnir nokkrum hlutverkum okkur til hjálpar við að lifa réttlátega og hljóta blesanir fagnaðarerindisins.

Hann „vitnar um föðurinn og soninn“ (2 Ne 31:18) og opinberar og kennir „sannleiksgildi allra hluta“ (Moró 10:5). Þið getið aðeins hlotið öruggan vitnisburð um himneskan föður og Jesú Krist fyrir kraft heilags anda. Tjáskipti hans við anda ykkar felur í sér langtum meiri fullvissu en öll þau tjáskipti sem þið kunnið að upplifa með náttúrlegum skynfærum ykkar.

Þegar þið keppið að því að vera á vegi eilífs lífs, mun heilagur andi „sýna yður allt, sem yður ber að gjöra“ (sjá 2 Ne 32:1–5). Hann getur veitt ykkur leiðsögn í ákvörðunum ykkar og verndað ykkur gegn líkamlegum og andlegum hættum.

Með honum getið þið hlotið gjafir andans ykkur til gagns og þeim sem þið elskið og þjónið (sjá K&S 46:9–11).

Hann er huggarinn (Jóh 14:26.) Líkt og huggandi rödd ástríks foreldris getur róað grátandi barn, getur hin hljóða rödd andans róað og hrakið burtu ótta ykkar og áhyggjur lífsins og veitt huggun í sorg ykkar. Heilagur andi getur fyllt ykkur „von og fullkominni elsku“ og kennt ykkur hina friðsælu hluti ríkisins (Moró 8:26; K&S 36:2).

Með þessum krafti helgist þið í iðrun ykkar, takið á móti helgiathöfn skírnar og staðfestingar og eruð trúföst sáttmálum ykkar (sjá Mósia 5:1–6; 3 Ne 27:20; HDP Móse 6:64–68).

Hann er heilagur andi fyrirheitsins (sjá Ef 1:13; K&S 132:7, 18–19, 26). Í þessu hlutverki staðfestir hann að þær helgiathafnir prestdæmisins sem þið hafið tekið á móti og þeir sáttmálar sem þið hafið gert séu Guði þóknarleg. Sú staðfesting er háð áframhaldandi trúfestu okkar.

## Gjöf heilags anda

Allir einlægir sannleiksleitendur geta skynjað áhrif heilags anda sem leiða þá til Jesú Krists og fagnaðarerindis hans. Þó er fylling þeirra blessana sem veitast fyrir heilagan anda aðeins þeim aðgengileg sem hljóta gjöf heilags anda og verða áfram verðugir.

Eftir að þið eruð skírð í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, leggur einn Melkísedeksprestdæmishafi eða fleiri hendur á höfuð ykkar, í helgiathöfn prestdæmisins, og staðfesta ykkur meðlim kirkjunnar. Í þessari helgiathöfn, sem nefnist staðfesting, er ykkur veitt gjöf heilags anda.

Gjöf heilags anda er frábrugðin áhrifum heilags anda. Áður en þið skírðust gátuð þið endrum og eins skynjað áhrif heilags anda og fyrir þau áhrif gátuð þið hlotið vitnisburð um sannleikann. Þegar þið síðan hafið hlotið gjöf heilags anda, hafið þið rétt á stöðugu samfélagi við þann meðlim Guðdómsins, ef þið haldið boðorðin.

Til þess að njóta gjafar heilags anda til fullnustu, þurfum við að hljóta opinberun og huggun, þjóna og blessta aðra með andlegum gjöfum og helgast frá synd og verða hæf upphafningar í himneska ríkinu. Þær blessanir eru háðar verðugleika okkar; þær hljótum við smám saman þegar við erum undir þær búin. Þegar þið lagið líf ykkar að vilja Guðs, munuð þið smám saman hljóta heilagan anda í ríkum mæli. Spámaðurinn Joseph Smith sagði að leyndardóma Guð ríkis væri „aðeins . . . hægt að . . . skilja með krafti hins heilaga anda, sem Guð veitir þeim, er elskar hann og hreinsa sig fyrir honum“ (sjá K&S 76:114–116).

Minnist þess að „andi Drottins dvelur ekki í vanhelgum musterum“ (He 4:24). Andinn dvelur aðeins hjá ykkur þegar þið haldið boðorðin, jafnvel þótt þið hafið hlotið gjöf heilags anda. Hann mun draga sig í hlé, ef þið misbjóðið honum með guðlasti, óhreinleika, óhlýðni, uppreisn eða öðrum syndum. Viðhaldið hreinleika ykkar. Fyllið líf ykkar af góðvild svo þið reynist verðug stöðugs samfélags heilags anda.

Fleiri tilvísanir: Matt 3:11; Jóh 15:26; 16:13; Post 2:38; 8:12–17; 19:1–6; 1 Kor 2:9–14; 12:3; Gal 5:22–23; 1 Ne 10:17–19; 2 Ne 31:17; K&S 8:2–3; 39:20–24; 68:25–28; 121:46; Trúaratriðin 1:4

*Sjá einnig Skírn; Guðdómur; Handayfirlagning; Opinberun; Andlegar gjafir*

## **Heimiliskennsla** (*Sjá Prestdæmið*)

## **Heimsóknarkennsla** (*Sjá Líknarfélagið*)

## **Heitir drykkir** (*Sjá Vísdómsorðið*)

## **Helgiathafnir**

Í kirkjunni er helgiathöfn heilög athöfn sem framkvæmd er með valdi prestdæmisins. Sumar helgiathafnir eru nauðsynlegar okkur til upphafningar. Þær helgiathafnir eru nefndar endurleysandi helgiathafnir. Þær eru m.a. skírn, gjöf heilags anda, vígsla til Melkísedeksprestdæmisins (fyrir karla) og musterisgjöf og innsiglun hjónabands. Í hverri þessara helgiathafna gerum við hátíðlega sáttmála við Drottin.

Aðrar helgiathafnir, svo sem nafngjöf og blessun barna, helgun olíu og þjónusta við sjúka og aðþrengda, eru einnig framkvæmdar með valdi prestdæmisins. Þótt þær séu ekki nauðsynlegar okkur til sáluhjálpar, þá eru þær mikilvægar okkur til huggunar, leiðsagnar og hvatningar.

Helgiathafnir og sáttmálar gera okkur kleift að mun aeftir því hver við erum. Þau minna okkur á skyldur okkar við Guð. Drottinn hefur séð okkur fyrir þeim til að hjálpa okkur að koma til hans og hljóta eilíft líf. Þegar við heiðrum sáttmála okkar, mun hann styrkja okkur.

Þið getið hlotið mörg tækifæri til að taka þátt í helgiathöfnum prestdæmisins. Hvenær sem ykkur gefst slíkt tækifæri, skuluð þið gera allt sem þið getið til að búa ykkur undir það, hvort sem þið framkvæmið helgiathafnir eða takið á móti þeim. Þið getið búið ykkur undir það með því

að biðja, fasta, ráðgast við prestdæmisleiðtoga og nema ritningarnar og orð síðari daga spámannna. Ef þið eruð prestdæmisleiðtigar, ættuð þið ávallt að vera andlega undir það búnir að framkvæma helgiathafnir. Verið ávallt hreinir og verðugir og keppið að stöðugu samfélagi heilags anda.

Fleiri tilvísanir: K&S 84:19–21; Trúaratriðin 1:3–5

Sjá einnig Sáttmáli; Fagnaðarerindið; Prestdæmið

## **Helgiritin** (*Sjá Ritningar*)

### **Helja**

Síðari daga opinberanir fjalla um helju á a.m.k. tvo vegu. Hinn fyrri greinir frá því að hugtakið merki andavarðhald, dvalarstaður anda hinna dánu, þeirra sem „dáið [hafa] í syndum sínum, án þekkingar á sannleikanum eða í lögmálsbrotum, þar eð þeir [hafa] hafnað spámönnunum” (K&S 138:32). Það er tímabundinn staður þar sem öndum er kennt fagnaðarerindið og gefst kostur á að iðrast og taka á móti helgiathöfnum sáluhjálpar sem framkvæmdar eru fyrir þá í musterunum (sjá K&S 138:30–35). Þeir sem taka á móti fagnaðarerindinu geta dvalið í paradís fram að upprisunni. Eftir að þeir hafa risið upp og hlotið dóm, hljóta þeir þá dýrðargráðu sem þeir verðskulda. Þeir sem velja að iðrast ekki, og eru ekki synir glötunarinnar, munu verða áfram í andavarðhaldi fram að lok þúsund ára ríkisins, og munu þá endurleystir frá helju og refsingu og reistir upp til jarðneskrar dýrðar (sjá K&S 76:81–85).

Hinn síðari vísar til hugtaksins *helja* sem ysta myrkur, þar sem djöfullinn og englar hans dvelja, sem og synir glötunarinnar (sjá K&S 29:36–38; 76:28–33). Synir glötunarinnar eru þeir sem „engin fyrirgefning [nær] til í þessum heimi né í komanda heimi – Þeir hafa afneitað hinum heilaga anda eftir að hafa meðtekið hann, og afneitað eingetnum syni föðurins

og krossfest hann innra með sér og smánað opinberlega” (K&S 76:34–35; sjá einnig vers 31–33, 36–37). Slíkir munu ekki erfa stað í einhverju dýrðaríki; fyrir þá verður ástand helju viðvarandi (sjá K&S 76:38; 88:24, 32).

*Sjá einnig Dýrðarríkin; Satan*

## **Himinn**

Í ritningunum er hugtakið *himinn* notað í tvennskonar merkingu. Hin fyrri vísar til þess staðar sem Guð dvelur á, sem er endanlegur staður hinna trúföstu (sjá Mósía 2:41). Hin síðari vísar til hjúpsins umhverfis jörðina (sjá 1 Mós 1:1).

Fleiri tilvísanir: Sál 11:4; Matt 6:9; 1 Ne 1:8; Mósía 3:8; K&S 20:17

*Sjá einnig Dýrðarríkin*

**Himneska ríkið** (*Sjá Dýrðarríkin*)

**Himneskur faðir** (*Sjá Guð faðirinn*)

**Hin dýrmæta perla** (*Sjá Ritningar*)

**Hinir Sjötíu** (*Sjá Kirkjustjórnun*)

## **Hjónaband**

Í heimi nútímans eru margir sem gera lítið úr og jafnvel hæðast að hjónabandinu og fjölskyldunni. Mitt í þeirri ringulreið, meðal niðurrífandi radda, tala Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin óhikað máli sannleikans. Þeir hafa lýst yfir að „hjónaband milli karls og konu [sé] vígt af Guði og að fjölskyldan [sé] kjarninn í áætlun skaparans um eilíf örlög barna hans“ (sjá „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ bls. 36 í þessari bók).

Dýpstu gleði lífsins er að finna innan fjölskyldunnar. Sterk fjölskyldubönd krefjast fyrirhafnar, en slík fyrirhöfn leiðir til mikillar hamingju í þessu lífi og um alla eilífð. Þið getið sóst eftir því að eiga hamingjuríkt, eilíft hjónaband og ástríkt samband við fjölskyldu ykkar, jafnvel þótt þið hafið ekki átt hamingjuríkt fjölskyldulíf áður í lífi ykkar.

### Hinn nýi og ævarandi hjúskaparsáttmáli

Í sæluáætlun himnesks föður geta karl og kona innsiglast hvort öðru um tíma og alla eilífð. Þau sem innsiglið eru í musterinu hljóta fullvissu um að samband þeirra muni halda ævarandi áfram, ef þau eru trúföst sáttmálum sínum. Þau vita að ekkert, jafnvel ekki dauðinn, fær aðskilið þau varanlega.

Sáttmáli eilífs hjónabands er nauðsynlegur til upphafningar. Drottinn opinberaði með spámanninum Joseph Smith: „Í hinni himnesku dýrð eru þrír himnar eða stig— Og til þess að ná því æðsta, verður maðurinn að ganga inn í þessa prestdæmisreglu [það er, hinn nýja og ævarandi hjúskaparsáttmála]— Og gjöri hann það eigi, getur hann ekki náð því. Hann getur gengið inn í hin, en lengra nær ríki hans ekki. Hann getur ekki bætt við sig“ (K&S 131:1–4).

Eftir að hjón hafa tekið á móti helgiathöfn innsiglunar og gert helgan sáttmála í musterinu, verða þau að halda áfram að vera trúföst til að hljóta blessanir eilífs hjónabands og upphafningar. Drottinn sagði:

„Kvænist maður eftir mínu orði, sem er lögmál mitt, og eftir hinum nýja og ævarandi sáttmála, og hann er innsigladrur þeim með heilögum anda fyrirheitsins, af þeim sem smurður er, þeim sem ég hef falið þetta vald og lykla þessa prestdæmis, . . . og ef [þau halda] sáttmála minn . . . þá skal við þau breytt í öllu eins og þjónn minn hefur veitt þeim, um tíma og um alla eilífð, og skal í fullu gildi, þegar þau eru farin úr heiminum“ (K&S 132:19; sjá bls. 62 til útskýringar á Heilögum anda fyrirheitsins).

## Búa sig undir hjónaband

Ef þið eruð einhleyp, búið ykkur þá vandlega undir hjónaband. Minnist þess að ekkert kemur í stað þess að stofna til hjónabands í musterinu. Búið ykkur undir að giftast réttri manneskju, á réttum stað og á réttum tíma. Verið nú þegar verðug þeirrar manneskju sem þið vonist eftir að giftast.

Eigið aðeins stefnumót við þá sem setja markið hátt og gera ykkur auðvelt að fylgja eigin lífsreglum. Skipuleggjóð vandlega jákvæðar og uppbyggjandi athafnir, svo að þið og sá eða sú sem þið eigið stefnumót við séuð aldrei aðgerðalaus. Verið á stöðum þar sem þið getið auðveldlega haft stjórn á ykkur. Takið ekki þátt í umræðum eða athöfnum sem kalla fram kynferðislegar tilfinningar.

Veljið lífsförunaut sömu trúar og þið eruð. Leitið einhvers sem þið getið ávallt heiðrað og virt, einhvers sem fullkomnar ykkur í lifi ykkar. Verið viss um það áður en þið giftið ykkur að þið finnið einhvern sem þið getið helgað ykkur af öllu hjarta, elskað algjörlega og verið algjörlega trú og trygg.

## Leiðsögn fyrir þá sem ekki giftast

Sumir meðlimir kirkjunnar verða einhleypir án eigin sakar, jafnvel þótt þeir vilji giftast. Ef þið eruð í þeirri aðstöðu, verið þá fullviss um að „þeim, sem Guð elска, samverkar allt til góðs“ (Róm 8:28). Þegar þið haldið áfram að vera verðug, munuð þið einhvern tíma í þessu lífi eða því næsta hljóta allar blessanir eilífs fjölskyldusambands. Drottinn hefur endurtekið lofað þessu með síðari daga spámönnum sínum.

Ef þið eruð einhleyp og þráið að giftast, gefið þá ekki upp vonina. En verðið þó ekki of niðursokkin í hugleiðingar um það markmið ykkar. Helgið ykkur heldur af áhuga verðugum verkefnum. Leitið leiða til að þjóna stórfjölskyldu ykkar og samfélagi. Takið á móti kirkjuköllunum og eflid

## *Hjónaband*

þær. Verið hrein, bæði líkamlega og andlega. Haldið áfram að læra og þroskast í einkalífi ykkar.

### Vinna að hamingjuríku hjónabandi

Ef þið eruð gift, minnist þess þá að vinátta og ást ykkar og maka ykkar ætti að vera dýrmætasta jarðneska samband ykkar. Maki ykkar er sá eini, utan Drottins, sem ykkur er boðið að elska af öllu ykkar hjarta (sjá K&S 42:22).

Minnist þess að hjónaband er í sinni sönnustu merkingu samfélag jafnræðis, þar sem hvorugt hjónanna hefur ráð yfir hinu, heldur hvetja þau og hugga hvort annað og hjálpa hvort öðru.

Þar sem hjónabandið er svo mikilvægt samband, þurfum við að helga því tíma okkar. Látið ekki skuldbindingar sem hafa minni þýðingu hafa forgang í lífi ykkar. Gefið ykkur tíma til að ræða saman og hlusta á hvort annað. Verið tillitsöm og kurteis. Sýnið oft ljúfar tilfinningar og ástúð.

Ákveðið að láta ekkert koma upp á milli ykkar og maka ykkar sem skaðað getur hjónabandið. Leysið málín til að hjónaband ykkar verði árangursríkt, hverjir sem erfiðleikarnir verða.

Sýnið hvort öðru tryggð. Verið trúföst hjónabandssáttmála ykkar í hugsun og orði og verki. Minnist þess að Drottinn sagði: „Þú skalt elska eiginkonu þína af öllu hjarta þínu og vera bundinn henni og engu öðru“ (K&S 42:22). Í orðunum „engu öðru“ felst það að engin manneskja, athöfn eða eigur ættu að hafa forgang fram yfir maka ykkar.

Forðist allt sem getur orðið til þess að þið verðið á einhvern hátt ótrú. Klám, óheilbrigðar ímyndanir og daður munu veikja persónuleika ykkar og skaða hjónaband ykkar.

Vinnið saman að því að skipuleggja fjárhag ykkar. Komið sameiginlega upp rekstrarsjóði og fylgið settri áætlun. Hafið stjórn á útgjöldum og forðist skuldir. Skynsamleg fjárhagsstjórnun og skuldleysi stuðla að friðsæld á heimilinu.

Hafið fagnaðarerindi Jesú Krists að þungamiðju í lífi ykkar. Hjálpið hvort öðru að halda þá sáttmála sem þið hafið gert. Sækið kirkju og musterið saman. Lærið ritningarnar saman. Krjúpið saman í bæn í upphafi og lok hvers dags og þakkið himneskum föður fyrir hvort annað og sameinist í þeirri bæn að biðja hann um að blessta líf ykkar, heimili, ást-vini og réttlátar þrár. Guð mun þá leiða ykkur og hin daglegu tjáskipti við hann munu færa frið og gleði sem á sér engan líka annarsstaðar. Samband ykkar verður þá ljúfara með árunum og ást ykkar mun styrkjast. Þakklæti ykkar fyrir hvort annað mun aukast.

Fleiri tilvísanir: 1 Mós 1:27–28; 2:18, 21–24; 1 Kor 11:11; Ef 5:22–33; HDP Móse 2:27–28; 3:18, 21–24

Sjá einnig Skírlífi; Skilnaður; Fjölskyldan; Musteri; Eining

## Hjónaskilnaður

Í „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,” greina Æðsta for-sætisráðið og Tólfpostulasveitin frá því „að hjónaband milli karls og konu [sé] vígt af Guði og að fjölskyldan [sé] kjarninn í áætlun skaparans um eilíf örlog barna hans” (sjá bls. 36 í þessari bók). Þrátt fyrir þennan sannleika hafa skilnaðir orðið almennir í mörgum samfélögum og jafnvæl aukist meðal kir-kjumeðlima. Þessi vaxandi plága er ekki frá Guði, heldur eru hún verk andstæðingsins.

Sérhver hjón ættu að keppa saman að því að vera verðug blessana eilífs hjónabands. Ef þið eruð gift og þið og maki ykkar eigið í erfiðleikum, hafið þá í huga að lausn flestra hjónabandserfiðleika felst ekki í skilnaði. Lausnin felst í fagnaðarerindi Jesú Krists – í iðrun, fyrirgefningu, ráðvendni og ást. Hún felst í því að koma fram við maka sinn líkt og þið viljið að komið sé fram við ykkur (sjá Matt 7:12). Þegar þið keppið að því að leysa erfiðleika, getið þið leitað ráða hjá biskupi ykkar eða greinarforseta.

Sjá einnig Kærleikur; Fjölskyldan; Elska; Hjónaband; Musteri

## Hlýðni

Í fortilverunni var himneskur faðir í forsæti stórpings á himnum. Þar fræddumst við um sáluhjálparáætlun hans fyrir okkur, sem fól í sér reynslutíma á jörðinni: „Við munum gjöra jörð, sem þessir geta dvalið á– Og með þessu munum við reyna þá og sjá hvort þeir gjöra allt, sem Drottinn Guð þeirra býður þeim“ (Abr 3:24–25). Ein ástæða þess að við erum hér á jörðinni er að sannreyna að við séum fús til að hlíta boðorðum himnesks föður.

Mörgum finnst boðorðin vera þeim til trafala og skerða frelsi þeirra og þroska. En frelsarinn kenndi að raunverulegt frelsi fengist aðeins með því að fylgja honum: „Ef þér eruð stöðugir í orði mínu, eruð þér sannir lærisveinar mínir og munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa“ (Jóh 8:31–32). Guð gefur boðorð okkur til farsældar. Þau eru ástúðleg fyrirmæli sem veita okkur hamingju og líkamlega og andlega velferð.

Spámaðurinn Joseph Smith kenndi að hlýðni við boðorðin veiti blessanir frá Guði. Hann sagði: „Það óafturkallanlega lögmál gildir á himni, ákvarðað áður en grundvöllur þessa heims var lagður, sem öll blessun er bundin við– Að þegar við öðlumst einhverja blessun frá Guði, þá er það fyrir hlýðni við það lögmál, sem sú blessun er bundin“ (K&S 130:20–21). Benjamín konugur kenndi einnig þessa reglu: „Og enn fremur langar mig til, að þér hugleiðið blessun og hamingju þeirra, sem halda boðorð Guðs. Því að sjá. Þeir njóta blessunar í öllu, jafnt stundlegu sem andlegu. Og ef þeir haldast staðfastir allt til enda, er tekið á móti þeim á himni, og þeir fá dvalið með Guði í óéndanlegri sælu. Ó, munið og hafið hugfast, að þetta er sannleikur, því að Drottinn Guð hefur talað það“ (Mósía 2:41).

Hlýðni okkar við boðorðin er kærlekstjáning til okkar himneska föður og Jesú Krists. Frelsarinn sagði: „Ef þér els-kið mig, munuð þér halda boðorð míni“ (Jóh 14:15). Hann sagði síðar: „Ef þér haldið boðorð míni, verðið þér stöðugir í

elsku minni, eins og ég hef haldið boðorð föður míns og er stöðugur í elsku hans“ (Jóh 15:10).

Fleiri tilvísanir: Jósúa24:14–15; Préd 12:13; Matt 7:21; Jóh 7:17; 1 Ne 3:7; K&S 58:21–22; 82:8–10

*Sjá einnig Sjálfraði; Sáluhjálparáætlunin*

## **Hórdómur** (*Sjá Skírlífi*)

### **Huggari** (*Sjá Heilagur andi*)

## **Húðflúr**

Síðari daga spámenn hafa ákveðið mælt gegn því að líkaminn sé húðflúraður. Þeir sem ákveða að hafa leiðsögn þessa að engu skortir virðingu fyrir sjálfum sér og Guði. Páll postuli greindi frá mikilvægi líkamans og hættunni af að vanhelga hann viljandi: „Vitið þér eigi, að þér eruð musteri Guðs og að andi Guðs býr í yður? Ef nokkur eyðir musteri Guðs, mun Guð eyða honum, því að musteri Guðs er heilagt, og þér eruð það musteri“ (1 Kor 3:16–17).

Ef þið hafið húðflúr, mun það stöðugt minna ykkur á þau mistök sem þið hafið gert. Þið ættuð að hugleiða að láta fjarlægja það.

*Sjá einnig Líkamsgötun*

## **Hvíldardagur**

Hvíldardagurinn er dagur Drottins, helgaður til viku-legrar hvíldar og tilbeiðslu. Á tímum Gamla testamentisins, hélt sáttmálslýður Guðs hvíldardaginn heilagan á sjöunda degi vikunnar, því Guð hvíldist á sjöunda deginum þegar hann hafði skapað jörðina. Drottinn lagði áherslu á mikilvægi þess að virða hvíldardaginn í boðorðunum tú:

„Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan.

Sex daga skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk,

## Hvíldardagur

en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Drottni Guði þínnum. Þá skalt þú ekkert verk vinna og ekki sonur þinn eða dóttir þín, þræll þinn eða ambátt þín eða skepnur þínar, eða nokkur útlendingur, sem hjá þér er innan borg- arhlíða þinna,

því að á sex dögum gjörði Drottinn himin og jörð, hafið og allt sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn. Fyrir því blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann“ (2 Mós 20:8–11).

Eftir upprisu Jesú Krists, sem átti sér stað á fyrsta degi vikunnar, tóku lærisveinar Drottins að halda hvíldardaginn heilagan á fyrsta degi vikunnar, sunnudegi (sjá Post 20:7).

Á síðari dögum hefur Drottinn boðið okkur að halda áfram að virða hvíldardaginn. Hann hefur lofað, að ef við hlítum þessu boðorði, mun „fylling jarðarinnar“ verða okkar (sjá K&S 59:16–20).

Þar sem hvíldardagurinn er helgur dagur ætti að helga hann verðugum og helgum athöfnum. Það nægir ekki að sleppa vinnu og skemmta sér ekki. Ef við í raun gerum ekkert á hvíldardegi, erum við ekki að halda hann heilagan. Í opinberun sem gefin var Joseph Smith árið 1831, býður Drottinn: „Og þú skalt fara í hús bænarinnar, svo að þú getir enn betur haldið þér óflekkuðum frá heiminum, og færa sakramenti þín á helgum degi mínum– Því að sannlega er þessi dagur útnefndur yður til hvíldar frá erfiði yðar og til að votta hinum æðsta hollustu yðar“ (K&S 59:9–10). Við sækjum sakramentissamkomu vikulega í samræmi vð þessa opinberun. Aðrar athafnir á hvíldardegi geta verið bænagjörð, íhugun, nám á ritningunum og kenningum síðari daga spámannna, bréfaskriftir til fjölskyldumeðlima og vina, lestur heilbrigðs efnis, vitjun sjúkra og aðþrengdra og sókn annarra kirkjusamkoma.

Fleiri tilvísanir: 2 Mós 31:16–17; Mósía 18:23; K&S 59:11–14; 68:29

Sjá einnig Lotning; Sakramenti; Tilbeiðsla

## Hæverska

Í hæversku felst auðmýkt, velsæmi í klæðnaði, útliti, málfari og hegðun. Ef þið eruð hæversk, þá beinið þið ekki ótilhlýðilegri athygli að ykkur sjálfum. Þess í stað „vegsamið [þið] Guð með líkama yðar [og í anda]“ (1 Kor 6:20; sjá einnig vers 19).

Ef þið eruð óviss um hvort klæðnaður ykkar eða útlit er hæverskt, getið þið spurt ykkur sjálf: „Myndi mér líða vel með útlit mitt, ef ég væri í návist Drottins?“ Þið getið spurt ykkur sjálf álíka spurningu um málfar ykkar og hegðun: „Myndi ég segja þessi orð eða hegða mér svo, ef Drottinn væri við hlið mér?“ Einlæg svör ykkar við þessum spurningum geta orðið til þess að þið gerið mikilvægar breytingar á lífi ykkar. Eftirfarandi leiðbeiningar eru til að hjálpa ykkur að vera hæversk.

### Klæðnaður og snyrtimennska

Spámenn hafa alltaf hvatt okkur til að klæðast siðsamlega. Sú leiðsögn grundvallast á þeim sannleika að mannslíkaminn er helg sköpun Guðs. Virðið líkama ykkar sem gjöf frá Guði. Þið getið sýnt Drottni að þið vitið hve dýrmætur líkami ykkar er með klæðnaði ykkar og útliti.

Klæðnaður ykkar sýnir hver þið eruð. Hann segir heilmargt um ykkur og hefur áhrif á hvernig þið og aðrir koma fram. Þegar þið eruð vel snyrt og hæversklega klædd, getið þið átt samfélag við andann og haft góð áhrif á þá sem þið umgangist.

Þungamiðja boðsins um siðsemi er skilningur á hinum helga krafti sköpunar, þeim eiginleika að fæða börn í heiminn. Pann kraft má aðeins virkja milli eiginmanns og eiginkonu. Klæðnaður sem er kynferðislega örвандi og afhjúpar nekt, svo sem stutt pils, þróngur fatnaður og skyrtur sem ekki hylja magann, geta vakið langanir og hegðun sem ganga þvert á skírlífislögmál Drottins.

## Iðrun

Auk þess að forðast afhjúpandi klæðnað, ættuð þið að forðast öfgar í klæðnaði, últli og hárgreiðslu. Verið alltaf hrein og snyrtileg í klæðnaði, aldrei hirðulaus eða óviðeigandi skeyttingarlaus. Afskræmið ekki líkama ykkar með hörundslíri eða götun líkamans. Berið aðeins eitt par af látlausum eyranelkkum, ef þið eruð kvenkyns og hafið löngun til að láta gata eyru ykkar.

Hafið góða siðsemi í hávegum í öllum tilvikum. Lækkið ekki staðla ykkar til að draga athygli að líkama ykkar eða hljóta viðurkenningu annarra. Sannir lærisveinar Jesú Krists varðveita staðla Drottins þrátt fyrir tískustrauma eða þrýsting annarra.

## Málfar og framkoma

Málfar og framkoma ættu að bera vott um persónuleika okkar, á sama hátt og klæðnaður og útlit. Orð ykkar og verk geta haft djúp áhrif á ykkur sjálf og aðra. Tjáið ykkur með fáguðu og jákvæðu málfari og hagið verkum ykkar þannig að þau stuðli að hamingju þeirra sem umhverfis eru. Sú viðleitni ykkar að vera siðsöm í orði og verki stuðlar að aukinni leiðsögn og hughreystingu heilags anda.

Notið ekki saurugt málfar og tileinkið ykkur ekki skeyttingarlausa og óviðurkvæmilega notkun á nafni Drottins, sem svo almennt er nú á tínum. Standist hverja þá freistungu að taka þátt í öfgafullri eða óviðurkvæmilegri hegðun. Slíkt óviðurkvæmilegt málfar og hegðun koma í veg fyrir að þið getið hlotið friðsælan innblástur heilags anda.

Fleiri tilvísanir: K&S 42:40–41; Trúaratriðin 1:13

*Sjá einnig Líkamsgötun; Skírlífi; Guðlast; Húðflúr*

## Iðrun

Iðrun er ein frumregla fagnaðarerindisins (sjá Trúaratriðin 1:4). Hún er nauðsynleg fyrir hamingju okkar í þessu lífi og

um eilífð. Iðrun er mun meira en aðeins það að viðurkenna ranga breytni. Hún er hugarfarsbreyting sem fær okkur til að sjá Guð í nýju ljósi, okkur sjálf og heiminn. Hún felur það í sér að við látum af synd og snúum okkur til Guðs til að hljóta fyrirgefningu. Hún sprettur af elsku til Guðs og þeirri einlægu þrá að halda boðorð hans.

## Þörfin á iðrun

Drottinn hefur sagt að „ekkert óhareint geti erft ríki himins“ (Alma 11:37). Syndin gerir okkur óhrein – óverðug þess að snúa að nýju til dvalar hjá himneskum föður. Hún kallar einnig sálarkvöl yfir okkar í þessu lífi.

Himneskur faðir hefur aðeins séð okkur fyrir einni leið til að fyrirgefa syndir okkar, sem er fyrir tilstilli friðþægingar Jesú Krists (sjá „Fyrirgefning,“ bls. 54–55). Jesús tók á sig refsinguna fyrir syndir okkar, svo við getum hlotið fyrirgefningu, ef við iðrumst af einlægni. Við munum hreinsast af synd, ef við iðrumst og reiðum okkur á endurleysandi náð hans. Hann lýsti yfir:

„Þess vegna býð ég þér að iðrast – iðrast þú, ella mun ég ljósta þig með munnspota mínum og með bræði minni og heilagri reiði, og þjáningsar þínar verða sárar – hversu sárar veist þú ekki, hversu nístandi veist þú ekki, já, hversu erfiðar að bera veist þú ekki.

Því að sjá, ég, Guð, hef þolað þetta fyrir alla, svo að þeir þurfi ekki að þjást, ef þeir iðrast–.

En iðrist þeir ekki, verða þeir að þjást, alveg eins og ég–

þjáningu, sem varð þess valdandi, að ég, sjálfur Guð, æðstur allra, skalf af sársauka og blóð draup úr hverri svitaholu, og þjáðist bæði á líkama og í anda – og með hrolli ósk-aði ég þess að þurfa ekki að bergja þennan beiska bikar–

Dýrð sé föðurnum eigi að síður, og ég tæmdi hann og lauk undirbúningi mínum fyrir mannanna börn“ (K&S 19:15–19).

## Sú hætta sem felst í frestun iðrunar

Réttlætið ekki syndir ykkar eða frestið iðrun ykkar. Amúlek aðvaraði: „Því að sjá. Þetta líf er tími mannanna til að búa sig undir að mæta Guði. Já, sjá. Dagur þessa lífs er dagurinn, sem menn hafa til að leysa verk sitt af hendi. . . Ég [grátbið] ykkur um að skjóta ekki degi iðrunar ykkar á frest til hins síðasta. Því að eftir þennan lífsdag, sem okkur er gefinn til að búa okkur undir eilífðina, sjá, ef við nýtum ekki betur tíma okkar hér í þessu lífi, þá kemur nótt myrkursins, en þá er ekkert verk hægt að vinna (Alma 34:32–33).

## Skref iðrunar

Iðrun er sársaukafullt ferli, en hún leiðir til fyrirgefnings og varanlegs friðar. Drottinn sagði fyrir munn Jesaja spámanns: „Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll. Þó að þær séu rauðar sem purpuri, skulu þær verða sem ull“ (Jes 1:18). Drottinn hefur sagt í þessari ráðstöfun: „Þeim sem hefur iðrast synda sinna er fyrirgefið, og ég, Drottinn, minnist þeirra ekki lengur“ (K&S 58:42). Iðrun felur í sér eftirfarandi skref:

*Trú á himneskan föður og Jesú Krist.* Kraftur syndar er öflugur. Þið verðið að snúa ykkur til himnesks föður og biðja í trú til að losna undan þeim krafti. Satan kann að reyna að sannfæra ykkur um að þið séuð ekki verðug þess að biðja – að himneskum föður mislíki svo við ykkur að hann muni aldrei hlusta á bænir ykkar. Það að lygi. Faðir ykkar á himnum er alltaf reiðubúinn að hjálpa ykkur, ef þið komið til hans af iðrandi hjarta. Hann hefur máttinn til að græða ykkur og hjálpa ykkur að sigrast á synd.

Iðrun er verk trúar á Jesú Krist – viðurkenning á krafti friðþægingar hans. Minnist þess að þið getið aðeins hlotið fyrirgefningu samkvæmt hans skilmálum. Þegar þið af þakklæti viðurkennið friðþægingu hans og mátt hans til að

hreinsa ykkur af synd, er ykkur kleift að „iðka trú, sem leiðir til iðrunar“ (Alma 34:17).

*Sorg yfir synd.* Fyrst verðið þið að viðurkenna hið innra að þið hafið syndgað, ef þið hyggist hljóta fyrirgefningu. Ef þið reynið að lifa eftir fagnaðarerindinu, mun slík viðurkennung verða að „hryggð, sem er Guði að skapi, [og] vekur afturhvarf til hjálpræðis“ (2 Kor 7:10). Guðleg sorg á ekki rætur að rekja til náttúrlegrar afleiðingar syndar eða ótta við refsingu, heldur til þeirrar vitneskju að þið hafið kallað yfir ykkur vanþóknun himnesks föður og frelsara ykkar. Þegar þið upplifið guðlega sorg, hafið þið einlæga þrá til að breytast og eruð fús til að beygja ykkur undir allt til að hljóta fyrirgefningu.

*Játning.* „Sá sem dylur yfirsjónir sínar, verður ekki lángefinn, en sá sem játar þær og lætur af þeim, mun miskunn hljóta“ (Okv 28:13). Nauðsynlegt er að gera himneskum föður grein fyrir öllum ykkar gjörðum til að hljóta fyrirgefningu. Krjúpið frammi fyrir honum í auðmjúkri bæn og viðurkennið syndir ykkar. Játíð sök ykkar og sekt og sárbaenið hann um hjálp.

Alvarleg brot, svo sem brot á skírlífislögmáli, geta stofnað aðild ykkar að kirkjunni í hættu. Þið þurfið því að játa slíkar syndir bæði fyrir Drottni og fulltrúum hans í kirkjunni. Það er gert undir umsjá biskups ykkar eða greinarforseta og hugsanlega stikuþorseta eða trúboðsforseta, sem þjóna sem varðmenn og dómarar kirkjunnar. Þótt Drottinn einn geti fyrirgefið syndir, gegna þessir prestdæmisleiðtoga mikilvægu hlutverki í ferli iðrunar. Peir munu sýna játningu ykkar fyllsta trúnað og hjálpa ykkur í gegnum ferli iðrunar. Verið algjörlega heiðarleg við þá. Ef þið játið aðeins að hluta til, minnist aðeins á léttvægari misgjörð, munuð þið ekki geta útkljáð alvarlegra, ótilgreint, brot. Því fyrr sem þið hefjið þetta ferli, því fyrr finnið þið frið og gleði sem felast í undri fyrirgefningar.

*Láta af synd.* Þótt játning sé nauðsynlegur þáttur iðrunar, er hún ekki fullnægjandi. Drottinn sagði: „Þannig getið þér vitað hvort maðurinn iðrast synda sinna – sjá, hann játar þær og lætur af þeim“ (K&S 58:43).

Einsetjið ykkur staðfastlega að endurtaka aldrei brot ykkar. Pegar þið standið við þá skuldbindingu, munuð þið aldrei upplifa sársauka þeirrar syndar að nýju.

Forðið ykkur þegar í stað undan sérhverjum hættulegum aðstæðum. Ef ákveðnar aðstæður valda því að þið syndgið, eða geta valdið því að þið syndgið, forðið ykkur þá. Þið getið ekki vænst þess að sigrast á synd, ef þið staldrið við freist-inguna.

*Yfirbót.* Þið verðið að bæta fyrir það sem skaðast hefur með breytni ykkar, að svo miklu leyti sem það er mögulegt, hvort sem það eru eigur einhvers eða mannorð. Fúsleg yfir-bót sýnir Drottni að þið munuð gera allt sem þið getið til að iðrast.

*Réttlátt lífneri.* Það nægir ekki að reyna einfaldlega að standast hið illa eða forðast syndina. Þið verðið að lifa rétt-látu lífi og helga ykkur því sem færir andlegan kraft. Sökkvið ykkur niður í ritningarnar. Biðjið Drottin daglega um að veita ykkur styrk fram yfir ykkar eigin. Fastið stundum fyrir sér-stökum blessunum.

Algjör hlýðni færir ykkur allan mátt fagnaðarerindisins, ásamt auknum styrk til að sigrast á veikleikum ykkar. Slík hlý-ðni varðar það sem þið teljið fyrst um sinn að komi ekki iðrun við, t.d. að sækja samkomur, greiða tíund, inna þjónustu af hendi og fyrirgefa öðrum. Drottinn lofaði: „Þeim [verður] fyr-irgefið, sem iðrast og fylgir boðorðum Drottins“ (K&S 1:32).

Fleiri tilvísanir: Lúk 15:11–32; 2 Ne 9:19–24; Mósia 4:1–3, 10–13; 26:30–31; K&S 18:10–16

*Sjá einnig* Friðþæging Jesú Krists; Skírn; Kirkjuögunarráð; Trú; Fyrirgefning; Sáluhálfparáætlunin; Synd; Freistaing

## Jesús Kristur

Hinn 1. janúar 2000 gaf Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin út eftirfarandi yfirlýsingu. Hún ber heitið „Hinn lifandi Kristur,” og er vitnisburður um Drottin Jesú Krist og samantekt á eiginleikum hans og guðlegu hlutverki:

„Við minnumst nú fæðingar Jesú Krists fyrir tvö þúsund árum, og gefum vitnisburð okkar um raunveruleika hans, stórbrotið lífsstarf og algjöra friðþægingu. Enginn annar hefur haft svo djúpstæð áhrif á þá sem lifað hafa og lifa munu á jörðu.

Hann var hinn mikli Jehóva Gamla testamentisins og Messías Nýja testamentisins. Undir forsjá föður síns var hann skapari jarðar. ,Allir hlutir urðu fyrir hann, án hans varð ekki neitt, sem til er’ (Jóh 1:3). Hann var skírður, þótt syndlaus væri, til að fullnægja öllu réttlæti. ,Hann gekk um [og] gjörði gott’ (Post 10:38), þó var hann fyrirlitinn. Fagnaðarerindi hans var boðskapur friðar og velgjörðar. Hann hvatti alla til að fylgja fordæmi sínu. Hann fór um vegu Palestínu, læknaði sjúka, veitti blindum sýn og reisti látna upp frá dauðum. Hann kenndi eilífan sannleika, raunveruleika fortilveru, tilgang jarðlífsins og það sem bíður sona og dætra Guðs í næsta lífi.

Hann innleiddi sakramentið til að minna okkur á stórfenglega friðþægingu sína. Hann var tekinn höndum og borinn fölskum sökum til að fullnægja lýðnum og dæmdur til að deyja á krossi á Golgata. Hann létt líf sitt til að friðþægja fyrir syndir alls mannkyns. Undursamleg er staðgengilsgrjöf hans fyrir alla sem lifa munu á jörðu.

Við berum hátíðlega vitni um að tilvera hans, sem er þungamiðja mannkynnssögunnar, hafi ekki hafist í Betlehem eða henni lokið á Golgata. Hann er frumburður föðurins, hinn eingetni sonur í holdinu, lausnari heimsins.

Hann reis upp frá dauðum til að verða ,frumgróði þeirra, sem sofnaðir eru’ (1 Kor 15:20). Upprisinn fór Drottinn til þeirra sem verið höfðu honum kærir í jarðlífina. Hann þjónaði einnig ,öðrum sauðum’ sínum (sjá Jóh 10:16) í Ameríku til

forna. Á síðari tímum birtust hann og faðir hans piltinum Joseph Smith, en þá hófst hin langþráða ráðstöfun í „fyllingu tímans“ (Ef 1:10).

Spámaðurinn Joseph Smith ritaði um hinn lifandi Krist: „Augu hans voru sem eldslogi, hárið á höfði hans var hvítt sem nýfallin mjöll, ljóminn frá svip hans bar af ljóma sólarinnar og rödd hans var sem dynur mikilla vatnsfalla, já, rödd Jehóva, sem sagði:

Ég er hinn fyrsti og hinn síðasti. Ég er sá, sem lifir. Ég er sá, sem deyddur var. Ég er málsvari yðar hjá föðurnum“ (K&S 110:3–4).

Spámaðurinn sagði einnig um hann: „Og nú, eftir þá mörgu vitnisburði, sem gefnir hafa verið um hann, er þetta vitnisburðurinn síðastur allra, sem við gefum um hann: Að hann lifir!

Því að við séum hann, já, Guði til hægri handar, og við heyrðum röddina, sem bar vitni um, að hann er hinn eingetni föðurins—

Að með honum, fyrir hann, og af honum eru og voru heimarnir skapaðir, og íbúar þeirra eru getnir synir og dætur Guðs“ (K&S 76:22–24).

Við lýsum því hátíðlega yfir að prestdæmi hans og kirkja hafa verið endurreist á jörðu—, sem hefur að grundvelli postulana og spámennina, en Krist Jesú sjálfan að hyrningardeini“ (Ef 2:20).

Við berum vitni um að hann muni dag einn snúa til jarðar á ný. „Dýrð Drottins mun birtast, og allt hold mun sjá það“ (Jes 40:5). Hann mun ríkja sem kóngur konunganna og Drottinn drottнanna, og öll kné beygja sig og sérhver tunga vefsama frammi fyrir honum. Hvert og eitt okkar mun leitt fyrir dóm hans í samræmi við verk okkar og þrá hjartans.

Við berum vitni, sem réttilega vígðir postular hans – að Jesús er hinn lifandi Kristur, hinn ódaðlegi sonur Guðs. Hann er hinn mikli konungur Immanuélu, sem nú er föðurnum

til hægri handar. Hann er ljós, von og líf heimsins. Í honum finnum við hamingu í þessu lífi og eilíft líf í því næsta. Guði séu þakkir fyrir óviðjafnanlega gjöf guðlegs sonar hans” (*Ensign*, apríl 2000, 2–3).

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists*

## **Joseph Smith**

Vorið 1820 leitaði hinn 14 ára gamli Joseph Smith að hinni sönnu kirkju Jesú Krists og las eftirfarandi ritningarvers í Biblíunni: „Ef einhvern yðar brestur visku, þá biðji hann Guð, sem gefur öllum örлátlega og átölulaust, og honum mun gefast” (Jakbr 1:5; sjá einnig Joseph Smith-Saga 1:11–12.) Í einfaldri og óhaganlegri trú fylgdi hinn ungi Joseph leiðsögn þessa ritningarvers. Hann fór einsamall í trjálund nokkurn, þar sem hann baðst fyrir til að fá vitneskjum um hvaða kirkju hann ætti að ganga í. Hann hlaut bænheyrslu með þeim hætti að Guð faðirinn og Jesús Kristur birtust honum. Þeir buðu honum meðal annars að ganga ekki í neina þeirra kirkna sem þá voru fyrir hendi. (Sjá Joseph Smith-Saga 1:13–20.)

Þegar Joseph Smith hafði sannreyst eigin verðugleika, var honum falið guðlegt hlutverk sem spámaður Guðs. Fyrir hans tilstilli kom Drottinn miklu og dásamlegu verki til leiðar, sem m.a. var að leiða fram Mormónsbók, endurreisa prestdæmið, opinbera dýrmætan sannleika fagnaðarerindisins, skipuleggja hina sönnu kirkju Jesú Krists og koma musteristarfi af stað. Hinn 27. júní 1844 voru Joseph og Hyrum bróðir hans myrtir í árás vopnaðs mógs. Þeir innsigliðu vitnisburð sinn með blóði sínu.

Þið verðið að eiga vitnisburð um guðlegt hlutverk Josephs Smith til þess að vitnisburður ykkar um hið endurreista fagnaðarerindi sé algjör. Sannleiksgildi Kirkju Jesú Krists hina Síðari daga heilögir hvílir á sannleiksgildi Fyrstu

## *Joseph Smith yngri*

sýnarinnar og öðrum þeim opinberunum sem Drottinn veitti spámanninum Joseph. John Taylor forseti, þriðji forseti kirkjunnar, ritaði: „Joseph Smith, spámaður og sjáandi Drottins, hefur, að Jesú einum undanskildum, gjört meira manninum til sáluhjálpar í þessum heimi en nokkur annar, sem lifað hefur í honum“ (K&S 135:3).

Fleiri tilvísanir: Jes 29:13–14; 2 Ne 3:3–15; K&S 5:9–10; 135; Joseph Smith–Saga

*Sjá einnig Spámenn; Endurreisn fagnaðarerindisins*

## **Joseph Smith yngri** (*Sjá Joseph Smith*)

### **Kaffi** (*Sjá Vísdómsorðið*)

#### **Kenna fagnaðarerindið**

Drottinn hefur lýst yfir: „Og ég gef yður boð um að fræða hvert annað um kenningu ríkisins. Kennið af kostgæfni og náð míni verður með yður, svo að þér megið enn betur fræddir verða um fræðisetningar, reglur, kenningu og lögmál fagnaðarerindisins, um allt er lýtur að Guðsríki og yður er gagnlegt að skilja“ (K&S 88:77–78).

Drottinn veitir okkur helga ábyrgð með þessu boði sínu. Hann leiðir okkur að óteljandi tækifærum til innihaldsríkra þjónustu. Það er fátt sem jafnast á við þá gleði sem hlýst af því að hjálpa öðrum að læra fagnaðarerindið og lifa eftir því.

Boðið um að kenna á við um ykkur, jafnvel þótt þið hafið ekki formlega köllun sem kennrar eins og sakir standa. Þið getið kennt fjölskyldu ykkar, þeim sem þið hafið umsjá með í heimiliskennslu eða heimsóknarkennslu og jafnvel samstarfsfólki, nágrönum og vinum. Stundum getið þið kennt með orðum sem þið hafið búið ykkur undir að segja. Stundum getið þið nýtt ykkur óundirbúnar stundir, þar sem þið getið miðlað sannleika fagnaðarerindisins. En flestum stundum getið þið kennt með fordæmi.

## Kenna eins og frelsarinn

Lítið til fordæmis Jesú Kristi þegar þið kennið fagnaðarerindið. Lesið frásagnir um jarðneska þjónustu hans og leitið leiða til að kenna eins og hann kenndi. Hann sýndi einlæga elsku og umhyggju fyrir þeim sem hann þjónaði. Hann styrkti fólk persónulega og kenndi því reglur fagnaðarerindisins þannig að það uppfyllti einstaklingsbundnar þarfir þess. Hann vakti löngun sumra til að skilja fagnaðarerindið og lifa eftir því. Stundum spurði hann spurninga sem urðu til að hjálpa þeim að tileinka sér það sem hann kenndi. Hann kenndi hinn endurleysandi sannleika fagnaðarerindisins og hjálpaði hlustendum sínum að skilja hvað þeim bar að vita, gera og vera til að hljóta gjöf eilífs lífs.

Þegar þið fylgið fordæmi frelsarans, mun kennsla ykkar endurnæra og uppörva aðra, efla trú þeirra og veita þeim styrk til að takast á við erfiðleika lífsins. Það hvetur þá til að láta af synd og halda boðorðin. Það hjálpar þeim að koma til Kristi og njóta elsku hans.

## Kenna með andanum

Drottinn sagði: „Og andinn skal veitast yður með trúarbæn. Og ef þér meðtakið ekki andann, munuð þér ekki kenna“ (K&S 42:14). Andinn, eða heilagur andi, er aðili að Guðdóminum. Eitt ætlunarverk frelsarans er að „opinbera . . . sannleiksgildi allra hluta“ (Moró 10:4–5). Kennsla fagnaðarerindisins getur aðeins verið fræðandi og uppyggjandi, ef áhrif andans eru fyrir hendi.

Þið njótið þeirra forréttinda sem trúarkennrarar að vera verkfæri heilags anda til að kenna, vitna, hugga og innblása. Líkt og spámaðurinn Neff sagði: „Þegar maðurinn talar með krafti heilags anda, kemur kraftur heilags anda því til skila í hjörtum mannanna barna“ (2 Ne 33:1).

Ef þið undirbúið ykkur andlega, mun heilagur andi láta ykkur vita hvað þið getið gert og sagt í kennslu ykkar. Þið

## *Kenning og sáttmálar*

getið búið ykkur undir kennslu með því að biðja oft, nema ritningarnar, lifa eftir fagnaðarerindinu og vera auðmjúk.

### Kennsluaðferðir

Kennsla ykkar verður áhrifaríkust þegar þið nýtið ykkur fjölbreytilegar aðferðir. Þið getið til að mynda sagt sögur og gefið dæmi til að ná athygli fólks og sýnt hvernig reglur fagnaðarerindisins eiga við í lífi þess. Þið getið notað myndir til að auka skilning annarra á frásögnum í ritningunum og reglum fagnaðarerindisins. Þið og nemendur ykkar getið notað tónlist til að bjóða heilögum anda inn í kennsluna og tjáð tilfinningar sem erfitt væri að tjá við aðrar aðstæður. Þið getið spurt spurninga sem hvetja til uppbyggjandi lærðoms og umræðna og leiða til þess að fólk miðlar af eigin reynslu. Þið getið náð athygli nemenda með einföldum aðferðum.

Þegar þið hugleiðið að nota sértækar kennsluaðferðir, skuluð þið spyrja ykkur þessara spurninga: Mun þessi aðferð bjóða heim áhrifum andans? Er hún í samræmi við þá helgu reglu sem ég kenni? Mun hún efla og styrkja þá sem ég kenni?

Minnist þess að sem trúarkennarar eruð þið fullrúar Drottins. Gangið úr skugga um að allt sem þið gerið og segið sé viðeigandi og í samræmi við vilja hans.

Þið getið, til frekar ábendinga um kennslu fagnaðarerindisins, nýtt ykkur *Teaching, No Greater Call* (36123); the *Kennsla-leiðarvísir* (34595); og „Gospel Teaching and Leadership,” kafli 16 í *Church Handbook of Instructions, Book 2: Priesthood and Auxiliary Leaders* (35903).

Fleiri tilvísanir: Mósía 18:19; Alma 1:26; 17:2–3; 31:5; K&S 11:21

## **Kenning og sáttmálar** (*Sjá Ritningar*)

### **Kirkjustjórnun**

Jesús Kristur er höfuð kirkjunnar. Ætlunarverk Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er að hjálpa öllum mönnum

að koma til Krists (sjá Moró 10:32). Til að uppfylla þann tilgang er kirkjan skipulögð samkvæmt þeirri fyrirmynnd sem Drottinn hefur opinberað, til „að fullkomna hina heilögu . . . þangað til vér verðum allir einhuga í trúnni og þekkingunni á syni Guðs“ (Ef 4:12-13; sjá einnig vers 11). Eftirfarandi ágrip er samantekt á skipulagi kirkjunnar.

## Heimili og fjölskylda

Fjölskyldan er grunneining í kirkjunni og heimilið er mikilvægasti staðurinn til náms á fagnaðarerindinu. Engin önnur stofnun megnar að koma í stað fjölskyldunnar. Þótt kirkjan haldi áfram að stækka verður tilgangur hennar ávallt sá, að styðja og efla fjölskyldur og einstaklinga í viðleitni þeirra til að lifa eftir fagnaðarerindinu.

## Yfirstjórn

Drottinn leiðir sáttmálsfólk sitt nú með forseta kirkjunnar, sem studdur er sem spámaður, sjáandi og opinberari. Forseti kirkjunnar er í forsæti allrar kirkjunnar. Hann og ráðgjafar hans, sem einnig eru spámenn, sjáendur og opinberarar, mynda sveit Æðsta forsætisráðsins.

Meðlimir Tólfpostulasveitarinnar eru einnig spámenn, sjáendur og opinberarar. Þeir, ásamt Æðsta forsætisráðinu, eru „sérstök vitni nafns Krists um allan heim“ (K&S 107:23). Þeir starfa undir stjórn Æðsta forsætisráðsins við að „byggja upp kirkjuna og stjórna öllum málum hennar hjá öllum þjóðum“ (K&S 107:33). Þeir „ljúka upp dyrum [þjóðanna] að boðun fagnaðarerindis Jesú Krists“ (K&S 107:35).

Meðlimir sveitar hinna Sjötíu eru kallaðir til að kunngjöra fagnaðarerindið og byggja upp kirkjuna. Þeir starfa undir stjórn postulanna tólf og lúta leiðsögn sjö bræðra sem kallaðir eru til að þjóna sem forsætistáð hinna Sjötíu. Meðlimir fyrstu og annarrar sveitar hinna Sjötíu eru tilnefndir aðalvaldhafar og þá má kalla til þjónustu hvarvetna um heim.

## Kirkjustjórnun

Yfirbiskupsráðið er forsætisráð Aronsprestdæmis allrar kirkjunnar. Yfirbiskupinn og ráðgjafar hans þjóna undir stjórn Æðsta forsætisráðsins við stundleg málefni kirkjunnar.

Piltafélagið, Líknarfélagið, Stúlknafélagið, Barnafélagið og sunnudagaskólinn hafa öll aðalforsætisráð sem veitir leiðsögn og fyrirmæli.

## Svæðisstjórn

Svæði er stærsta landfræðilega eining kirkjunnar. Æðsta forsætisráðið felur forsætisráði hinna Sjötíu að hafa bein afskipti af völdum svæðum kirkjunnar, undir umsjá Tólfpostulasveitarinnar. Á öðrum svæðum kirkjunnar felur Æðsta forsætisráðið svæðisforsætisráðum yfirstjórn. Svæðisforsætisráð er skipað forseta, sem yfirleitt er tilnefndur úr fyrstu og annarri sveit hinna Sjötíu, og tveimur ráðgjöfum, sem tilhefna má úr hvaða sveit hinna Sjötíu sem er. Svæðisforsætisráð þjónar undir stjórn Æðsta forsætisráðsins, Tólfpostulasveitarinnar og forsætisráðs hinna Sjötíu.

Sumir bræður eru vígðir til embættis hinna Sjötíu, en þjóna ekki sem aðalvaldhafar. Þeir nefnast svæðishafar Sjötíu og þeir eru tilnefndir í aðrar sveitir en fyrstu og aðra sveit hinna Sjötíu, samkvæmt landfræðilegri staðsetningu. Þeirra lögsagnarumdæmi takmarkast við það landsvæði sem þeir búa á. Sumir svæðishafar Sjötíu þjóna í svæðisforsætisráðum.

## Heimasvæðastjórn

*Deildir og greinar.* Meðlimir kirkjunnar eru skipulagðir í heimasöfnuði sem koma oft saman til andlegra og félagslegra athafna. Fjölmennari söfnuðir nefnast deildir. Í hverri deild er biskup í forsæti, ásamt tveimur ráðgjöfum sínum.

Fámennari söfnuðir nefnast greinar. Í hverri grein er greinarforseti í forsæti, ásamt tveimur ráðgjöfum sínum. Grein er hægt að skipuleggja þegar tveir meðlimir hið minnsta búa á

svæði og annar þeirra er verðugur Melkísedeksprestdæmishafi eða verðugur prestur í Aronsprestdæminu. Forsætisráðstiku, trúboðs eða umdæmis skipuleggja og hafa umsjá með grein. Grein getur stækkað og orðið að deild, ef hún er innan stiku.

Hver deild eða grein nær yfir ákveðið landssvæði. Hin ýmsu félög deilda eða greinar leggja sitt af mörkum í verki Drottins: Háprestahópar; ödungasveitir; Líknarfélagið, fyrir 18 ára konur og eldri; Aronsprestdæmissveitir, fyrir 12 til og með 17 ára pílta; Stúlknaðarfélagið, fyrir 12 til og með 17 ára stúlkur; Barnafélagið, fyrir 18 mánaða til og með 11 ára börn; og sunnudagaskólinn, fyrir alla meðlimi kirkjunnar 12 ára og eldri. Hvert þessara félaga gegnir mikilvægu hlutverki við að kenna fagnaðarerindið, veita þjónustu og styðja foreldra í þeirra helgu ábyrgð þeirra að hjálpa börnum sínum að snúast til trúar á fagnaðarerindi Jesú Krista. Félög þessi starfa einnig saman við að hjálpa meðlimum að miðla öðrum fagnaðarerindinu.

*Stikur, trúboð og umdæmi.* Flestum landsvæðanna, þar sem kirkjan er skipulögð, er skipt í stikur. Hugtakið *stika* er frá spámanninum Jesaja, sem spáði því að hin síðari daga kirkja yrði líkt og tjald sem haldið væri föstu með stikum (sjá Jes 33:20; 54:2). Yfirleitt eru 5 til 12 deildir og greinar í stiku. Í hverri stiku er stikuforseti í forsæti, ásamt tveimur ráðgjöfum sínum. Stikuforsetar gera forsætisráði hinna Sjótíu eða svæðisforsætisráði grein fyrir starfi sínu og fá fyrimæli þaðan.

Trúboð er eining í kirkjunni sem yfirleitt nær yfir svæði sem er mun stærra en svæði stiku. Í hverju trúboði er trúboðsforseti í forsæti, ásamt tveimur ráðgjöfum sínum. Trúboðsforsetar heyra beint undir aðalvaldhafa.

Á sama hátt og grein er smærri útgáfa af deild, þá er umdæmi smærri útgáfa af stiku. Umdæmi er skipulagt þegar nægilegur fjöldi greina er á svæði, þar sem auðvelt er að eiga samskipti og ferðir á umdæmisfundi eru aðgengilegar.

## Kirkjuögunarráð

Umdæmisforseti er kallaður í forsæti hvers umdæmis, ásamt tveimur ráðgjöfum. Umdæmisforseti skilar greinargerð til trúboðsforseta. Umdæmi getur þróast í stiku.

*Starf fyrir einhleypa meðlimi.* Margir meðlima kirkjunnar hafa aldrei gengið í hjónaband, eða hafa skilið við eða misst maka sinn. Þeir meðlimir eru flokkaðir í two hópa: Yngri einhleypir (18 til og með 30 ára) og Eldri einhleypir (31 árs og eldri).

Ekki eru sérstök félög fyrir Yngri einhleypa og Eldri einhleypa. Þess í stað, er nægilega margir meðlimir eiga heima á svæði, eru prestdæmisleiðtoga þar hvattir til að kalla fulltrúa einhleypra meðlima, sem starfa í þeirra umsjá. Fulltrúar einhleypra skipuleggja athafnir, svo sem dansleiki, þjónustuverkefni og kvöldvökur. Slíkar athafnir gefa einhleypum kost á að koma saman og efla hvert annað. Einhleypir meðlimir eru einnig hvattir til að eiga reglubundin samskipti við prestdæmisleiðtoga sína til að ræða þarfir þeirra og tækifæri til andlegs vaxtar og þjónustu.

Fleiri tilvísanir: K&S 107

Sjá einnig Prestdæmið; Líknarfélagið

## Kirkjuögunarráð

Biskupar og greinarforsetar og stikuforsetar, trúboðsforsetar og umdæmisforsetar gegna þeirra ábyrgð að hjálpa meðlimum að sigrast á syndum með iðrun. Alvarlegustu syndirnar, svo sem alvarleg brot á samfélagslögum, ofbeldi á maka eða börnum, hórdómur, saurlifnaður, nauðgun og sifjaspell, krefjast oft formlegrar kirkjuögunar. Formleg kirkjuögun getur haft í för með sér takmörkun á forréttindum kirkjuaðildar eða missi kirkjuaðildar.

Ferli formlegrar ögunar hefst þegar ráðandi prestdæmisleiðtogi kallar saman ögunarráð. Tilgangur ögunarráðs er að bjarga sálum brothafa, vernda hina saklausu og standa vörð um hreinleika, ráðvendni og gott orðspor kirkjunnar.

Kirkjuögun er innblásið ferli sem nær yfir ákveðið tíma-bil. Sú framvinda og friðþæging Jesú Krista gerir meðlimum kleift að hljóta fyrirgefningu synda, endurheimta hugarfrið og öðlast styrk til að forðast að brjóta af sér í framtíðinni. Sjálfrí kirkjuöguninni er ekki ætlað að enda ferlið. Hún er hugsuð til þess að hjálpa börnum himnesks föður að halda áfram í þeiri viðleitni sinni, að snúa aftur til fullrar aðildar og allra blessana kirkjunnar. Sá árangur sem sóst er eftir, er að viðkomandi einstaklingur geri allar þær breytingar sem nauðsynlegar eru til fullgildrar iðrunar.

*Sjá einnig Fyrirgefning; Iðrun*

## Klám

Klám er allt það efni sem sýnir kynferðislega hegðun eða sýnir mannslíkamann eða lýsir honum í þeim tilgangi að vekja kynferðislegar tilfinningar. Það er að finna í fjölda miðla, svo sem í tímaritum, bókum, sjónvarpi, kvíkmyndum, tónlist og á Alnetinu. Það er andanum jafn skaðlegt og tóbak, áfengi og eiturlyf eru líkamanum. Hverskyns notkun á klámfefni er brot á boðorðum Guðs: „Þú skalt ekki . . . drýgja hór, . . . né nokkuð því líkt“ (K&S 59:6). Það getur leitt til annarra alvarlegra synda. Meðlimir kirkjunnar ættu að forðast klám í öllu formi og vera andmæltir framleiðslu þess, dreifingu og notkun.

Klámefni er átakanlega ánetjandi. Líkt og með annað sem ánetjandi er, fær það menn til að gera tilraunir og leita meiri örvinar. Ef þið fiktíð við það og leyfið ykkur að staldra við það, mun það eyðileggja ykkur, smána huga ykkar, hjarta og anda. Það rænir ykkur sjálfsvirðingunni og getu þess að skynja hið fagra í lífinu. Það brýtur ykkur niður og leiðir til illra hugsana og hugsanlega illrar breytni. Það mun valda hræðilegum skaða á sambandi ykkar við fjölskylduna.

## Krossfestningin

Þjónar Guðs hafa stöðugt hvatt okkur til að láta klámfni eiga sig, vegna ánetjandi eiginleika þess og skaðsemi þess fyrir líkama og anda. Ef þið eruð ánetjuð klámfni, látið það þá þegar eiga sig og leitið hjálpar. Þið getið hlotið fyrirgefningu fyrir iðrun og fundið von í fagnaðarerindinu. Leitið ráða hjá biskupi ykkar eða greinarforseta um hvernig þið getið sigrast á vanda ykkar og sækist eftir lækningu með friðþægingu Jesú Krists. Biðjið Drottin að veita ykkur styrk til að sigrast á þessari skelfilegu ánetjun.

Fleiri tilvísanir: Matt 5:27–28; Róm 6:12; Alma 39:9; K&S 42:23

*Sjá einnig Skírlífi; Freistaing*

## Krossfestningin (*Sjá Friðþæging Jesú Krists; Krossinn*)

### Krossinn

Krossinn er notaður í mörgum kristnum kirkjum sem tákna um dauða og upprisu frelsarans og til einlægrar trúartjánings. Við minnumst einnig af lotningu þjáninga frelsarans sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. En þar sem frelsarinn lifir notum við ekki táknið um dauða hans sem tákna trúar okkar.

Líf okkar verður að vera tjáningarmynd trúar okkar. Minnumst þess að þegar við skírðumst og vorum staðfest, gerðum við sáttmála um að taka á okkur nafn Jesú Krists. Samferðafólk okkar ætti að sjá og skynja ást okkar til frelsarans og verks hans.

Einu meðlimir kirkjunnar sem bera tákna krossins eru herprestar, sem bera hann á einkennisbúningi sínum til að sýna að þeir eru kristnir herprestar.

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Jesús Kristur; Upprisan*

## Kynferðisleg ósiðsemi (*Sjá Skírlífi*)

## Kærleikur

Kærleikurinn er „hin hreina ást Krists“ eða „ævarandi elска“ (Moró 7:47; 8:17). Spámaðurinn Mormón sagði: „Kærleikurinn er langlyndur, hann er góðviljaður. Kærleikurinn öfundar ekki. Kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sér ekki upp. Hann hegðar sér ekki ósæmilega, leitar ekki síns eigin, hann reiðist ekki, er ekki langrækinn. Hann gleðst ekki yfir óréttvísinni, en samgleðst sannleikanum. Hann breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt“ (Moró 7:45; sjá einnig 1 Kor 13:4–7).

Jesús Kristur er fullkomið dæmi um kærleika. Í jarðneskri þjónustu sinni „gekk [hann ætíð um og] gjörði gott“ (sjá Matt 4:23; Mark 6:6; Post 10:38). Hin algjöra friðþæging hans var hans æðsta kærlekstjáning. Hann sagði: „Enginn á meiri kærleik en þann að leggja líf sitt í sölurnar fyrir vini sína“ (Jóh 15:13). Hún var æðsta tjáning langlundargeðs, góðvildar og óeigingirni sem við fáum þekkt. Þið getið með skilningi á varanlegri elsku frelsarans, iðkað trú og iðrast synda ykkar, í þeirri fullvissu að hann muni fyrirgefa ykkur og styrkja ykkur í þeirri viðleitni að lifa eftir fagnaðarerindinu.

Frelsarinn vill að þið takið á móti elsku hans og einnig að þið miðlið henni öðrum. Hann sagði við lærisveina sína. „Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hver annan. Eins og ég hef elскаð yður, skuluð þér einnig elска hver annan. Á því munu allir þekkja, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars“ (Jóh 13:34–35). Lítið til frelsarans sem fordæmi í sambandi ykkar við fjölskylduna og aðra. Leggið kapp á að elска líkt og hann elskoði, af óbrigðulli samúð, þolinmæði og miskunn.

Þið munuð skynja aukna elsku er þið haldið áfram að taka á móti hinni fullkomnu elsku frelsarans og sýnið öðrum kristilega elsku. Þið munuð upplifa gleði af því að vera í þjónustu Drottins. Heilagur andi mun verða ykkur stöðugur

## Líkamsgötun

förunautur, leiða ykkur í þjónustu ykkar og í sambandi ykkar við aðra. Þið verðið undir það búin að mæta Drottni við dóminn, þar sem hann mun gjalda ykkur samkvæmt kostgæfni ykkar við verk hans. Mormón sagði:

„Skorti yður þess vegna kærleika, ástkaeru bræður mínir, eruð þér ekki neitt, því að kærleikurinn fellur aldrei úr gildi. Haldið þess vegna fast við kærleikann, sem er öllu æðri, því að allt annað hlýtur að falla úr gildi—

En kærleikurinn er hin hreina ást Krists og varir að eilífu. Og hverjum þeim, sem reynist eiga hann á efsta degi, honum mun vel farnast.

Biðjið þess vegna til föðurins, ástkaeru bræður mínir, af öllum hjartans mætti, að þér megið fyllast þessari elsku, sem hann hefur gefið öllum sönnum fylgjendum sonar síns, Jesú Krists; að þér megið verða synir Guðs; að þegar hann birtist, þá verðum vér honum líkir, því að vér munum sjá hann eins og hann er; að vér megum eiga þessa von; að vér megum verða hreinir eins og hann er hreinn“ (Moró 7:46–48).

Fleiri tilvísanir: Matt 25:31–46; 1 Jóh 4:18; Eter 12:33–34; K&S 12:8; 34:3; 121:45

Sjá einnig Elska; Þjónusta

## Líkamsgötun

Síðari daga spámenn mæla ákveðið gegn því að líkaminn sé gataður, nema af læknisfræðilegum ástæðum. Vilji stúlka eða kona láta gata eyru sín, eru þær hvattar til að láta eitt látlauost par eyrnalokka nægja.

Þeir sem ákveða að hafa leiðsögn þessa að engu skortir virðingu fyrir sjálfum sér og Guði. Að því mun koma að þeir sjá eftir slíkri breytni.

Páll postuli greindi frá mikilvægi líkamans og hættunni af að vanhelga hann viljandi: „Vitið þér eigi, að þér eruð musteri Guðs og að andi Guðs býr í yður? Ef nokkur eyðir musteri

Guðs, mun Guð eyða honum, því að musteri Guðs er heilagt, og þér eruð það musteri” (1 Kor 3:16–17).

Sjá einnig Hæverska; Húðflúr

## Líknarfélagið

Líknarfélagið var stofnað af spámanninum Joseph Smith 17. maí 1842 í Nauvoo, Illinois. Á þeim tíma sem Líknarfélagið var stofnað var tilgangur þess tvíþættur: Að líkna hinum fátæku og þurfandi og frelsa sálir. Félagið er enn við lýði á okkar tíma og helgar sig enn þessum upprunalega tilgangi sínum. Um allan heim starfa systur Líknarfélagsins við hlið prestdæmishafa við að útfæra ætlunarverk kirkjunnar. Þær styðja hver aðra með því að:

- Efla vitnisburð sinn um Jesú Krist með bæn og ritningarelestri.
- Leita andlegs styrks með því að fylgja leiðsögn heilags anda.
- Styrkja heimili, fjölskyldur og hjónabönd.
- Glæða móðurhlutverkið göfgi og gleðjast yfir kvenhlutverki sínu.
- Finna gleði í þjónustu og göfugum verkum.
- Elska lífið og lærðóm þess.
- Standa fyrir sannleika og réttlæti.
- Styðja prestdæmið sem valdsumboð Guðs á jörðu.
- Gleðjast yfir blessunum musterisins.
- Skilja guðleg örlög sín og keppa að upphafningu.

Ef þið eruð í Líknarféluginu, getið þið til að mynda lagt ykkar skerf fram til þess að uppfylla tilgang félagsins með því að taka á móti þjónustu sem heimsóknarkennrar. Þegar þið heimsäkið systurnar sem ykkur hefur verið falið að hafa

## Ljós Krists

umsjá með og þjónið þeim, gefið ykkur þá tíma til að kenna fagnaðarerindið og rækta vináttuböndin. Auk þess að þjóna einstaklingum, getið þið gegnt því mikilvæga hlutverki að efla fjölskyldur.

Leiðtогар í deildum og greinum eiga að tryggja að hverri systur, 18 ára og eldri, séu tilnefndir heimsóknarkennarar. Leiðtогар prestdæmis og Líknarfélags fylgjast með því að heimsóknarkennarar uppfylli andlegar og stundlegar þarfir hverrar systur.

Sem systur í Líknarfélaginu tilheyrið þið heimssystralagi og eruð sameinaðar í trú á Jesú Krist. Þið takið höndum saman með öðrum dætrum Guðs, sem konur trúar, dyggðar, hugsjónar og kærleika, með þá öruggu vitneskju að líf ykkar sé innihaldsríkt, hafi tilgang og stefnu. Með þátttöku ykkar í Líknarfélaginu gefst ykkur kostur á að njóta systralags og félagsskapar, veita innihaldsríka þjónustu, miðla vitnisburði ykkar og hæfileikum og þroskast andlega.

## Ljós Krists

Ljós Krists „kemur úr návist Guðs til að fylla ómælisgeiminn.“ Það er „í öllu og gefur öllu líf, sem er lögmálið, er öllu stjórnar“ (K&S 88:12–13; sjá einnig vers 6–11). Frá krafti þessum streyma hin góðu áhrif inn í líf allra manna (sjá Jóh 1:9; K&S 93:2). Í ritningunum er ljós Krists stundum nefnt andi Drottins, andi Guðs, andi Krists eða ljós lífsins.

Ekki ætti að rugla saman ljósi Krists og heilögum anda. Það er ekki vera, líkt og heilagur andi. Áhrif þess laða menn að hinu sanna fagnaðarerindi, til að láta skírast og taka á móti gjöf heilags anda (sjá Jóh 12:46; Alma 26:14–15).

Samviskan er staðfesting á ljósi Krists, sem gerir okkur kleift að greina á milli góðs og ills. Spámaðurinn Mormón sagði: „Því að sjá. Andi Krists er gefinn hverjum manni, svo að hann megi þekkja gott frá illu. Þess vegna sýni ég yður leiðina til að dæma. Því að allt, sem hvetur til góðra verka og

leiðir til trúar á Krist, er sent fyrir kraft og gjöf Krists. Þannig getið þér vitað með fullkominni vissu, að það er frá Guði. . . . Bræður mírir. Þar sem þér þekkið það ljós, sem þér getið dæmt eftir, það ljós, sem er ljós Krists, gætið þess þá að dæma ekki ranglega. Því með sama dómi og þér dæmið, munuð þér og dæmdir verða” (Moró 7:16, 18).

Fleiri tilvísanir: Jóh 8:12; Alma 28:14

*Sjá einnig Samviska; Heilagur andi*

## **Lotning**

Lotning er djúp virðing og elска. Þegar við sýnum Guði lotningu, þá heiðrum við hann, tjáum honum þakklæti okkar og höldum boðorð hans.

Við ættum að vera lotningarfull í framkomu sem og í hugsun. Lotningarfull breytni felur í sér bænargjörð, ritningarlestur, föstu og greiðslu tíundar og föstufórn. Hún felur í sér siðsamlegan klæðnað og notkun góðs og heilbrigðs málfars. Lotning okkar sést á því hverskonar tónlist við hlustum á og skemmtunum við tökum þátt í, hvernig við tölum um helga hluti og hvernig við klæðum okkur og komum fram þegar við sækjum kirkjuna og musterið. Við sýnum Drottini lotningu þegar við þjónum öðrum og komum fram við þá af góðvild og virðingu.

Þegar við sýnum aukna lotningu, munum við skynja til-tölulega mikla breytingu á lífi okkar. Drottinn mun úthella anda sínum ríkulega yfir okkur. Við verðum síður mædd og ráðvillt. Við getum hlotið opinberun okkur til hjálpar við að leysa úr málum okkar sjálfra og fjölskyldunnar.

Á sama hátt og lotning færir okkur nær Guði, þjónar virðingarleysi tilgangi andstæðingsins. Satan mun freista ykkar til að fylgja hætti heimsins, sem er hávaðasamur, skemmtan-asjúkur, þrætugjarn, hömlulaus og virðingarlaus. Hann mun reyna að teppa samskiptamáta ykkar og Drottins, líkt og her-

## *Lyklar prestdæmisins*

foringi sem fer fyrir innrás. Varið ykkur á slíkri herkænsku og keppið að lotningu í öllu sem þið gerið.

Fleiri tilvísanir: 3 Mós 26:2; Sálm 89:5–7; Hebr 12:28; K&S 59:21; 63:61–62, 64; 109:21

*Sjá einnig Trú; Pakklæti; Hæverska; Bæn; Opinberun; Tilbeiðsla*

## **Lyklar prestdæmisins (Sjá Prestdæmið)**

### **Lög og stjórnvöld**

Í 134. kafla Kenningar og sáttmála er greint frá trú Síðari daga heilagra „varðandi jarðnesk stjórnvöld og lög almennt“ (K&S 134, formáli kafla). Í kaflanum kemur eftirfarandi fram:

„Vér trúum, að Guð hafi innleitt stjórnkerfi manninum til heilla, og að hann gjöri manninn ábyrgan fyrir starfi sínu í þeim, bæði varðandi setningu laga og framkvæmd þeirra, til heilla og öryggis fyrir samfélagið. . . .

Vér álínum, að öllum mönnum sé skylt að styðja viðkomandi stjórnvöld, þar sem þeir búa, og veita þeim fulltingi sitt, svo lengi sem lög þeirra stjórnvalda vernda meðfæddan og ófrávíkjanlegan rétt þeirra, og að upphlaup og uppreisn séu vansæmandi sérhverjum borgara, sem þannig verndar nýtur, og skyldi slíkum refsað á viðeigandi hátt, og að öll stjórnvöld hafi rétt til að setja þau lög, sem að þeirra eigin dómi séu best til þess fallin að tryggja almenna hagsmuni, en virði þó á sama tíma helgi skoðanafrelsисins.

Vér álínum, að virða skuli sérhvern mann í stöðu sinni, stjórnendur og yfirvöld sem slík, því að þau eru sett til verndar hinum saklausu og til refsingar hinum seku, og að öllum mönnum beri að virða lögin og lúta þeim, því að án þeirra mundi ríkja stjórnleysi og angist í stað friðar og einingar. Lög manna eru sett í þeim megintilgangi að gæta hagsmunu okkar sem einstaklinga og þjóða og manna á milli, og guðleg lögmál sett á himni setja reglur í andlegum efnum, um

trú og tilbeiðslu, og skal skaparanum gjörð skil á hvorum tveggja“ (K&S 134:1, 5–6).

Einn meginþáttur aðskilnaðar kirkju og ríkis er sú ábyrgð stjórnvalda að veita trúfrelsi. Síðari daga spámenn styðja þessa reglu, sem sett er fram í ellefta trúaratriðinu: „Vér krefjumst þeirra réttinda að fá að tilbiðja almáttugan Guð, eftir því sem eigin samviska býður, og viðurkennum sömu réttindi til handa öllum mönnum. Lofum þeim að tilbiðja, hvernig, hvar eða hvað sem þeim þóknast.“ Í samræmi við aðskilnað kirkju og ríkis styður kirkjan engan stjórnmála-fólk eða stjórnmálaman. Hún leyfir ekki notkun húsakynna sinna í stjórnmálalegum tilgangi. Kirkjan tekur ekki þátt í stjórnmálum, nema því aðeins að upp komi siðferðisleg álitamál, þar sem kirkjan lætur frá sér heyra.

Enda þótt kirkjan haldi áfram að vera hlutlaus í stjórn-málum, hafa kirkjuleiðtogar hvatt meðlimi til að vera virkir samfélagsþegnar. Við ættum að hafa skilning á stöðu okkar sem Síðari daga heilagir í því landi sem við búum í. Við ættum að læra um sögu, arfleifð og lög landsins. Ef okkur gefst kostur á að kjósa og taka þátt í málefnum stjórnvalda, ættum við að vera virk í því að styðja og verja reglur sann-leika, réttlætis og frelsis.

Fleiri tilvísanir: K&S 98:10; Trúaratiðin 1:12

## Melkísedesprestdæmið

„Í kirkjunni eru tvö prestdæmi, það er Melkísedes og Arons“ (K&S 107:1). Melkísedesprestdæmið, sem er „hið heilaga prestdæmi eftir reglu Guðssonarins“ (K&S 107:3), er æðra af þeim tveimur. Það „hefur réttinn til forsætis og kraft og vald yfir öllum embættum kirkjunnar“ (K&S 107:8). Það hefur einnig „Lykla að öllum andlegum blessumum kirkjunnar“ (K&S 107:18) Það er nefnt eftir miklum hápresti, sem var uppi á tímum spámannsins Abrahams (sjá K&S 107:2–4; sjá einnig Alma 13:14–19).

## *Menntun*

Kirkjuleiðtoga leiða kirkjuna og pré dikun fagnaðar erindisins um heim allan með valdi Melkísedeksprestdæmis ins. Í helgiathöfnum Melkísedeksprestdæmisins „opinberast því kraftur guðleikans“ (K&S 84:20).

Æðra prestdæmið var veitt Adam og hefur alltaf verið á jörðinni þegar Drottinn hefur opinberað fagnaðarerindi sitt. Það var tekið af jörðinni í fráhvarfinu mikla, en var endurreist í maí 1829, þegar postularnir Pétur, Jakob og Jóhannes veittu það Joseph Smith og Oliver Cowdery.

Embætti Melkísedeksprestdæmisins eru öldungur, há prestur, patriarki, einn hinna sjötíu og postuli. Forseti hins háa prestdæmis er forseti kirkjunnar (sjá K&S 107:64–66).

Karlar í kirkjunni verða að vera verðugir Melkísedeks prestdæmishafar til að hljóta musterisgjöf og vera innsiglaðir fjölskyldu sinni að eilífu. Þeir hafa vald til að þjónusta sjúka og veita fjölskyldu sinni og öðrum sérstakar bles sanir. Með samþykki prestdæmisleiðtoga í forsæti geta þeir veitt gjöf heilags anda og vígt aðra verðuga karla til embættis Arons prestdæmisins og Melkísedeksprestdæmisins.

Þegar karlmenn hljóta Melkísedeksprestdæmið, taka þeir á móti eiði og sáttmála prestdæmisins. Þeir gera sáttmála um að vera trú fastir, efla köllun sína, „og af kostgæfni gefa gaum að orðum eilífs lífs“ og „lifa samkvæmt sérhverju orði, sem fram gengur af Guðs munni.“ Þeir sem halda þennan sáttmála munu helgaðir af andanum og hljóta „allt, sem [faðirinn] á.“ (Sjá K&S 84:33–44.)

*Sjá einnig Aronsprestdæmið; Prestdæmið*

## **Menntun**

Drottinn hefur boðið: „Sækist eftir fræðslu með námi og einnig með trú“ (K&S 88:118). Hann hefur ráðlagt okkur að læra fagnaðarerindið og hljóta vitneskju um „það, sem er á himni og á jörðu og undir jörðu. Það sem var, það sem er, það sem brátt mun verða, það sem er heima og það sem er

að heiman, um styrjaldir og glundroða þjóðanna og dómana, sem á landinu hvíla, og einnig þekkingu á löndum og ríkjum – Svo að [við séum] í öllu [reiðubúin]” (K&S 88:78–80).

### Fræðsla og fagleg þjálfun

Við ættum ávallt að vinna að því að fræða huga og þjálfa hendir, svo við getum náð árangri á því sviði sem við veljum okkur að starfa á. Notið menntun ykkar til að hafa áhrif til góðs. Ef þið gerið svo, verðið þið kunn fyrir ráðvendni ykkar. Þið verðið búin undir þau tækifæri sem bjóðast og verðið mikill styrkur fjölskyldu ykkar, kirkjunni og samfélagi ykkar.

Leitið bestu hugsanlegu menntunar. Sem möguleika má nefna framhaldsskóla, háskóla, tækniskóla, fjarnám, samfélagstræðslu og einkaþjálfun.

### Trúarskóli yngri og eldri deilda

Síðari daga heilagir um heim allan á aldrinum 14 til 18 ára sækja yngri deild trúarskólans, sem er vikuleg ritningaráfræðsla. Síðari daga heilagir á aldrinum 18 ára til 30 ára eiga kost á að taka þátt í vikulegum námskeiðum í mismunandi þáttum fagnaðarerindisins.

Starfsemi þessi veitir andlegt og félagslegt andrúmsloft þar sem nemendur geta komið saman og aflað sér aukinnar þekkingar á fagnaðarerindinu.

Hafið samband við prestdæmisleiðtoga á ykkar heimasvæði til frekari upplýsingar um trúarskólann.

### Ævilangt nám

Haldið áfram að leita tækifæra til menntunar alla ykkar ævi. Það mun hjálpa ykkur að viðhalda fagþekkingu ykkar og öðrum hæfileikum og áhugaefnum. Þið verðið að gefa ykkur tíma til að mennta ykkur fyrir nútíð og framtíð í þessari síbreytilegu veröld.

## *Miskunn*

Auk þess að auka menntun ykkar með formlegri skólagöngu, getið þið haldið áfram að læra með því að lesa, sækja heilbrigða menningarviðburði, söfn og söguslóðir og skoða ykkur um í heiminum.

Fleiri tilvísanir: Okv 1:5; K&S 130:18–19

## **Miskunn**

Himneskur faðir þekkir veikleika okkar og syndir. Hann sýnir miskunn með því að fyrirgefa syndir okkar og hjálpa okkur að snúa að nýju til dvalar í návist hans.

Slík miskunn kann að sýnast ganga þvert á lögmál réttvísinnar, sem gerir kröfu um að ekkert óhreint fái dvalið hjá Guði (sjá 1 Ne 10:21). En friðþæging Jesú Krists gerði Guði mögulegt að verða „fullkominn, réttvis Guð og einnig miskunnsamur“ (Alma 42:15).

### **Hljóta miskunn Guðs**

Frelsarinn fullnægði kröfum réttvísinnar þegar hann stóð í okkar sporum og tók á sig refsinguna fyrir syndir okkar. Faðirinn getur af miskunn forðað okkur frá refsingu, vegna þessa óeigingjarna verks, og tekið opnum örnum á móti okkur í návist sína. Við verðum að iðrast synda okkar af einlægni, til að hljóta fyrirgefningu Drottins. Líkt og spámaðurinn Alma kennir, leggur „réttvisin . . . fram allar sínar kröfur, og miskunnsemin krefst einnig alls, sem henni ber. Því frelsast engir aðrir en þeir, sem raunverulega iðrast“ (Alma 42:24; sjá einnig vers 22–23, 25).

Fyrirgefning synda er ekki eina gjöf miskunnar frá himneskum föður og Jesú Kristi. Allar blessanir sem við hljótum eru miskunnarverk, meira en við fáum verðskuldað af eigin rammleik. Moróní kenndi: „Allt, sem gott er, kemur frá Kristi. Án hans væru mennirnir fallnir, og ekkert gott gæti þeim hlotnast“ (Moró 7:24). Við erum til að mynda þiggjendur guðlegrar miskunnar þegar himneskur faðir bænheyrir

okkur, við hljótum leiðsögn heilags anda og hljótum lækningu af sjúkdómi fyrir kraft prestdæmisins. Enda þótt allar slíkar blessanir stafi af hlýðni okkar, þá getum við ekki hlotið þær aðeins fyrir eigin verk. Þær eru gjafir miskunnar frá ástíkum og umhyggjusönum föður.

### Sýna öðrum miskunn

Frelsarinn bauð og beindi máli sínu til lærisveina sinna: „Verið miskunnsamir, eins og faðir yðar er miskunnsamur“ (Lúk 6:36). Þið getið fylgt miskunnarfordæmi föður ykkar á himnum í samskiptum ykkar við aðra. Keppið að því að losa ykkur við hroka, drambsemi og sjálfumgleði. Sækist eftir því að sýna samúð, virðingu, anda fyrirgefningar, ljúfmennsku og þolinmæði, jafnvel þótt þið greinið veikleika annarra. Þegar þið gerið það mun fordæmi ykkar verða til þess að aðrir verða miskunnsamari og þið eigið hægara með að njóta miskunnar Guðs.

Fleiri tilvísanir: Matt 5:7; Lúk 10:25–37; Alma 34:14–16

*Sjá einnig Kærleikur; Fyrirgefning; Náð; Réttvísí*

### Mormónsbók (*Sjá Ritningar*)

## Mótlæti

Við upplifum mótlæti í jarðlífínu, það er hluti af endurlausnaráætlun himnesks föður. Raunir, vonbrigði, hryggð, sjúkdómar og hugarangur eru erfiðir þættir lífsins, sem geta þó leitt til andlegs þroska, hreinsunar og framþróunar á leið okkar til Drottins.

Mótlæti er af mismunandi toga. Við getum stundum þurft að takast á við afleiðingar eigin hroka og óhlýðni. Við getum sneitt hjá slíkum erfiðleikum með réttlátu lífernii. Aðrir erfiðleikar eru einfaldlega hluti af lífinu og geta komið þótt við lifum réttlátlega. Við getum til að mynda upplifað

erfiðleika í veikindum eða þegar óvissutímar ganga í garð eða ástvinir deyja. Við getum stundum mætt mótlæti vegna slæmra ákvarðana annarra og orða eða verka sem særa.

### Sýna trú í mótlæti

Velgengni okkar og hamingja, bæði nú og í eilífðunum, ákvarðast að miklu leyti af viðbrögðum okkar við erfiðleikum lífsins.

Frásögn í Mormónsbók sýnir mismunandi breytni í mótlæti. Spámaðurinn Lehí og fjölskylda hans höfðu ferðast um óbyggðirnar í nokkra daga og notuðu boga og örvar til að veiða sér til matar. Fjölskyldan þurfti að takast á við erfiðleika þegar bogar sona Lehís eyðilögðust. Bogar Lamans og Lemúels urðu slakir og bogi Nefís brotnaði. Svangir og þreyttir tóku Laman og Lemúel að mögla gegn Drottni. Jafnvel Lehí tók að kvarta. Nefí lét aftur á móti ekki bugast. Hann tókst á við erfiðleikana. Hann sagði: „Ég, Nefí, gjörði boga úr trjáviði og ör úr beinvaxinni trjágrein, og þannig varð ég vopnaður boga og ör, slöngu og steinum. Og ég spurði föður minn: Hvert á ég að halda til að afla fæðu?” Bljúgur af orðum Nefís, spurði Lehí Dottin hvert þeir ættu að halda til að afla sér fæðu. Drottinn svaraði bænum hans og leiddi Nefí á stað þar sem hann gat aflað þeim matar. (Sjá 1 Ne 16:15–31.)

Sumir eru líkir Laman og Lemúel í mótlæti. Þeir mögla og verða beiskir. Þeir spyrja sem svo: „Hvers vegna er ég í þessum sporum? Hvers vegna þarf ég að þola þetta nuna? Hvað hef ég gert til að verðskulda þetta?” Slíkar spurningar geta altekið huga okkar. Slíkar spurningar geta byrgt okkur sýn, dregið úr okkur mátt og rænt okkur þeirri reynslu sem Drottinn ætlar okkur að öðlast. Við ættum að fylgja fordæmi Nefís, fremur en að bregðast þannig við. Íhugið að spyrja þessu líkt: „Hvað ber mér að gera? Hvað ber mér að læra af þessari reynslu? Hverju ber mér að breyta? Hverjum ber mér að hjálpa? Hvernig get ég minnst hinna mörgu blessana minna þegar erfiðleikar steðja að?”

Mótlæti krefst mismunandi viðbragða eftir eðli þess. Ef við verðum til að mynda veik, verðum við einfaldlega að sýna þolinmæði og staðfestu. Ef við þjáumst sökum orða eða verka annarra, þurfum við að vinna að því að fyrirgefa þeim sem hafa misboðið okkur. Ef þið eruð fórnarlömb ofbeldis, ættuð þið þegar að leita hjálpar. Ef erfiðleikar eru vegna óhlýðni okkar sjálfra, ber okkur að bæta hegðun okkar og leita auðmjúk fyrirgefningar.

Þótt viðbrögð okkar við mótlæti kunni að vera nokkuð mismunandi, ættum við ætíð að bregðast eins við í einu tillitbera fullt traust til okkar himneska föður og Jesú Krists. Spámaðurinn Alma kenndi: „Hver, sem setur traust sitt á Guð, hlýtur stuðning í raunum sínum, erfiðleikum og þrengingum, og honum mun lyft upp á efsta degi“ (Alma 36:3).

### Reiða sig á himneskan föður og Jesú Krist

Þegar við reiðum okkur á föðurinn og soninn, erum við sannfærð um að þeir elski okkur algjörlega – að þeir vilji að við séum hamingjusöm og hjálpi okkur að þroskast andlega. Við höldum boðorðin. Við leitumst við að þekkja vilja þeirra og gera það sem þeir krefjast af okkur, jafnvel þótt við viljum eitthvað annað. Bænir okkar um líkn eru háðar þeim skilningi, að himneskur faðir muni ekki leysa úr öllum málum þegar í stað – að hann hinkri við til að við lærum og þroskumst. Við munum finna huggun í öllum erfiðleikum okkar og fullvissu um að frelsarinn skilji okkur fullkomlega. Hann tók á sig, sem hluta af óendenanlegri friðþægingu sinni, „sársauka og sjúkdóma fólks síns.“ Hann kynntist „vanmætti þess, svo að hjarta hans fyllist miskunn samkvæmt holdinu, svo að hann megi vita í holdinu, hvernig fólk hans verður best liðsinnt í vanmætti þess“ (Alma 7:11–12). Þar sem hann hefur upplifað þjáningar okkar, veit hann hvernig koma á okkur til hjálpar. Ef við lítum til hans í trú, mun hann veita okkur styrk til að standast allar raunir sem við upplifum.

Þegar þið leggið kapp á að treysta Drottni á tímum erfiðleika, hafið þá eftirfarandi leiðsögn í huga, sem spámaðurinn Joseph Smith veitti:

“Sá, sem staðfastur er í mótlæti, hann skal fá meiri laun í himnaríki.

Með náttúrlegum augum yðar getið þér eigi að svo stöddu séð aform Guðs um það, sem síðar skal koma, eða þá dýrð, sem fylgja mun eftir mikið mótlæti.

Því að eftir mikið mótlæti koma blesanirnar” (K&S 58:2–4).

### Finna frið og gleði í mótlæti

Þið getið fundið frið og gleði, jafnvel þegar þið glímið við erfiðleika og depurð. Mormónsbók geymir frásögn um réttlátt fólk sem lærði þann sannleika. Það var í ánauð undir stjórn harðstjóra og tók að ákalla Guð heitt (sjá Mósía 24:8–12). Drottinn svaraði:

„Lyftið höfðum yðar og látið huggast, því að mér er kunnugt um sáttmálann, sem þér hafið gjört við mig. Og ég mun gjöra sáttmála við fólk mitt og leysa það úr ánauð.

Og ég mun einnig létta byrðarnar, sem lagðar hafa verið á herðar yðar, já, svo að þér finnið ekki fyrr þeim á bökum yðar, jafnvel á meðan þér eruð ánauðug. Og þetta gjöri ég, til að þér verðið vitni míni héðan í frá og megíð vita með vissu, að ég, Drottinn Guð, vitja fólks míns í þrengingum þess” (Mósía 24:13–14).

Fólk ið sýndi trú og „byrðarnar, sem lagðar höfðu verið á [það] urðu [því] léttari. Já, Drottinn gaf [því] svo mikinn styrk, að [það gat] borið byrðar sínar léttilega og [lotið] vilja Guðs með gleði og þolinmæði” (Mósía 24:15).

Þið getið, líkt og þetta réttláta fólk, „borið byrðar [ykkar] léttilega og [lotið] vilja Guðs með gleði og þolinmæði,” í þeirri vissu að hann mun styrkja ykkur í erfiðleikum ykkar. Hann hefur lofað: „Allar þrengingar yðar munu í heild verða yður til góðs og nafni mínu til dýrðar, segir Drottinn” (K&S 98:3).

Fleiri tilvísanir: Hebr 4:15–16; 2 Ne 2:11–24; Mósía 23:21–22; K&S 105:6; 121:7–9; 122

Sjá einnig Fyrirgefning; Von; Friður; Sáluhjálparáætlunin; Iðrun

## Musteri

Musteri eru í bókstaflegri merkingu hús Drottins. Þau eru helgir staðir tilbeiðslu og þangað kann Drottinn að koma. Aðeins heimilið getur jafnast á við musterið að heilagleika.

Drottinn hefur ætíð boðið fólkí sínu að reisa musteri. Kirkjan fer nú að boði Drottins um að reisa musteri um heim allan, sem gerir blessanir musterisins aðgengilegri fyrir fjölmörg barna himnesks föður.

Helgiathafnir fyrir hina lifandi

Megin tilgangur mustera er að veita nauðsynlegar helgiathafnir til upphafningar í himneska ríkinu. Helgiathafnir musterisins leiða til stórkostlegustu blesسانanna sem fáanlegar eru fyrir friðþægingu Jesú Krists. Allt sem við gerum í kirkjunni – samkomur okkar og athafnir, trúboðsstarfið, lexíurnar sem við kennum og sálmarnir sem við syngjum – ætti að beina okkur til frelsarans og starfsins sem innt er af hendi í hinum helgu musterum.

Ein helgiathafnanna sem við hjótum í musterinu er musterisgjöfin. Hugtakið „gjöf“ felst í *musterisgjöfinni* og vissulega eru hún gjöf frá Guði. Helgiathöfn þessi er fræðsla og sáttmálar sem við gerum um að lifa réttlátlega og tileinka okkur reglur fagnaðarerindisins. Musterisgjöfin beinir sjónum okkur að frelsaranum, hlutverki hans í áætlun himnesks föður og skuldbindingu okkar um að fylgja honum.

Önnur helgiathöfn musterisins er himneskt hjónaband, þar sem eiginmaður og eiginkona eru innsiglið hvort öðru um eilífð. Innsiglun sem framkvæmd er í musterinu varir að eilífu, ef eiginmaður og eiginkona eru trúföst sáttmálunum sem þau gera.

Þau börn sem fæðast þeim foreldrum sem innsigluð hafa verið í musterinu eru fædd í sáttmálanum. Börn þessi verða sjálfkrafa hluti af eilífri fjölskyldu. Þau börn sem ekki fæðast í sáttmálanum geta einnig orðið hluti af eilífri fjölskyldu þegar blóðforeldrar þeirra eða fósturforeldrar hafa innsiglast hvort öðru. Sú helgiathöfn að innsigla börn foreldrum sínum er framkvæmd í musterinu.

Ef þið hafið tekið á móti helgiathöfnum musterisins, minnist þá alltaf sáttmálanna sem þið hafið gert. Farið til musterisins eins oft og þið getið. Ef þið eruð foreldrar, kennið þá börnum ykkar mikilvægi musterisins. Hjálpið þeim að búa sig undir að vera verðug þess að fara í musterið.

Ef þið hafið enn ekki tekið á móti helgiathöfnum musterisins, búið ykkur þá undir það nú þegar. Sækið musterið heim, eins og aðstæður leyfa, til að taka þátt í skírn og staðfestingu fyrir hina dánu.

### Helgiathafnir fyrir hina dánu

Þeir semáið hafa án nauðsynlegra helgiathafna fagnaðar-erindisins geta tekið á móti þeim fyrir tilstilli þess verks sem unnið er í musterum. Þið getið unnið það verk í þágu láttinni áa ykkar og annarra. Þið getið verið staðgenglar fyrir þá og látið skíra ykkur og staðfesta, tekið á móti musterisgjöf og tekið þátt í innsiglun eiginmanns og eiginkonu og barna og foreldra.

Þið ættuð að vinna stöðugt að því að leita heimilda um látna áa ykkar, svo hægt sé að framkvæma musterisverk fyrir þá.

Til frekari upplýsinga um musterisverk fyrir hina dánu og ættarsögu, sjá „Ættarsaga og ættfræði,” bls. 185–188.

### Verðugleiki til að fara í musterið

Við verðum að vera verðug þess að komast í musterið. Við sannreynum verðugleika okkar í tveimur viðtölum – fyrst við meðlim biskupsráðs eða greinarforseta og síðan við meðlim

stikuráðs eða trúboðsforseta. Prestdæmisleiðtogar ykkar munu halda trúnað við ykkur í þessum viðtölum. Í þeim munu prestdæmisleiðtogar ykkar spyrja ykkur spurninga um persónulega breytni ykkar og verðugleika. Þið verðið spurð um vitnisburð ykkar um himneskan föður og friðþægingu Jesú Krista, og þið verðið spurð að því hvort þið styðjið aðall-eiðtoga og staðarleiðtoga kirkjunnar. Þið verðið beðin að staðfesta að þið séuð siðferðislega hrein og að þið haldið Vísdómsorðið, greiðið fulla tíund, lifið í samræmi við kennningar kirkjunnar og eigið ekkert samneyti við fráhvarfshópa eða aðhyllist þá.

Ef þið gefið rétt svör við spurningunum í viðtalinu og ef þið og prestdæmisleiðtogar ykkar eruð fyllilega ánægð með verðugleika ykkar til þess að fara í musterið, munuð þið fá musterismeðmæli. Þið og prestdæmisleiðtogar ykkar munuð undirrita meðmælin, sem heimila ykkur að fara í musterið næstu tvö árin, svo framarlega sem þið eruð verðug áfram.

Musterismeðmælavíðtal er gott tækifaði til að sannreyna verðugleika ykkar og lífsmáta ykkar. Ef eitthvað er ekki í lagi með lífsmáta ykkar, ráðgerið þá að ræða við biskup ykkar eða greinarforseta með góðum fyrirvara áður en þið farið í musterismeðmælavíðtal. Hann mun hjálpa ykkur að búa ykkur undir það að vera verðug þess að hljóta musterismeðmæli.

### Musterisklæði

Þegar þið farið í musterið, ættuð þið að klæðast ykkar besta fatnaði, líkt og þegar þið farið í kirkju. Þegar þið eruð inni í musterinu, hafið þið fataskipti og farið í hvítan klæðnað musterisins. Þið skiptið um fatnað í aflokuðum fatakl-lefa með læstum skáp. Hæversku er vandlega gætt í musterinu.

Þegar þið setjið fatnað ykkar í skápinn, skiljið þið þar eftir allt sem truflar og er af heiminum. Íklædd hvítu getið þið fundið einingu og jafnræði með öðrum í musterinu, því allir klæðast þar svipuðum klæðnaði.

## Notkun musterisnærklæða

Þegar þið hafið fengið musterisgjöf ykkar, njótið þið þeirrar blesunar að klæðast musterisnærklæðum alla ykkar ævi. Þið eruð skuldbundin því að klæðast þeim samkvæmt fyrirmælum sem veitt eru í musterisgjöfinni. Minnist þess að þær blesanir sem bundnar eru þessum helgu forréttindum eru háðar verðugleika ykkar og trúmennsku við að halda sáttmála musterisins.

Musterisnærklæðin minna ykkur stöðugt á þá sáttmála sem þið hafið gert í musterinu. Þið ættuð alltaf að meðhöndla þau af virðingu. Þið ættuð ekki að afhjúpa þau fyrir þeim sem ekki skilja merkingu þeirra og ekki að laga þau að hinum ýmsa tískuklæðnaði. Þegar þau eru réttilega notuð vernda þau ykkur gegn freistungum og hinu illa. Að klæðast musterisnærklæðum er ytri tjáning á innri skuldbindingu um að fylgja frelsaranum.

## Blesanir þess að sækja musterið heim

Auk þess að vera staður þar sem helgiathafnir prest-dæmisins eru framkvæmdar, er musterið staður friðar og opinberana. Þegar eitthvað hrjáir ykkur eða mikilvæg ákvarðanataka hvílir á ykkur, getið þið farið með áhyggjur ykkar í musterið. Þar getið þið hlutið andlega leiðsögn.

Stundum kann ykkur að finnast þið ekki geta hugsað skýrt því hugur ykkar er of þjakaður af vandamálum og margt kallað á athygli ykkar. Í musterinu getur greiðst úr öllu slíku, þokunni létt og hún horfið og þið hljótið skilning á því sem ykkur var fyrirmunað að skilja áður. Þið finnið nýjar leiðir til að takast á við þá erfiðleika sem þið standið frammi fyrir.

Drottinn mun blesa ykkur þegar þið takið þátt í helgi-athöfnum musterisins. Og blesanirnar sem hann veitir ykkur takmarkast ekki við þann tíma sem þið eruð í musterinu. Hann mun blesa ykkur á öllum sviðum lífsins. Starf ykkar í musterinu mun efla ykkur og fága anda ykkar.

Fleiri tilvísanir: Jes 2:1–3; K&S 88:119; 109–110; 124:39–41

*Sjá einnig Sáttmáli; Ættarsaga og ættfræði; Hjónaband; Helgiathafnir; Sáluhjálparáætlunin*

## **Musterisgjöf** (*Sjá Musteri*)

## **Musterisnærklæði** (*Sjá Musteri*)

### **Náð**

Hugtakið *náð* eins og það er notað í ritningunum á aðall-ega við um þá guðlegu hjálp og þann styrk sem við hljótum af fagnaðarerindi Drottins Jesú Krists. Páll postuli kenndi, að við ættum að „[vaxa] í náð og þekkingu Drottins vors og frelsara Jesú Krists“ (2 Pét 3:18).

### Sáluhjálp fyrir náð

Allir munu upplifa stundlegan dauða vegna fallsins. Allir menn munu rísa upp og hljóta ódauðleika fyrir náð friðþægingar frelsarans (sjá 2 Ne 9:6–13). En upprisan ein og sér gerir okkur ekki hæf fyrir eilíft líf í návist Guðs. Syndir okkar gera okkur óhrein og óhæf til að dvelja í návist Guðs og við þörfnumst náðar hans til að hreinsa okkur og fullkomna okkur „að afloknu öllu, sem vér getum gjört“ (2 Ne 25:23).

Orðin „að afloknu öllu, sem vér getum gjört“ kenna að fyrirhafnar sé krafist af okkar hálfu til að hljóta fyllingu náðar Drottins og verða verðug þess að dvelja hjá honum. Drottinn hefur boðið okkur að hlíta fagnaðarerindi sínu, sem felst í því að trúá á hann, iðrast synda okkar, meðtaka skírn og gjöf heilags anda og standast allt til enda (sjá Jóh 3:3–5; 3 Ne 27:16–20; Trúaratriðin 1:3–4). Spámaðurinn Moróní ritaði um náðina sem við hljótum þegar við komum til frelsarans og hlítum kenningum hans:

„Komið til Krists, fullkomnist í honum og hafnið öllu óguðlegu. Og ef þér hafnið öllu óguðlegu og elskið Guð af

öllum mætti yðar, huga og styrk, þá bregst yður eigi náð hans, en fyrir náð hans náið þér fullkomnun í Kristi. Og ef þér, fyrir náð Guðs, eruð fullkomin í Kristi, getið þér alls eigi afneitað krafti Guðs.

Og enn fremur. Ef þér fyrir náð Guðs eruð fullkomin í Kristi og afneitið ekki krafti hans, eruð þér helguð í Kristi fyrir náð Guðs með úthellingu blóðs Krists, sem er í sáttmála föðurins til fyrirgefningars synda yðar, svo að þér verðið heilög og flekklaus” (Moró 10:32–33).

### Hljóta náð alla okkar ævi

Auk þess að þarfnaст náðar til að hljóta að lokum sálu-hjálp, þá þörfnumst við þessa virka kraftar alla daga lífs okkar. Þegar við komumst nær föður okkar á himnum, sökum kostgæfni, auðmýktar og hógværðar, mun hann upp örva og styrkja okkur fyrir náð sína (sjá Okv 3:34; 1 Pét 5:5; K&S 88:78; 106:7–8). Þegar við reiðum okkur á náð hans, gerir það okkur kleift að þroskast og vaxa í réttlæti. Jesús sjálfur „hlaut ekki fyllinguna í fyrstu, heldur hélt áfram frá náð til náðar, þar til hann hafði hlotið fyllingu” (K&S 93:13). Náð gerir okkur kleift að leggja okkar af mörkum við að byggja upp Guðs ríki, veita þjónustu sem við gætum ekki gert af eigin rammleik (sjá Jóh 15:5; Fil 4:13; Hebr 12:28; Jakob 4:6–7).

Ef þið einhvern tíma missið kjarkinn eða máttinn til að lifa eftir fagnaðarerindinu, hafið þá í huga þann styrk sem þið getið hlotið fyrir hinn virka kraft náðar. Þið getið fundið fullvissu í þessum orðum Drottins: „Náð míн nægir öllum mönnum sem auðmýkja sig fyrir mér. Því að ef þeir auðmýkja sig fyrir mér og eiga trú á mig, þá mun ég láta hið veika verða styrk þeirra” (Eter 12:27).

Fleiri tilvísanir: Post 15:11; Róm 5:2; 2 Ne 10:24; 11:5

Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Upprisa; Sáluhjálp

## Ofbeldi

Ofbeldi er sú meðferð á öðrum eða sjálfum sér sem á einhvern hátt veldur meiðslum eða særindum. Það skaðar huga og anda og einnig oft líkamann. Það veldur uppnámi, efasemdum, vantrausti og ótta. Það brýtur gegn lögum samfélagsins og er í algjörri andstöðu við kenningar frelsarans. Drottinn fordæmir hvers kyns ofbeldisfulla hegðun – hvort heldur hún er líkamleg, kynferðisleg, tilfinningaleg eða andleg. Ofbeldisfull hegðun getur leitt til kirkjuögunar.

### Ráðgjöf um ofbeldi

Ef þið hafið verið ofbeldisfull í einhverju sambandi, er nauðsynlegt að iðrast synda sinna. Ákallíð Drottin um fyrirgefningu. Biðjið þá að fyrirgefa ykkur sem þið hafið skaðað. Ræðið við biskup ykkar eða greinarforseta svo hann geti liðsinnt ykkur í gegnum iðrunarferlið og, ef nauðsyn þykir, að leita frekari ráðgjafar eða aðstoðar.

Ef reiði hefur stjórnað hinni ofbeldisfullu hegðun, lærið þá að hafa stjórn á henni. Biðjið til Drottins um hjálp. Þið munuð komast að því að reiðin brýst næstum alltaf fram í tengslum við léttvæga hluti, ef þið skoðið þá í eilífu samhengi.

Ef þið hafið gerst sek um kynferðislegt ofbeldi, kappkostið þá að aga huga ykkar. Hafið í huga að hugsanir ykkar hafa mikil áhrif á líf ykkar – því að maður er það sem hann hugsar í hjarta sínu (sjá Okv 23:7). Haldir ykkur frá klámi og öllu því sem örvað getur ósæmilega kynferðislega hegðun. Biðjið um getu til þess að „[láta] dyggðir prýða hugsanir [ykkar] linnulaust“ (K&S 121:45).

### Aðstoð fyrir fórnarlömb ofbeldis

Ef þið eruð fórnarlömb ofbeldis, leitið þá þegar hjálpar. Ræðið við prestdæmisleiðtoga ykkar, yfirleitt biskup eða greinarforseta, en þó stundum við forsætisráð stiku eða umdæmis. Hann getur frætt ykkur um hvað til bragðs skal taka.

## *Opinberun*

Gætið þess að ásaka ekki ykkur sjálf fyrir skaðlega hegðun annarra. Þið þurfið ekki að finna til sektar. Ef þið hafið verið fórnarlömb nauðgunar eða annars kynferðislegs ofbeldis, hvort sem ofbeldisgerandinn er ykkur kunnugur eða ókunnugur eða jafnvel í fjölskyldu ykkar, eruð þið ekki sek um kynferðislega synd. Þið eruð saklaus og himneskur faðir elskar ykkur.

Biðjið um þann frið sem aðeins fæst fyrir Jesú Krist og friðþægingu hans (sjá Jóh 14:27; 16:33). Frelsarinn hefur upplifað allar ykkar sorgir og hörmungar, jafnvel þær sem aðrir valda, og veit hvernig liðsinna á ykkur (sjá Alma 7:11–12). Beinið kröftum ykkar að því sem þið getið haft stjórn á, fremur en að leita hefndar, til að mynda viðhorfi ykkar til lífsins. Biðjið um styrk til að fyrirgefa þeim sem hafa skaðað ykkur.

Haldið áfram að leita hjálpar prestdæmisleiðtoga ykkar, svo hann geti leitt ykkur í gegnum ferli tilfinningalegrar lækningar. Þið getið bundið enda á vítahring ofbeldis og þjáningar ykkar.

Fleiri tilvísanir: Matt 18:1–6; K&S 121:34–46

Sjá einnig Fyrirgefning; Iðrun

## **Opinberun**

Opinberun er tjáskipti Guðs við börn sín. Sú handleiðsla á sér stað með ýmsum hætti, allt eftir þörfum og aðstæðum einstaklinga, fjölskyldna og kirkjunnar í heild.

Þegar Drottinn opinberar kirkjunni vilja sinn, talar hann til spámanns síns. Ritningarnar geyma margar slíkar opinberanir – orð Drottins með fornum og síðari daga spámönnum. Drottinn heldur áfram að leiða kirkju sína nú með því að opinbera útvöldum þjónum sínum vilja sinn.

Spámenn eru ekki þeir einu sem geta hlotið opinberun. Þið getið hlotið opinberun, samkvæmt trúfesti ykkar, ykkur til hjálpar í sérstökum þörfum ykkar og ábyrgð, og vegna spurninga sem upp koma og til að efla vitnisburð ykkar.

Búa sig undir að hljóta opinberun með heilögum anda

Ritningarnar greina frá mismunandi opinberunum, svo sem sýnum, draumum og vitjunum engla. Drottinn hefur á þann hátt endurreist fagnaðarerindi sitt á síðari dögum og opinberað sannleika um álíka kenningar og fortilveruna, endurlausn hinna dánu og dýrðarríkin þjú. Flestar opinberanir leiðtoga og meðlima kirkjunnar koma þó með hljóðri rödd heilags anda.

Hljóður andlegur innblástur kann að sýnast ekki jafn sérstakur og sýnir eða vitjanir engla, en hann er kraftmeiri og varanlegri og lífsbreytandi. Vitnisburður heilags anda hefur meiri áhrif á sálina en nokkuð annað sem við fáum heyrt eða séð. Fyrir tilstilli slíkra opinberana munum við hljóta varanlegan styrk til að vera trúföst fagnaðarerindinu og hjálpa öðrum að gera slíkt hið sama.

Eftirfarandi leiðsögn getur gert ykkur kleift að búa ykkur undir innblástur heilags anda:

*Biðjið um leiðsögn.* Drottinn sagði: „Biðjið, og yður mun gefast, leitið, og þér munuð finna, knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða. Því að hver sá öðlast, sem biður, sá finnur, sem leitar, og fyrir þeim, sem á knýr, mun upp lokið verða“ (Matt 7:7–8). Þið verðið að leita og spryrja til að finna og hljóta. Ef þið knýið ekki á – biðjið til himnesks föður um leiðsögn – munu dyr opinberunar ekki ljúkast upp fyrir ykkur. En ef við komum til föðurins í auðmjúkri bæn, munum við að lokum „hljóta opinberun á opinberun ofan, þekking á þekking ofan, svo að [við megum] þekkja leyndardómana og hið friðsæla – það, sem færir gleði, það, sem færir eilíft líf“ (K&S 42:61).

*Verið lotningarfull.* Lotning er djúp virðing og elska. Þegar þið eruð lotningarfull og friðsæl, bjóðið þið opinberun heim. Þótt allt umhverfis okkur sé í uppnámi, getum við sýnt lotningu og verið undir það búin að hljóta leiðsögn Drottins.

*Verið auðmjúk.* Auðmýkt er náskyld lotningu. Þegar við erum auðmjúk lútum við því að vera háð Drottni.

Spámaðurinn Mormón kenndi: „Vegna hógværðar og lítil-lætis hjartans kemur vitjun heilags anda, en sá huggari fyllir oss von og fullkominni elsku“ (Moró 8:26).

*Haldið boðorðin.* Þegar þið haldið boðorðin eruð þið undir það búin að hljóta og þekkja innblástur heilags anda og fylgja honum. Drottinn lofaði: „Honum, sem heldur boðorð míni, mun ég gefa leyndardóma ríkis míns og þeir munu verða í honum sem lind lifandi vatns, er sprettur upp til ævarandi lífs“ (K&S 63:23).

*Meðtakið sakramentið verðug.* Sakramentibænirnar kenna okkur hvernig við getum átt stöðugt samfélag við heilagan anda. Þegar við meðtökum sakramentið, vitnum við fyrir Guði að við séum fús til að taka á okkur nafn sonar hans og hafa hann ávallt í huga og halda boðorð hans. Himneskur faðir lofar að við munum ætíð hafa anda hans með okkur, ef við höldum þessa sáttmála. (Sjá K&S 20:77, 79.)

*Lesið ritningarnar daglega.* Þegar við nemum ritningarnar af kostgæfni, lærum við af forðæmi karla og kvenna sem blessuð hafa verið af því að fylgja opinberuðum vilja Drottins. Við verðum einnig móttækilegri fyrir heilögum anda í lifi okkar. Þegar við lesum og ígrundum, getum við hlotið opinberun um hvernig ákveðin ritning eigi við um líf okkar eða um eitthvað annað sem Drottinn óskar að segja okkur. Við ættum að nema ritningarnar daglega, því lestur þeirra getur stuðlað að persónulegri opinberun.

*Gefið ykkur tíma til ígrundunar.* Þegar við gefum okkur tíma til að ígrunda sannleika fagnaðarerindisins, ljúkum við upp hjarta okkar fyrir áhrifum heilags anda (sjá 1 Ne 11:1; K&S 76:19; 138:1-11). Íhugun útilokar að þið hugsið um hið hversdagslega í heiminum og færir ykkur nær andanum.

*Þegar þið leitið sérstakrar leiðsagnar, kannið þá málið vel í huga ykkar.* Stundum á Drottinn samskipti við okkur aðeins eftir að við höfum ígrundað eitthvað málefni vandlega í huga okkar. Drottinn útskýrði þá framvindu fyrir Oliver Cowdery,

sem þjónaði sem ritari Josephs Smith við stóran hluta þýðingar Mormónsbókar. Drottinn talaði til Oliver Cowdery fyrir tilstilli spámannsins Josephs Smith og útskýrði fyrir Oliver hvers vegna hann hefði ekki getað þýtt Mormónsbók, jafnvel þótt honum hefði verið veitt gjöf þýðingar. „Sjá, þú hefur ekki skilið. Þú hefur talið að ég gæfi þér það, og ekki þyrfti að hugsa um annað en að spryrra mig. En sjá, ég segi þér, að þú verður að kanna það vel í huga þínum, síðan að spryrra mig hvort það sé rétt, og sé það rétt, mun ég láta brjóst þitt brenna hið innra með þér. Þú munt þess vegna finna að það er rétt“ (K&S 9:7–8).

*Leitið þolinmóð vilja Guðs.* Guð opinberar sjálfan sig „á sínum tíma og á sinn hátt og samkvæmt sínum eigin vilja“ (sjá K&S 88:63–68). Við munum líklega hljóta opinberun „orð á orð ofan og setning á setning ofan, örlítið hér, örlítið þar“ (2 Ne 28:30; sjá einnig Jes 28:10; K&S 98:12). Reynið ekki að þvinga fram hið andlega. Opinberun veitist ekki þannig. Verið þolinmóð og treystið tímasetningu Drottins.

### Þekkja innblástur heilags anda

Þið verðið að læra að þekkja hljóða rödd heilags anda mitt í öllum skarkala og orðagjálfri heimsins. Hér á eftir eru nokkrar þeirra megin leiða sem heilagur andi á samskipti við okkur:

*Hann talar hljóðri röddu í huga og hjarta.* Drottinn kennið: „Ég mun segja þér í huga þínum og hjarta, með heilögum anda, sem koma mun yfir þig og dvelja í hjarta þínu. Sjá, þetta er andi opinberunar“ (K&S 8:2–3). Stundum hjálpar heilagur andi okkur að skilja sannleika fagnaðarerindisins eða hann veitir okkur innblástur sem „virðist fylla huga [okkar] og sækja [sterkt á okkur]“ (K&S 128:1). Þótt slík opinberun hafi mikil áhrif á okkur, kemur hún næstum ávallt hljóðlega, líkt og „blíður vindblær [hvíslar]“ (sjá 1 Kon 19:9–12; He 5:30; K&S 85:6).

*Hann innblæs okkur í gegnum tilfinningar okkar.* Þótt við lýsum oft samskiptum andans sem rödd, skynjum við fremur þá rödd en heyrum. Og þegar við ræðum um að „hlusta á“ hljóða rödd heilags anda, lýsum við oft andlegum innblæstri með því að segja: „Ég skynjaði. . . .“ Leiðsögn Drottins til Olivers Cowdery í 9. kafla Kenningar og sáttmála, sem er á bls. 117, kennir þessa reglu. Leiðsögn þessi er þó stundum misskilin. Sumir meðlimir kirkjunnar verða ráðvilltir þegar þeir lesa þessa ritningu og óttast að þeir hafi aldrei fundið innblástur heilags anda, því þeir hafa aldrei fundið brjóst sitt brenna. Íhugið lokaorð Drottins í Kenningu og sáttmálum 9:8: „Þú munt þess vegna finna að það er rétt.“ Sá bruni sem rætt er um í þessari ritningu merkir tilfinningu huggunar og friðsældar, ekki endilega hitabruna. Þegar við kappkostum að fara að vilja Drottins í lífi okkar, munum við fara að þekkja hvernig heilagur andi hefur áhrif á okkur persónulega.

*Hann færir frið.* Heilagur andi er oft nefndur huggarinn (sjá Jóh 14:26; K&S 39:6). Þegar hann opinberar okkur vilja Drottins, mun hann veita okkur „hugarró“ (K&S 6:23). Ekki er mögulegt að falsa þann frið sem hann veitir með veraldlegum áhrifum eða fölskum kenningum. Það er sá friður sem frelsarinn lofaði þegar hann fullvissaði lærisveina sína um að hann mundi senda huggarann: „Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist“ (Jóh 14:27).

Fleiri tilvísanir: Amos 3:7; Matt 16:13–18; 1 Kor 2:9–14; 12:3; Op 19:10; Alma 5:43–48; 17:2–3; K&S 76:5–10; 121:26–33; Trúaratriðin 1:7, 9

Sjá einnig Trú; Heilagur andi; Bæn; Lotning; Ritningarár; Andlegar gjafir

## Paradís

Í ritningunum er hugtakið *paradís* notað á mismunandi hátt. Í fyrsta lagi stendur það fyrir stað friðar og hamingju í andaheiminum, ætlaður þeim sem hafa látið skírast og verið trúfastir (sjá Alma 40:12; Moró 10:34). Þeir sem eru í

andavarðhaldi eiga kost á að læra um fagnaðarerindi Jesú Krists, iðrast synda sinna og taka á móti helgiathöfnum skírnar og staðfestingar fyrir tilstilli þess verks sem við innum af hendi í musterum (sjá K&S 138:30–35). Þegar þeir gera það, geta þeir farið í paradís.

Í öðru lagi er hugtakið *paradís* að finna í frásögn Lúkasar um krossfestingu frelsarans. Þegar Jesús var á krossinum, sagði þjófur sem krossfestur hafði verið með honum: „Jesús, minnst þú míni, þegar þú kemur í ríki þitt!“ (Lúk 23:42). Samkvæmt Lúk 23:43, svaraði Drottinn: „Sannlega segi ég þér: Í dag skaltu vera með mér í Paradís.“ Spámaðurinn Joseph Smith útskýrði að hér væri um ranga þýðingu að ræða; Drottinn hafi í raun sagt við þjófinn að hann yrði með honum í andaheiminum.

Hugtakið *paradís* er einnig að finna í 2. Korintubréfinu 12:4, þar sem líklega er vísað til himneska ríkisins. Í tíunda trúarátriðinu er hugtakið *paradísardýrð* notað til að greina frá dýrð jarðarinnar í þúsund ára ríkinu.

*See einnig Dauði, líkamlegur; Sáluhjálparáætlunin; Upprisa*

## Patríarkablessanir

Verðugum meðlimum kirkjunnar er veitt patríarkablessun af vígðum patríarka. Patríarkablessun ykkar greinir frá ættlegg ykkar í húsi Ísraels og persónulegri leiðsögn frá Drottni til ykkar.

Þegar þið lærið patríarkablessun ykkar og fylgið leiðsögn hennar, verður hún ykkur til huggunar og verndar. Ræðið við biskup ykkar eða greinarforseta til að fá vitneskjum um hvernig hljóta á patríarkablessun.

### Yfirlýsing um ættlegg

Í patríarkablessun ykkar er greint frá ættlegg ykkar, að þið séuð af húsi Ísraels – niðjar Abrahams, og tilheyrið ákveðinni ættkvísl Jakobs. Margir síðari daga heilagir eru af ætt-

kvísl Efraíms, sem hefur þá megin ábyrgð að leiða síðari daga verk Drottins.

Þar sem við eיגum rætur að rekja til margra ættkvísla, geta tveir í sömu fjölskyldu tilheyrt hvor sínum ættlegg Ísraels.

Það skiptir ekki máli hvort þið tilheyrið húsi Ísraels í beinan ættlegg eða eruð aettleidd inn í það. Þið teljist niðjar Abrahams, sem meðlimir kirkjunnar, og erfingjar allra fyrirheita og blessana sem tilheyra sáttmála Abrahams (sjá „Sáttmáli Abrahams,” bls. 142–143).

### Læra af patríarkablessun ykkar

Þegar þið loks hafið hlotið patríarkablessun ykkar, ættuð þið að lesa hana oft í auðmýkt og bænaranda. Hún er persónuleg opinberun frá himneskum föður, sem þekkir styrk ykkar, veikleika og eilífa möguleika. Með patríarkablessuninni mun hann hjálpa ykkur að komast að því hvers hann væntir af ykkur. Blessanir ykkar geta geymt loforð, hvatningu og aðvaranir. Með tímanum munuð þið uppgötva kraft opinberunar sem hún geymir.

Þegar þið fylgið leiðsögn blessunar ykkar, er ólíklegra að þið misstígið ykkur eða villist afvega. Ef þið fylgið ekki leiðsögn hennar, getið þið ekki hlotið þær blessanir sem hún lofar.

Þótt patríarkablessun ykkar geymi innblásna leiðsögn og loforð, ættuð þið ekki að vænta þess að hún veiti svör við öllum ykkar spurningum eða greini í smáatriðum frá því sem gerast mun í lífi ykkar. Ef blessun ykkar greinir ekki frá einhverjum mikilvægum atburði, svo sem fastatrúboði eða hjónabandi, ættuð þið ekki að gera ráð fyrir að þið hljótíð ekki slíkt tækifæri.

Þið ættuð heldur ekki að gera ráð fyrir að allt sem fram kemur í patríarkablessun ykkar muni uppfyllast í þessu lífi. Patríarkablessun er eilíf og loforð hennar geta náð inn í eilífdirnar. Hafið þá fullvissu að öll loforð muni uppfyllast þegar Drottni þóknast, ef þið eruð verðug. Þau sem ekki koma fram í þessu lífi munu gera það í því næsta.

Patríarkablessun ykkar er helg og persónuleg. Þið megið deila henni með nánustu fjölskyldumeðlimum, en ættuð ekki að lesa hana upphátt opinberlega eða heimila öðrum að lesa eða túlka hana. Patríarki ykkar eða biskup eða greinarforseti ætti heldur ekki að reyna að túlka hana.

Varðveitið í hjarta ykkar hin dýrmætu orð patríarkablessunar ykkar. Ígrundið þau og hagið lífi ykkar þannig að þið verðið verðug þess að hljóta hinar fyrirheitnu blessanir í þessu lífi eða hinu komandi.

## **Persónuleg opinberun** (*Sjá Opinberun*)

### **Postuli** (*Sjá Kirkjustjórnun; Spámenn*)

## **Prestdæmið**

Prestdæmið er eilífur kraftur og eilíft vald Guðs. Guð skapaði himna og jörð með prestdæminu og ríkir yfir þeim. Hann endurleysir og upphefur börn sín með þessum krafti og gerir að veruleika „ódauðleika og eilíft líf mannsins“ (HDP Móse 1:39).

### Prestdæmisvald veitt mönnum á jörðinni

Guð veitir verðugum karlkyns meðlimum kirkjunnar prestdæmisvald, svo þeir geti starfað í hans nafni við sálu-hjálp barna hans. Prestdæmishafar geta fengið vald til þess að prédika fagnaðarerindið, þjónusta helgiathafnir sálu-hjálpars og stjórna ríki Guðs á jörðu.

Karlkyns meðlimir kirkjunnar geta hafið prestdæmis-þjónustu sína þegar þeir hafa náð tólf ár aldri. Þeir hefja hana með Aronsprestdæminu og geta síðar orðið hæfir til að hljóta Melkísedeksprestdæmið. Á ýmsum stigum lífs síns, og er þeir búa sig undir að takast á við hinar ýmsu ábyrgðarskyldur, gegna þeir hinum ýmsu embættum prestdæmisins, svo sem embætti djákna, kennara eða prests í Aronsprestdæminu og

## Prestdæmið

embætti öldungs og háprests í Melkísedeksprestdæminu. (Sjá bls. 5–6 og 99–100 til frekari upplýsinga um Aronsprestdæmið og Melkísedeksprestdæmið.)

Til að karlmeðlimur kirkjunnar hljóti prestdæmið verður réttmætur prestdæmishafi að veita honum það og vígja hann til embættis í því prestdæmi (sjá Hebr 5:4; K&S 42:11; Trúaratriðin 1:5).

Þótt vald prestdæmisins sé aðeins veitt verðugum karlmeðlimum kirkjunnar, standa blesanir prestdæmisins öllum til boða – körlum, konum og börnum. Við höfum öll hag af réttlátum áhrifum prestdæmisstjórnunar og við munum öll njóta þeirra forréttinda að taka á móti hinum endurleysandi helgiathöfnum prestdæmisins.

## Prestdæmið og fjölskyldan

Mikilvægasta iðkun prestdæmisins fer fram í fjölskyldunni. Sérhver eiginmaður og faðir í kirkjunni ætti að keppa að því að vera verðugur Melkísedeksprestdæmishafi. Hann er höfuð heimilisins í réttlæti og ástúð, ásamt eiginkonu sinni sem jafnréttáum félaga, og þjónar fjölskyldu sinni sem andlegur leiðtogi. Hann leiðir fjölskyldu sína með reglubundinni bænargjörð, ritningarnámi og fjölskyldukvöldi. Hann vinnur með eiginkonu sinni að því að kenna börnum þeirra og búa þau undir að taka á móti helgiathöfnum sáluhjálpar (sjá K&S 68:25–28). Hann veitir prestdæmisblessanir til leiðsagnar, lækningar og huggunar.

Margir meðlimir hafa ekki trúfastan Melkísedeksprestdæmishafa á heimili sínu. Allir meðlimir kirkjunnar geta þó fyrir þjónustu heimiliskennara og prestdæmisleiðtoga notið blessana prestdæmisvaldsins í lífi sínu.

## Prestdæmissveitir

Prestdæmissveit er skipulagður hópur bræðra sem gegna sama embætti prestdæmisins. Megin tilgangur sveita er að

þjóna öðrum, stuðla að einingu og bræðralagi og fræða sveitarmeðlimi um kenningar, reglur og skyldur sínar.

Sveitir eru fyrir hendi á öllum stigum kirkjunnar. Forseti kirkjunnar og ráðgjafar hans mynda Æðsta forsætisráðið. Postularnir tólf mynda einnig sveit. Hinir Sjötíu, bæði aðalvaldhafar og svæðishafar, eru skipulagðir í sveitir. Hver stiku-forseti er í forsæti háprestasveitar, sem allir háprestar stikunnar mynda. Hver deild eða grein hefur yfirleitt sveitir sem öldungar, prestar, kennrar og djáknar mynda. Háprestar eru einnig skipulagðir í deildum og þjóna í háprestaflokkum.

### Heimiliskennsla

Þegar prestdæmishafar eru vígðir til embættis kennara, gefst þeim kostur á og hafa þá ábyrgð að þjóna sem heimiliskennrar. Á þann hátt vinna þeir að því að framfylgja skyldum sínum við að „vaka stöðugt yfir söfnuðinum, vera með honum og styrkja hann“ (K&S 20:53).

Heimiliskennrar hafa þá helgu skyldu að vera fyrsta hjálp kirkjunnar fyrir einstaklinga og fjölskyldur. Þeir vitja tiltekinna fjölskyldna sinna a.m.k. einu sinni í mánuði. Þeir styðja foreldra í ábyrgð sinni, er þeir þjóna og heimsækja meðlimi sem þeir hafa umsjá með, kenna hverjum fjölskyldumeðlimi fagnaðarerindið, rækta vináttuböndin og liðsinna meðlimum er þeir búa sig undir að taka á móti helgiathöfnum musterisins og lifa verðugir blessana fagnaðarerindisins.

Leiðtогар í deildum og greinum tryggja að heimiliskennrar séu tilnefndir fyrir hverja fjölskyldu og einstakling. Þeir fylgja eftir þjónustu heimiliskennara, til að uppfylla andlegar og stundlegar þarfir sérhvers meðlims.

### Prestdæmislyklar

Þeir sem hafa prestdæmislykla stjórna notkun prestdæmisvalds í kirkjunni (sjá K&S 65:2; 124:123). Þeir sem hafa prestdæmislykla hafa rétt til að vera í forsæti og stjórna í

kirkjunni innan ákveðins valdsviðs. Biskup hefur til að mynda prestdæmislykla sem gerir honum kleift að vera í forsæti deildar. Þegar barn er því búið undir skírn í deildinni, þarf sá sem skírir barnið að fá til þess heimild hjá biskupnum.

Jesús Kristur hefur alla lykla prestdæmisins. Hann hefur falið postulum sínum þá lykla sem nauðsynlegir eru til að stjórna kirkju hans. Aðeins sá postuli sem hefur lengstan starfsaldur, forseti kirkjunnar, getur notað þessa lykla (eða falið öðrum að gera það) til að stjórna allri kirkjunni (sjá K&S 43:1-4; 81:2; 132:7).

Forseti kirkjunnar útdeilir prestdæmislyklum til annarra prestdæmishafa, svo þeir geti verið í forsæti síns ábyrgðarsviðs. Prestdæmislyklar eru veittir forsetum mustera, trúboðs, stikna og umdæma; biskupum, forsetum greina og öldungasveita. Sá sem þjónar í einni þessara kallana hefur lyklana aðeins þar til hann er leystur af. Ráðgjafar hljóta ekki lykla, en þeir hljóta vald og ábyrgð með köllun og úthlutuðum verkefnum.

### Nota prestdæmið réttlátlega

Ef þið eruð prestdæmishafar, hafið þá í huga að prestdæmið ætti að vera hluti af ykkur allar stundir við allar aðstæður. Það er ekki eins og kufl sem þið getið farið í og úr að vild. Sérhver vígsla til prestdæmisembættis er ævilöng köllun til þjónustu, með loforði um að Drottinn muni gera ykkur hæfa til að vinna verk hans í samræmi við trúfesti ykkar.

Þið verðið að vera verðugir þess að hljóta og nota prestdæmið. Orðin sem þið mælið og dagleg breytni ykkar hafa áhrif á hæfni ykkar til að þjóna. Hegðun ykkar meðal fólks verður að vera óaðfinnanleg. Breytni ykkar í einrúmi er jafnvel enn mikilvægari. Drottinn sagði með spámanni sínum Joseph Smith, „að réttur prestdæmisins [vær] óaðskiljanlega tengdur valdi himins, og að valdi himins [yrði] aðeins stjórnað og beitt

eftir reglum réttlætisins“ (K&S 121:36). Hann aðvaraði prestdæmishafa:

„Þegar við reynum að hylja syndir okkar eða seðja hroka okkar og fánýta metorðagirnd, eða beita stjórn eða yfirráðum eða þvingun við sálar mannanna barna, hversu lítið sem óréttlætið er, sjá, þá draga himnarnir sig í hlé. Andi Drottins tregar, og þegar hann er vikinn á brott, er úr sögunni prestdæmi eða vald þess manns. Sjá, áður en hann veit af, er hann skilinn einn eftir“ (K&S 121:37–38).

Þið getið engu valdi eða áhrifum beitt í krafti prestdæmisins, nema „með fortölum einum, með umburðarlyndi, með mildi og hógværð og með fölskvalausri ást– Með góðvild og hreinni þekkingu, sem stórum mun þroska sálina, án hræsni og án flærðar.“ Ef „heilagur andi hvetur til þess“ að þið vandið um við einhvern, sýnið þá í kjölfarið „vaxandi kærleik þeim, sem [þið hafið] vandað um við, svo að hann telji [ykkur] ekki óvin sinn–“ (K&S 121:41–43).

Þegar þið notið prestdæmið í réttlæti og kærleika, munuð þið finna gleði í því að þjóna sem verkfæri í höndum Drottins. Hann sagði:

„Lát brjóst þitt og vera fullt af kærleika til allra manna og til heimamanna trúarinnar. Lát dyggðir prýða hugsanir þínar linnulaust, og þá mun traust þitt vaxa og styrkjast í návist Guðs og kenning prestdæmisins falla á sál þína sem dögg af himni.

Heilagur andi verður þér stöðugur förunautur, og veldissproti þinn óbreytanlegur veldissproti réttlætis og sannleika. Og yfirráð þín skulu verða ævarandi yfirráð og streyma til þín án þvingana alltaf og að eilífu“ (K&S 121:45–46).

Fleiri tilvísanir: Jóh 15:16; Post 8:14–20; Jakbr 5:14–15; K&S 13; 20; 84; 107; Joseph Smith–Saga 1:68–73

Sjá einnig Aronsprestdæmið; Kirkjustjórnun; Melkísedeksprestdæmið; Helgiathafnir; Endurreisn fagnaðarerindisins

**Prestur** (Sjá Aronsprestdæmið; Kirkjustjórnun; Prestdæmið)

## Réttvísi

Réttvísi er hið óbreytanlega lögmál afleiðinga af breytni. Þið hljótið blesanir þegar þið hlítið boðorðum Guðs vegna lögmáls réttvísinnar (sjá K&S 130:21–22). Lögmál réttvísinnar krefst refsingar fyrir sérhverja synd sem drýgð er. Hún gerir kröfum að ekkert óhreint fái dvalið hjá Guði (sjá 1 Ne 10:21).

Þegar frelsarinn framkvæmdi friðþæginguna tók hann sjálfur á sig syndir okkar. Hann megnaði að „uppfylla tilgang lögmálsins“ (2 Ne 2:7), því hann beygði sig undir refsinguna sem lögmálið krafðist fyrir syndir okkar. Með því hafði hann „fullnægt kröfum réttvísinnar“ og veitt öllum miskunn sem iðruðust og fylgdu honum (sjá Mósía 15:9; Alma 34:14–16). Við þurfum ekki að þjást vegna þeirrar refsingar, ef við iðruðst, vegna þess að hann hefur greitt gjaldið fyrir syndir okkar (sjá K&S 19:15–20).

Fleiri tilvísanir: 2 Ne 9:26; Alma 42

Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Miskunn; Iðrun

## Ritningaráms

Það sem heilagir menn Guðs rita eða mæla í krafti heilags anda, „skal vera ritning, skal vera vilji Drottins, skal vera hugur Drottins, skal vera orð Drottins, skal vera rödd Drottins og kraftur Guðs til sáluhjálpar“ (K&S 68:4). Samþykktar ritningar kirkjunnar, sem oft eru nefndar helgiritin, eru Biblía, Mormónsbók, Kenning og sáttmálar og Hin dýrmæta perla. Nánar er fjallað um ritningar þessar á bls. 128–130.

### Mikilvægi daglegs ritningarnáms

Megin tilgangur ritninganna er að vitna um Krist, að hjálpa okkur að koma til hans og hljóta eilíft líf (sjá Jóh 5:39; 20:31; 1 Ne 6:4; Mósía 13:33–35). Spámaðurinn Mormón sagði:

„Hver sem vill, getur höndlað orð Guðs, sem er lifandi og kröftugt og tætir sundur alla klæki og snörur og brögð

djöfulsins og leiðir mann Krists á hina kröppu og þróngu braut yfir það ævarandi djúp vansældar, sem ætlað er að gleypa hina ranglátu—

Og skipar sálum þeirra, já, hinum ódauðlegu sálum þeirra, Guði til hægri handar í ríki himins, til að setjast hjá Abraham og Ísak, og hjá Jakob, og hjá öllum heilögum feðrum okkar, til að hverfa þaðan aldrei framar” (He 3:29–30).

Síðari daga spámenn hvetja okkur til að læra ritningarnar daglega, bæði einslega og með fjölskyldum okkar. Þeir hvetja okkur, líkt og Nefí hvatti bræður sína, til að tileinka okkur ritningarnar sjálf og komast að því hvernig helgar frásagnir fyrri tíma eiga við um okkur nú (sjá 1 Ne 19:23–24). Þeir hvetja okkur til að „[rannsaka] ritningarnar“ (Jóh 5:39) og til að „endurnærast af orðum Krists“ (2 Ne 32:3).

Þið munuð uppskera miklar blessanir af því að fylgja þessari leiðsögn. Daglegt og innihaldsríkt ritningarnám gerir ykkur kleift að vera móttækileg fyrir hljóðri rödd heilags anda. Það styrkir trú ykkar, ver ykkur gegn freistungum og færir ykkur nær himneskum föður og hans ástkaera syni.

Gerið áætlun um einkanám á ritningunum. Ákveðið að taka frá ákveðinn tíma á degi hverjum til að læra ritningarnar. Lesið vandlega á þeim tíma og verið vakandi yfir innblæstri andans. Biðjið himneskan föður að hjálpa ykkur að komast að því hvað hann óskar að þið lærið og gerið.

Haldið áfram að læra ritningarnar alla ykkar ævi, einkum Mormónsbók. Þið munuð uppgötva fjársjóð ritninganna aftur og aftur og uppgötva nýjan skilning á þeim er þið lærið þær á hinum ýmsu sviðum lífsins.

Ef þið eruð gift, gefið ykkur þá tíma á degi hverjum til að lesa ritningarnar sem fjölskylda. Það kann að reynast erfitt, en eilífur tilgangur þess verður dásamlegur. Ráðgerið, með leiðsögn andans, að hafa ritningarlestur sem uppfyllir þarfir fjölskyldu ykkar. Kvíðið því ekki að lesa ritningarnar fyrir yngri börnin. Orð þessara helgu heimilda búa yfir krafti sem snertir jafnvel þau yngstu.

## Biblían

Biblíunni er skipt í tvö hluta: Gamla testamentið og Nýja testamentið. Gamla testamentið er helg ritning um samskipti Guðs við sáttmáslýð sinn í Landinu helga. Í því eru kenningar spámannna eins og Móse, Jósúa, Jesaja, Jeremía og Daniéls. Í Nýja testamentinu eru frásagnir um fæðingu, jarðneska þjónustu og friðþægingu frelsarans. Því lýkur með frásögn um þjónustu lærisveina frelsarans.

Útgáfur Biblíunnar eru mismunandi, því hún hefur verið þýdd margsinnis. Enska Biblíuútgáfa Jakobs konungs er samþykkt sem ritning kirkjunnar.

Við, í Kirkju Jesú Kristi hinna Síðari daga heilögu, heiðrum Biblíuna og helgar kenningar hennar. Við getum hlotið styrk og huggun af frásögnum Biblíunnar um samskipti Guðs við lýð hans.

## Mormónsbók: Annað vitni um Jesú Krist

Mormónsbók kom fram í þessari ráðstöfun að vilja Drottins. Hún er heimild um samskipti Guðs við fólkioð sem lifði í Ameríku til forna. Spámenn Drottins færðu hinar upprunalegu heimildir á gulltöflur með leturgreftri. Drottinn hefur sagt að Mormónsbók geymi „fyllingu fagnaðarerindis Jesú Kristi“ (K&S 20:9; sjá einnig K&S 42:12).

Hinn 22. september 1827 færði engill að nafni Moróní – síðasti spámaður Mormónsbókar – spámanninum Joseph Smith þessar heimildir. Spámaðurinn Joseph þýddi heimilda á ensku með gjöf og krafti Guðs. Frá þeim tíma hefur Mormónsbók verið þýdd á mörg önnur tungumál.

Megin tilgangur Mormónsbókar er að sannfæra alla menn um að „Jesús er Kristur, hinn eilífi Guð, er opinberar sig öllum þjóðum“ (titilsíða Mormónsbókar). Hún kennir að „allir menn verði að koma til hans, að öðrum kosti geti þeir ekki frelsast“

(1 Ne 13:40). Joseph Smith sagði um Mormónsbók, að hún væri „burðarsteinn trúar okkar, og að maðurinn kæmist nær Guði með því að fara eftir kenningum hennar, fremur en nokkurrar annarrar bókar“ (formáli Mormónsbókar).

Mormónsbók er annað vitni um þann sannleika sem kenndur er í Biblunni. Hún geymir einnig „auðskiljanleg og mjög dýrmæt atriði“ sannleika sem glatast hefur úr Biblunni vegna rangrar þýðingar eða vegna þess sem menn hafa „fellt úr“ til þess að „rangsnúa réttum vegum Drottins“ (sjá 1 Ne 13:24–27, 38–41). Biblán og Mormónsbók munu „tengjast saman og gjöra falskenningar að engu, jafna deilur og koma á friði“ (2 Ne 3:12).

Í lok Mormónsbókar kennir spámaðurinn Moróní okkur hvernig við getum vitað að bókin er sönn: „Og þegar þér meðtakið þetta, þá hvet ég yður að spryja Guð, hinn eilífa föður, í nafni Krists, hvort þetta er ekki sannleikur. Og ef þér spryjið í hjartans einlægni, með einbeittum huga og í trú á Krist, mun hann opinbera yður sannleiksgildi þess fyrir kraft heilags anda“ (Moró 10:4; sjá einnig vers 3 og 5).

### Kenning og sáttmálar

Í Kenningu og sáttmálum eru opinberanir sem veittust spámanninum Joseph Smith. Í henni eru einnig fáeinir opinberanir sem veittust öðrum síðari daga spámönum. Þessi ritning er einstök, því hún er ekki þýðing fornra heimilda. Hún er safn opinberana sem Drottinn hefur veitt útvöldum spámönum sínum á síðari dögum.

Spámaðurinn Joseph Smith sagði ritninguna Kenningu og sáttmála vera „grundvöll kirkjunnar á þessum síðustu dögum og ávinning fyrir heiminn, sem sýnir að mönnum sé enn á ný treyst fyrir lyklunum að leyndardómum ríkis frelsara okkar“ (formáli að K&S 70).

## *Sakramenti*

### Hin dýrmæta perla

Hin dýrmæta perla geymir Bók Móse, Bók Abrahams, innblásna þýðingu spámannsins Josephs Smith á 24. kapítula Matteusar, og rit eftir spámanninn Joseph.

Bók Móse er stuttur útdráttur úr innblásinni þýðingu Josephs Smith og Bíblíunni. Hún er ýtarlegri heimild af ritverki Móse í fyrstu Mósebók Gamla testamentisins. Hún geymir margar kenningar sem glatlast höfðu úr Bíblíunni og fjallar enn nánar um sáluhjálparáætlunina, sköpun jarðarinnar og samskipti Drottins við Adam og Evu.

Bók Abrahams er þýðing fornra heimilda sem ritaðar voru á papírus sem kirkjunni áskotnaðist árið 1835. Spámaðurinn Joseph Smith þýddi þær heimildir með opinberun. Bók þessi geymir sannleika um stórþingið sem haldið var á himni í fortilverunni, sköpun jarðarinnar, eðli Guðs og prestdæmið.

Joseph Smith–Matteus er viðauki við vitneskju okkar um kenningar frelsarans um síðari komu hans.

Rit Josephs Smith í Hinni dýrmætu perlu samanstanda af:

- Joseph Smith–Saga, sem er útdráttur úr sögu kirkjunnar eftir spámanninn. Hún greinir frá atburðum sem leiddu til endurreisnar kirkjunnar, þar á meðal Fyrstu sýninni, vitjun Morónís til spámannsins Josephs, afhendingu gulltaflanna og endurreisn Aronsprestdæmisins.
- Trúaratriðin, sem spámaðurinn Joseph Smith skrifaði sem megin yfirlýsingur trúar og kenninga.

Fleiri tilvísanir: Róm 15:4; 2 Tím 3:15–17; 2 Ne 25:26; Alma 17:2–3; 3 Ne 23:1–5; K&S 18:33–36; Trúaratriðin 1:8

*Sjá einnig Spámenn; Endurreisn fagnaðarerindisins; Opinberun*

## **Sakramenti**

Jesús Kristur átti stund með postulum sínum og innleiddi sakramentið kvöldið fyrir krossfestingu sína. „Hann

tók brauð, gjörði þakkir, braut það, gaf þeim og sagði: Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn. Gjörið þetta í mína minningu. Eins tók hann kaleikinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt” (Lúk 22:19–20). Hann innleiddi sakramentið meðal Nefíta eftir upprisu sína (sjá 3 Ne 18:1–11).

Á okkar tíma meðtökum við brauð og vatn til minningar um friðþægingarfórni Jesú Kristi. Sú helgiathöfn er nauðsynlegur þáttur í tilbeiðslu okkar og andlegum þroska. Því meira sem við ígrundum merkingu þess, því helgara verður það okkur.

### Minnast frelsarans og friðþægingar hans

Sakramentið gefur okkur kost á að minnast af þakklæti hlutverks, þjónustu og friðþægingar sonar Guðs.

Með brauðmola minnumst við líkama hans. Við getum minnst líkamlegra þjáninga hans – einkum þjáninga hans á krossinum. Við getum minnst þess að fyrir miskunn hans og náð munu allir menn rísa upp og fá tækifæri til að eignast eilíft líf hjá Guði.

Með litlum vatnsbikar getum við minnst þess að frelsarinn úthellti blóði sínu í mikilli sálarkvöl og þjáningu, sem hófst í Getsemanegarðinum. Þar sagði hann: „Sál míن er hrygg allt til dauða“ (Matt 26:38). Hann þjáðist meira en við fáum skilið þegar hann beygði sig undir vilja föður síns: „Blóð [draup] úr hverri svitaholu, svo mikil [var] angist hans vegna ranglætis og viðurstyggðar þjóðar hans“ (Mósía 3:7). Við getum minnst þess að með því að úthella blóði sínu, frelsaði Jesús Kristur okkur og alla aðra menn frá því sem ritningarnar nefna „erfðasyndina,“ sem hlaust af broti Adams (HDP Móse 6:54). Við getum einnig minnst þess að hann þjáðist vegna synda, sorgar og þjáninga allra barna himnesks föður og sá þeim sem iðrast og lifa eftir fagnaðarerindinu fyrir fyrirgefningu syndanna (sjá 2 Ne 9:21–23).

## *Sakramenti*

### Endurnýjun sáttmála og fyrirheitnar blessanir

Þegar við meðtökum sakramentið, vitnum við fyrir Guði að minningin um son hans muni ná lengra en þann stutta tíma sem helgiathöfnin stendur yfir. Við lofum að minnast hans ávallt. Við vitnum að við séum fús til að taka á okkur nafn Jesú Krista og halda boðorð hans. Með því að meðtaka sakramentið og skuldbinda okkur þannig, erum við að endurnýja sáttmála okkar (sjá Mósía 18:8–10; K&S 20:37).

Við munum hljóta miklar blessanir þegar við höldum skírnarsáttmála okkar. Þegar við endurnýjum hann, endur-vekur Drottinn loforð sitt um fyrirgefningu synda okkar. Séum við hreinsuð af synd, getum við tryggt að „andi hans sé ætíð með [okkur]“ (K&S 20:77). Stöðugt samfélag andans er ein af þeim mikilvægustu gjöfum sem við getum hlotið í jarðlífina. Andinn mun leiða ykkur á vegi réttlætis og friðar, sem liggar til eilífs lífs hjá föður ykkar á himnum og Jesú Kristi.

### Meðtaka verðug

Gefið ykkur tíma til að meta líf ykkar og iðrast synda ykkar, er þið búið ykkur undir að meðtaka saktamentið viku-lega. Þið þurfið ekki að vera fullkomín til að meðtaka sakramentið, en þið ættuð að hafa anda auðmýktar og iðrunar í hjarta. Í hverri viku ættuð þið að búa ykkur undir þessa helgiathöfn með sundurkrömdu hjarta og sáriðrandi anda (sjá 3 Ne 9:20).

Ef þið meðtakið sakramentið með lotningu og þeim hátíðleika sem það verðskuldar, veitir það ykkur tækifæri til sjálffsskoðunar, iðrunar og endurskuldbindingar – það verður uppsprettu styrks og minnir ykkur stöðugt á friðþægingu frelsarans.

Fleiri tilvísanir: 1 Kor 11:23–29; Moró 4–5; K&S 20:75–79; 27:2

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krista; Sáttmáli*

## **Sakramentissamkoma** (*Sjá Hvíldardagur; Sakramenti; Fórn*)

### **Samkynhneigð** (*Sjá Skírlífi*)

#### **Samviska**

Allir menn fæðast með þann hæfileika að geta greint á milli rétts og rangs. Hæfileiki þessi, sem nefnist samviska, ber vitni um ljós Krists (sjá Moró 7:15–19).

Samviska okkar er vörn og hjálpar okkur að forðast aðstæður sem eru andlega skaðlegar. Þegar við höldum boðorðin og tökum réttlátar ákvarðanir, öðlumst við samviskufrið.

Þegar við syndgum finnum við til sektarkenndar eða eftirsjár, líkt og við upplifum líkamlegan sársauka þegar við meiðum okkur. Þannig bregst samviska okkar sjálfkrafa við synd og getur leitt okkur til iðrunar.

Iðrun og fyrirgefning endurheimta samviskufrið. Ef við aftur á móti sniðgöngum samvisku okkar og iðrumst ekki, lamast hún, líkt og við værum „brennimerkt“ (sjá 1 Tím 4:2).

Lærið að fylgja samvisku ykkar. Það er mikilvægur hluti þess að iðka sjálfræði ykkar. Því betur sem þið fylgið samvisku ykkar, því næmari verður hún. Næm samviska er merki um heilbrigðan anda.

Fleiri tilvísanir: Mósía 4:1–3; K&S 84:45–47

*Sjá einnig Sjálfræði; Ljós Krists; Hlyðni; Freusting*

#### **Satan**

Satan, sem einnig er nefndur andstæðingurinn eða djöfullinn, er óvinur réttlætisins og þeirra sem reyna að fylgja Guði. Hann er andsonur Guðs, sem eitt sinn var engill „sem vald hafði í návist Guðs“ (K&S 76:25; sjá einnig Jes 14:12; K&S 76:26–27). En á stórþingi himins í fortilverunni, gerði Lúsifer,

## *Saurlifnaður*

eins og Satan var þá nefndur, uppreisn gegn himneskum föður og sáluhjálparáætluminni. Í þessari uppreisn gegn Guði, reyndi Satan að „tortíma sjálfræði mannsins“ (HDP Móse 4:3). Hann sagði: „Ég mun endurleysa allt mannkyn, svo að ekki glatist ein sál, og vissulega mun ég gjöra það. Veit mér þess vegna heiður þinn“ (HDP Móse 4:1).

Satan fékk „þriðja hluta af herskörum himins“ til að snúa frá föðurnum (K&S 29:36). Satan og fylgjendum hans var varpað niður úr návist Guðs og neitað um þá blessun að hljóta efnislíkama (sjá Op 12:9). Þeim var einnig neitað um það tækifæri að hljóta nokkra arfleifð í dýrðarríki.

Himneskur faðir leyfir að Satan og fylgjendur hans freisti okkar, sem er hluti af reynslu okkar í jarðlífínus (sjá 2 Ne 2:11–14; K&S 29:39). Þar sem Satan „sækist eftir því, að allir menn verði jafn vansælir og hann er sjálfur“ (2 Ne 2:27), reyna hann og fylgjendur hans að leiða okkur í burtu frá réttlætinu. Hann leggur mest kapp á að standa gegn mikilvægustu þáttunum í sæluáætlun himnesks föður. Hann reynir til að mynda að ófrægia frelsarann og prestdæmið, að kasta rýrð á kraft friðþægingarinnar, að falsa opinberanir, að draga athygli okkar frá sannleikanum og mæla á móti ábyrgð einstaklingsins. Hann reynir að gera lítið úr fjölskyldunni með því að rugla kynferði, hvetja til kynferðissambands utan hjónabands, draga dár að hjónabandinu og letja hjón til barneigna, sem annars hefðu alið upp börn í réttlæti.

Þið þurfið ekki að láta undan freustingum Satans. Þið búið að innri krafti til að velja gott fram yfir illt og þið getið alltaf leitað hjálpar Drottins í bæn. (Sjá „Freisting,“ bls. 44–46.)

Fleiri tilvísanir: Jes 14:12–17; 1 Ne 15:23–24; 2 Ne 2:16–18; Moró 7:12; K&S 10:5; 29:36–40, 46–47; 76:25–29

*Sjá einnig Sjálfræði; Synd; Freisting*

## **Saurlifnaður** (Sjá Skírlífi)

## Sál

Hugtakið *sál* er notað í tvíþættri merkingu í ritningunum. Í fyrsta lagi er sál andi sameinaður efnislíkama, hvort heldur í jarðlífínu eða eftir upprisuna (sjá K&S 88:15–16). Í öðru lagi er sál stundum sögð vera andi okkar (sjá Alma 40:15–18; Abr 3:23).

Sjá einnig Sáluhjálparáætlunin; Upprisa; Andi

## Sáluhjálp

Stundum eruð þið spurð í viðræðum ykkar við aðra kristna: „Eruð þið frelsuð?“ Þeir sem spryrja þessarar spurningar eiga yfirleitt við einlæga játningu eða yfirlýsingum um að þið hafið tekið á móti Jesú Kristi sem Drottni og persónulegum frelsara ykkar. Með þessari spurningu gera þeir grein fyrir trú sinni samkvæmt eftirfarandi orðum sem Páll postuli ritaði:

„Ef þú játar með munni þínum: Jesús er Drottinn og trúir í hjarta þínu, að Guð hafi uppvakið hann frá dauðum, muntu hólpinn verða. Með hjartanu er trú að til réttlætis, en með munninum játað til hjálpræðis“ (Róm 10:9–10).

Að svara spurningunni: „Eruð þið frelsuð?“

Í Róm 10:9–10 eru hugtökin *hólpinn* og *hjálpræði* notuð í tengslum við sáttmálssamband við Jesú Krist. Með þessu sáttmálssambandi erum við fullvissuð um sáluhjálp frá eilífum afleiðingum syndar, ef við erum hlýðin. Sérhver Síðari daga heilagur er frelsaður samkvæmt þeirri merkingu. Við höfum snúist til trúar á hið endurreista fagnaðarerindi. Fyrir tilstilli helgiathafnar skírnar höfum við gengið inn í sáttmálssamband við frelsarann, tekið á okkur nafn hans. Við endurnýjum skírnarsáttmála okkar með því að meðtaka sakramentið.

## Mismunandi merking hugtaksins *hjálpræði*

Í kenningum Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu hafa hugtökin *hólpinn* og *hjálpræði* mismunandi merkingu. Samkæmt þeirri merkingu ætti svar ykkar við spurningunni „eruð þið frelsuð?“ að vera annaðhvort „já“ eða „já, en bundið skilyrðum.“ Eftirfarandi útskýringar gera grein fyrir sex mismunandi merkingum hugtaksins *hjálpræði*.

*Hjálpræði frá líkamsdauða.* Allir menn deyja einhvern tíma. En allir menn munu reistir upp fyrir tilstilli friðþægingar Jesú Krists – endurleystir frá líkamsdauða. Páll vitnaði: „Því að eins og allir deyja fyrir samband sitt við Adam, svo munu allir lífgaðir verða fyrir samfélag sitt við Krist“ (1 Kor 15:22).

*Hjálpræði frá synd.* Við verðum að iðka trú á Jesú Krist til að hreinsast af synd, iðrast, skírast og taka á móti heilögum anda (sjá Post 2:37–38). Ef þið hafið verið skírð og tekið á móti heilögum anda með réttu prestdæmisvaldi, hafið þið þegar verið endurleyst frá synd að gefnum skilyrðum. Þið verðið ekki fyllilega endurleyst frá synd fyrr en þið hafið lokið þessu lífi á jörðinni og staðist trúfastlega allt til enda.

Veitið athygli að þið getið ekki frelsast í *syndum ykkar*; þið getið ekki hlotið *hjálpræði* án skilyrða, einfaldleg með því að játa trú á Krist og búa að þeim skilningi að þið munuð óhjákvæmilega drýgja syndir einhvern tíma á ævi ykkar (sjá Alma 11:36–37). Við getum frelsast frá *syndum okkar* fyrir náð Guðs (sjá He 5:10–11). Við verðum að iðka trú á Jesú Krist til að hljóta þá blessun, keppa að því að halda boðorðin, láta af synd og endurnýja iðrun okkar og hreinsun með helgiathöfn sakramentis.

*Endurfæðing.* Stundum getið þið verið spurð að því hvort þið séuð endurfædd. Reglan um andlega endurfæðingu kemur oft fyrir í ritningunum. Í Nýja testamentinu kennir Jesús að við verðum að „[fæðast] að nýju“ og að „enginn [geti] komist inn í Guðs ríki, nema hann fæðist af vatni og

anda“ (Jóh 3:3, 5). Þessi kenning er staðfest í Mormónsbók: „Allt mankyn, já, karlar og konur, allar þjóðir, kynkvíslir, tungur og lýðir, [þurfa] að endurfæðast. Já, fæðast af Guði, hverfa úr viðjum holdlegs og fallins hlutskiptis í faðm réttlætisins, [endurleysast] af Guði og verða synir hans og dætur. Og á þennan hátt verða þau ný sköpun. Og án þess að gjöra þetta geta þau á engan hátt erft Guðs ríki“ (Mósía 27:25–26).

Endurfæðing er ferli sem á sér stað eftir að við höfum verið skírð og meðtekið gjöf heilags anda. Það á sér stað af því að við erum fús til „að gjöra sáttmála við Guð okkar um að gjöra hans vilja og hlýða öllum þeim boðorðum, sem hann gefur okkur, alla okkar ókomnu ævidaga“ (Mósía 5:5). „Hann [hefur því] getið [okkur] andlega, því að . . . hjortu [okkar hafa] breyst fyrir trú á nafn hans“ (Mósía 5:7). Ef þið hafið verið skírð og tekið á móti gjöf heilags anda, með þeim sáttmála að þið takið á ykkur nafn Jesú Krists, getið þið sagt að þið hafið fæðst að nýju. Og þið getið endurnýjað þá fæðingu sérhvern hvíldardag þegar þið meðtakið sakramentið.

*Hjálpræði frá fáfræði.* Margir búa við myrkur í lífi sínu og þekkja ekki ljós hins endurreista fagnaðarerindis. Þeim er aðeins „haldið frá sannleikanum vegna þess að þeir vita ekki hvar hann er að finna“ (K&S 123:12). Þið búið ekki við slíkt ástand sem meðlimir kirkju Drottins. Þið hafið þekkingu á Guði föðurnum, Jesú Kristi, tilgangi lífsins, sáluhjálparáætluninni og eilífum möguleikum ykkar. Þið getið verið lærisveinar frelsarans, sem sagði: „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins“ (Jóh 8:12).

*Hjálpræði frá öðrum dauða.* Ritningarnar minnast stundum á hjálpræði frá öðrum dauða. Þessi annar dauði er endanlegur andlegur dauði – útilokun frá réttlætinu og höfnun þess að hljóta stað í einhverju dýrðarríki (sjá Alma 12:32; K&S 88:24). Þessi annar dauði verður ekki fyrr en við lokadóminn og aðeins fáeinir munu upplifa hann (sjá K&S 76:31–37).

## Sáluhjálparáætlunin

Næstum öllum mönnum sem hafa lifað á þessari jörðu er tryggt hjálpræði frá þessum öðrum dauða (sjá K&S 76:40–45).

*Eilíft líf eða upphafning.* Í ritningunum vísa hugtökin *hólpinn* og *hjálpræði* oft til eilífs lífs eða upphafningar (sjá Abr 2:11). Eilíft líf er að þekkja himneskan föður og Jesú Krist og dvelja ævarandi hjá þeim – að erfa stað í æðstu dýrðargráðu himneska ríkisins (sjá Jóh 17:3; K&S 131:1–4; 132:21–24). Við verðum að gera meira en að iðrast synda okkar og láta skírast og staðfestast af réttu prestdæmisvaldi til að hljóta þessa gjöf. Karlar verða að taka á móti Melkísedeksprestdæminu og allir meðlimir kirkjunnar verða að gera og halda helga sáttmála musterisins, þar á meðal eilíft hjónaband.

Ef við notum hugtakið *hjálpræði* í tengslum við eilíft líf, þá getur ekkert okkar sagt að við séum frelsuð hér í jarðlíf-inu. Sú dýrðlega gjöf getur aðeins orðið að veruleika eftir lokadóminn.

Fleiri tilvísanir: Matt 10:22; Mark 16:16; Ef 2:8–10; Jakbr 2:14–18; 2 Ne 25:23, 26; Mósia 5:8–15; 3 Ne 9:21–22; Moró 10:32–33; Trúaratriðin 1:3

*Sjá einnig* Friðþæging Jesú Krists; Skírn; Eilíft líf; Náð; Dýrðarríkin; Sáluhjálparáætlunin

## Sáluhjálparáætlunin

Himneskur faðir gerði áætlun í fortilverunni til að gera okkur kleift að líkjast honum og hljóta fyllingu gleðinnar. Í ritningunum er áætlun þessi sögð vera „sáluhjálparáætlun“ (Alma 24:14; HDP Móse 6:62), „hin mikla sæluáætlun“ (Alma 42:8), „endurlausnaráætlun“ (Jakob 6:8; Alma 12:30) og „miskunnaráætlun“ (Alma 42:15).

Sáluhjálparáætlunin er fylling fagnaðarerindisins. Hún nær yfir sköpunina, fallið, friðþægingu Jesú Krists og öll lögmál, helgiathafnir og kenningar fagnaðarerindisins. Siðferðislegt sjálfræði, getan til að velja og breyta sjálf, er nauðsynlegt í áætlun himnesks föður. Við getum fullkomnast

með friðþægingunni, vegna þessarar áætlunar, hlotið fyllingu gleðinnar og dvalið ævarandi í návist Guðs. Fjölskyldubönd okkar geta varað um eilífðir.

Þið eruð þáttakendur í áætlun himnesks föður og hægt er að skipta eilífri reynslu okkar í þrjá megin hluta: Fortilveruna, jarðlifið og lífið eftir dauðann. Þegar þið takið að skilja áætlunina, munuð þið finna svör við spurningum sem brenna á svo mörgum: Hvaðan komum við? Hvers vegna erum við hér? Hvert förum við að þessu lífi loknu?

### Fortilveran

Við dvöldum sem andabörn hjá föður okkar á himnum áður en við fæddumst á þessari jörðu. Í þessari fortilveru sóttuð þið stórþing ásamt öðrum andabörnum himnesks föður. Á þessu stórþingi kynnti himneskur faðir hina miklu sæluáætlun sína (sjá Abr 3:22–26).

Í samræmi við sæluáætlunina gerði Jesús Kristur, hinn frumgetni sonur föðurins í andanum, sáttmála í fortilverunni um að verða frelsari okkar (sjá HDP Móse 4:2; Abr 3:27). Þeim sem fylgdu himneskum föður og Jesú Kristi var leyft að koma til jarðarinnar til að upplifa hið dauðlega líf og þróast í átt að eilífu lífi. Lúsífer, annar andasonur Guðs, gerði uppreisn gegn áætluninni og „reyndi að tortíma sjálfræði mannsins“ (HDP Móse 4:3). Hann varð Satan og honum og fylgjendum hans var varpað burt af himnum og þeim neitað um þau forréttindi að hljóta efnislíkama og upplifa hið dauðlega líf (sjá HDP Móse 4:4; Abr 3:27–28).

Í fortilverunni þróuðuð þið persónuleika ykkar og eflduð andlega hæfni ykkar. Blessuð með gjöf sjálfræðis, tókuð þið mikilvægar ákvarðanir, svo sem að ákveða að fylgja áætlun himnesks föður. Þær ákvarðanir höfðu áhrif á líf ykkar þá og nú. Þið jukuð við vitsmuni ykkar og lærðuð að elska sannleikann og bjugguð ykkur undir að fara til jarðar, þar sem þið gátuð haldið áfram að þroskast.

## Jarðlífíð

Þið eruð nú að upplifa jarðlífíð. Andi ykkar er sameinaður líkama ykkar, sem gerir ykkur kleift að þróast áfram á þann hátt sem ykkur var ekki mögulegt í fortilverunni. Þessi hluti tilveru ykkar er tími lærdóms, þar sem þið getið sannreynt ykkur, valið að koma til Krists, og unnið að verðugleika ykkar fyrir eilíft líf. Þessi tími gefur ykkur einnig kost á að hjálpa öðrum að finna sannleikann og hljóta vitnisburð um sáluhjálparáætlunina.

## Lífið eftir dauðann

Þegar þið deyið fer andi ykkar í andaheiminn og bíður þar upprisunnar. Eftir upprisuna mun andi ykkar og líkami sameinast að nýju og þið verðið dæmd og hljótið dýrðarríki. Sú dýrð sem þið erfið er háð því hversu sterkt þið hafið snúist til trúar og hversu vel þið hafið haldið boðorð Drottins (sjá „Dýrðarríkin,” bls. 17–19). Hún er háð því hvernig þið „[veittuð] vitnisburðinum um Jesú viðtöku“ (K&S 76:51; sjá einnig vers 74, 79, 101).

## Blessanir fyrir þekkingu á áætluninni

Vitnisburður um sáluhjálparáætlunina getur veitt ykkur von og tilgang í baráttu ykkar við áskoranir lífsins. Þið getið fundið fullvissu í þeirri þekkingu að þið eru börn Guðs og lifðuð í návist hans ádur en þið fæddust á jörðinni. Þið getið fundið tilgang með lífi ykkar nú, þar sem þið vitið að verk ykkar í jarðlífínu hafa áhrif á eilif örlög ykkar. Þessi þekking gerir ykkur kleift að byggja mikilvægar ákvarðanir á eilífum sannleika, fremur en á síbreytilegum aðstæðum lífsins. Þið getið stöðugt bætt sambandið við fjölskyldu ykkar og fagnað yfir því loforði að fjölskylda ykkar getur orðið eilíf. Þið getið fundið gleði í vitnisburði ykkar um friðþæginguna og í boðorðum, helgiathöfnum, sáttmálum og kennungum Drottins

og vitað að „sá, sem vinnur réttlætisverk, hlýtur sín laun, já, frið í þessum heimi og eilíft líf í komanda heimi“ (K&S 59:23).

Fleiri tilvísanir: 2 Ne 2:5–30; 10:23–25; Alma 12:24–37; 22:12–14; 42; HDP Móse 6:47–62

*Sjá einnig Sjálfræði; Friðþæging Jesú Kristi; Sköpunin; Dauði, líkamlegur; Dauði, andlegur; Fallið; Guð faðirinn; Fagnaðarerindið; Himinn; Helja; Jesús Kristur; Dýrðarríkin; Paradís; Upprisan*

## Sáttmáli

Sáttmáli er helgur samningur milli Guðs og einstaklings eða hóps fólks. Guð setur ákveðin skilyrði og lofar að blesa okkur, ef við hlítum þeim skilyrðum. Þegar við ákveðum að halda ekki sáttmála, getum við ekki hlotið blessanirnar og í sumum tilvikum þurfum við að taka út refsingu sem afleiðingu af óhlýðni okkar.

Öllum endurleysandi helgiathöfnum prestdæmisins fylgja sáttmálar. Dæmi: Þið gerðuð sáttmála þegar þið skírðust og endurnýið þann sáttmála í hvert sinn er þið meðtakið sakramentið (sjá Mósía 18:8–10; K&S 20:37, 77, 79). Ef þið hafið meðtekið Melkisédeksprestdæmið, hafið þið tekið á ykkur eið og sáttmála prestdæmisins (sjá K&S 84:33–44). Musterisgjöfin og helgiathöfn innsiglunar fela einnig í sér helga sáttmála.

Hafið ávallt í huga og heiðrið þá sáttmála sem þið gerið við Drottin. Þá mun ekki þurfa að skipa ykkur fyrir í öllum efnum (sjá K&S 58:26–28). Þið njótið þá innblásturs heilags anda og kristilegt framferði verður hluti af eðli ykkar. Við munum, líkt og frelsarinn sagði „hljóta opinberun á opinberun ofan, þekking á þekking ofan, svo að [við megum] þekkja leyndardómana og hið friðsæla – það, sem færir gleði, það, sem færir eilíft líf“ (K&S 42:61). Mesta von ykkar ætti að vera að njóta þeirrar helgi sem leiðir af þessari guðlegu leiðsögn; mesti ótti ykkar ætti að vera að fyrirgera þeim blessunum.

## *Sáttmáli Abrahams*

Fleiri tilvísanir: Jer 31:31–34; Mósía 5; Moró 10:33; K&S 82:10; 97:8; 98:13–15

*Sjá einnig Sáttmáli Abrahams; Skírn; Hjónaband; Helgiathafnir; Prestdæmið; Sakramentið; Musteri*

### **Sáttmáli Abrahams**

Abraham tók á móti fagnaðarerindinu og var vígður há prestur (sjá K&S 84:14; Abr 1:2). Síðar stofnaði hann til eilífs hjónabands, sem er sáttmáli upphafningar (sjá K&S 131:1–4; 132:19, 29). Hann hlaut undursamleg fyrirheit frá Drottni í tengslum við fjölskyldu sína og sáttmálana sem hann gerði. Meðal þeirra fyrirheita voru þessi:

- Niðjar hans yrðu óteljandi (sjá 1 Mós 17:5–6; Abr 2:9; 3:14).
- Niðjar hans myndu taka á móti fagnaðarerindinu og hafa prestdæmið (sjá Abr 2:9).
- Fyrir þjónustu niðja hans yrðu „allar ættkvíslir jarðar . . . blesсаðar, já, með blessumum fagnaðarerindisins, sem eru blessanir sáluhjálpar, já, eilífs lífs“ (Abr 2:11).

Samanlagt eru allir sáttmálarnir og fyrirheitin sem Abraham hlaut frá Drottni nefnd sáttmáli Abrahams. Hann er ævarandi sáttmáli sem öllum niðjum Abrahams stendur til boða (sjá 1 Mós 17:7). Menn verða að hlíta lögmálum og helgiathöfnum fagnaðarerindisins til að geta talist niðjar Abrahams. Þá geta þeir hlotið allar blessanir sáttmála Abrahams, jafnvel þótt þeir séu ekki niðjar Abrahams í bók-staflegri merkingu (sjá Gal 3:26–29; 4:1–7; K&S 84:33–40).

Sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heil-ögu eruð þið börn sáttmálans (sjá 3 Ne 20:25–26). Þið hafið tekið á móti hinu ævarandi fagnaðarerindi og eruð erfingjar sömu fyrirheita og gefin voru Abraham, Ísak og Jakob. Þið hafið rétt til blesسانa prestdæmisins og eilífs lífs, samkvæmt staðfestu ykkar við að taka á móti helgiathöfnum sáluhjálpar

og halda viðeigandi sáttmála. Þjóðir jarðar munu blesсаðar fyrir ykkar erfiði og fyrir störf niðja ykkar.

*Sjá einnig Sáttmáli; Eilift líf; Helgiathafnir; Patriarkablessanir; Prestdæmið*

## Síðari koma Jesú Krists

Þegar Jesús Kristur steig upp til himins við lok jarðneskrar þjónustu sinnar, sögðu tveir englar við lærisveina hans: „Þessi Jesús, sem varð upp numinn frá yður til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins“ (Post 1:11). Þegar frelsarinn kemur að nýju, mun hann koma í mætti og dýrð til að gera kröfu til jarðarinna sem ríkis síns. Síðari koma hans markar upphafið að þúsund ára ríkinu.

Síðari koman verðu tími ótta og sorgar fyrir hina ranglátu, en tími friðar og sigurs fyrir hina réttlátu. Drottinn hefur lýst yfir:

„Því að þeir sem vitrir eru og hafa tekið á móti sannleikanum og haft hinn heilaga anda sér til leiðsagnar, og ekki látið blekkjast – sannlega segi ég yður, að þeir munu ekki upp höggnir og þeim eigi á eld kastað, heldur munu þeir standast daginn.

Og þeir hljóta jörðina í arf. Og þeir munu margfaldast og verða sterkir og börn þeirra munu vaxa upp syndlaus til sáluhjálpar.

Því að Drottinn verður mitt á meðal þeirra og dýrð hans mun hvíla á þeim, og hann verður konungur þeirra og löggjafi“ (K&S 45:57-59).

Drottinn hefur ekki opinberað nákvæmlega hvenær hann kemur aftur: „Daginn og stundina veit enginn maður, né englar himins, né heldur munu þeir vita fyrr en hann kemur“ (K&S 49:7). En hann hefur opinberað spámönnum sínum atburðina og táknið sem verða undanfari síðari komu hans. Meðal atburðanna sem spáð hafa verið eru:

## Síon

- Fráhvarf frá sannleika fagnaðarerindisins (sjá Matt 24:9–12; 2 Þess 2:1–3).
- Endurreisn fagnaðarerindisins, ásamt endurreisn kirkju Jesú Krists (sjá Post 3:19–21; Op 14:6–7; K&S 45:28; 133:36).
- Endurreisn prestdæmislykla (sjá Mal 4:5–6; K&S 110:11–16).
- Útgáfa Mormónsbókar (sjá Jes 29:4–18; 3 Ne 21:1–11).
- Prédikun fagnaðarerindisins um heim allan (sjá Matt 24:14).
- Tímabil ranglætis, styrjalda og átaka (sjá Matt 24:6–7; 2 Tím 3:1–7; K&S 29:17; 45:26–33; 88:91).
- Tákn á himni og á jörðu niðri (sjá Jóel 2:30–31; Matt 24:29–30; K&S 29:14–16; 45:39–42; 49:23; 88:87–90).

Hafið ekki áhyggjur af því hvenær síðari koman verður nákvæmlega. Hagið lífi ykkar þess í stað þannig að þið séuð undir komu hans búin. Þegar þið sjáið hörmungar þessara síðustu daga, hafið þá í huga að hinir réttlátu þurfa ekki að óttast síðari komuna eða táknin sem koma á undan henni. Orð frelsarans til lærisveina sinna eiga við um ykkur: „Verið eigi áhyggjufullir, því að þegar allt þetta verður, megið þér vita, að fyrirheitin, sem yður voru gefin, munu uppfyllast“ (K&S 45:35).

Fleiri tilvísanir: Lúk 21:34–36; 2 Pét 3:10–14; K&S 133:42–52; Joseph Smith–Matteus

Sjá einnig; Þúsunda ára ríkið; Sáluhjálparáætlunin; Tákn

## Síon

Í Kenningu og sáttmálum eru margar ritningargreinar þar sem Drottinn býður hinum heilögu að „[leitast] við að tryggja og efla málstað Síonar“ (K&S 6:6; sjá einnig K&S 11:6; 12:6; 14:6).

Hugtakið *Síon* hefur ýmsar merkingar í ritningunum. Hin almenna skilgreining á hugtakinu er „hinir hjartahreinu“ (K&S 97:21). Hugtakið *Síon* er oft notað á þennan hátt til að vísa til fólks Drottins eða til kirkjunnar og stikna hennar (sjá K&S 82:14).

Á fyrri tíma þessarar ráðstöfunar hvöttu kirkjuleiðtogar meðlimi til að byggja upp *Síon* með því að flyttjast til aðalstöðva kirkjunnar. Nú hvetja leiðtogar hennar okkur til að byggja upp *Síon* hvar sem við búum. Meðlimir kirkjunnar eru hvattir til að halda kyrru fyrir í löndum sínum og byggja upp kirkjuna þar. Mörg musteri eru í byggingu svo að Síðari daga heilagir um heim allan geti hlotið blessanir musterisins.

Hugtakið *Síon* getur einnig vísað til sérstaks landsvæðis, eins og hér segir:

- Borgar Enoks (sjá HDP Móse 7:18–21).
- Hinnar fornu borgar Jerúsalem (sjá 2 Sam 5:6–7; 1 Kon 8:1; 2 Kon 9:28).
- Nýju Jerúsalem, sem reist verður í Jackson-sýslu, Missouri (sjá K&S 45:66–67; 57:1–3; Trúaratriðin 1:10).

Fleiri tilvísanir: Jes 2:2–3; 1 Ne 13:37; K&S 35:24; 39:13; 45:68–71; 59:3–4; 64:41–43; 90:36–37; 97:18–28; 101:16–18; 105:5; 115:5–6; 136:31

## Sjálfræði

Himneskur faðir hefur veitt ykkur sjálfræði, sem er hæfi-leikinn til að velja og breyta á eigin spýtur. Sjálfræði er mikilvægt í sáluhjálparáætluninni. Án þess væri ekki mögulegt að læra eða þroskast eða fylgja frelsaranum. Með því er ykkur „frjálst að velja frelsi og eilíft líf fyrir atbeina hins mikla meðalgöngumanns allra manna, eða velja helsi og dauða í samræmi við ánaud og vald djöfulsins“ (2 Ne 2:27).

Þið höfðuð getuna til að velja, jafnvel áður en þið fæddust. Á stórbíngi himins í fortilverunni kynnti himneskur faðir áætlun sína, sem geymdi regluna um sjálfræði. Lúsífer gerði

## *Skírlífi*

uppreisn og „reyndi að tortíma sjálfræði mannsins“ (HDP Móse 4:3). Af þeim sökum var Lúsífer og öllum fylgjendum hans neitað um þau forréttindi að hljóta dauðlegan líkama. Tilvera ykkar á jörðinni er staðfesting á að þið notuðuð sjálfræði ykkar til að fylgja áætlun himnesks föður.

Þið hafið áfram sjálfræði í hinu dauðlega lífi. Hvernig þið notið þessa gjöf ákvarðar hamingju ykkar eða vanseld í þessu lífi og komandi lífi. Þótt ykkur sé frjálst að velja að eigin vilja, munuð þið ekki ráða afleiðingum gjörða ykkar. Ekki er víst að afleiðingar komi tafarlaust í kjölfarið, en þær munu alltaf koma. Hamingja, friður og eilíft líf leiðir af góðu og réttlátu vali, en synd og slæmt val leiðir að lokum til sorgar og vanseldar.

Þið berið ábyrgð á öllu ykkar vali. Þið ættuð ekki að skella skuldinni á aðstæður ykkar, fjölskyldu eða vini, ef þið veljið að óhlýðnast Guði með því að halda ekki boðorð hans. Þið eruð börn Guðs og búið yfir miklum styrk. Ykkur er mögulegt að velja réttlæti og hamingju, hverjar sem aðstæður ykkar eru.

Þið berið einnig ábyrgð á að þroska þá eiginleika ykkar og hæfileika sem himneskur faðir hefur gætt ykkur. Þið eruð ábyrg frammi fyrir honum er þið notið hæfileika ykkar og tíma. Látið ekki tíma ykkar fara til spillis. Verið fús til að leggja hart að ykkur. Ákveðið að gera margt gott af ykkar eigin frjálsa vilja.

Fleiri tilvísanir: 5 Mós 11:26–28; 30:15–20; Jósúa 24:14–15; 2 Ne 2; He 14:30–31; K&S 58:26–28; 101:78

*Sjá einnig Hlýðni; Sáluhjálparáætlunin; Freistaing*

## **Skírlífi**

Skírlífi er kynferðislegur hreinleiki, ástand sem „Guði er einmitt mjög þóknanlegt“ (Jakob 2:7). Við verðum að vera siðferðislega hrein í hugsun, orðum og verkum til að vera skírlíf. Við megum ekkert kynferðislegt samband eiga áður en

við erum löglega gift. Þegar við erum gift verðum við að vera algjörlega trúfost eiginmanni okkar eða eiginkonu.

Líkamlegt samband milli eiginmanns og eiginkonu getur verið fagurt og heilagt. Pað er vígt af Guði til sköpunar barna og til kærleikstjáningar í hjónabandi.

Satan hefur talið mörgum í heiminum nú trú um að kynferðisleg nánd utan hjónabands sé í lagi. En það er alvarleg synd í augum Guðs. Það er misnotkun á þeim krafti sem hann hefur gefið til sköpunar lífs. Spámaðurinn Alma sagði kynferðissyndir svo alvarlegar að þær kæmu næst morði og að afneita heilögum anda (Sjá Alma 39:3–5).

Stundum reynir fólk að telja sér trú um að kynferðislegt samband utan hjónabands sé í lagi, ef þeir sem í því eru elска hvort annað. Það er ekki rétt. Að brjóta skírlífislögmálið og hvetja aðra til að gera það er ekki kærleikstjáning. Elski fólk hvort annað mun það aldrei stofna hamingju og öryggi hvors annars í hættu í skiptum fyrir stundlega ánægju.

Þegar fólk lætur sé nægilega annt um hvort annað til að halda skírlífislögmálið, mun elска þess, traust og skuldbinding aukast og leiða til aukinnar hamingju og einingar. Samband sem aftur á móti grundvallast á kynferðislegri ósiðsemi mun fljótt dofna. Þeir sem stunda kynferðislega ósiðsemi upplifa oft ótta, sektarkennd og smán. Biturleiki, afbrýðissemi og fjandskapur kemur brátt í stað jákvæðra tilfinninga sem áður eikenndi samband þess.

Himneskur faðir hefur sett skírlífislögmálið okkur til verndar. Hlýðni við lögmál þetta er nauðsynlegt til persónulegs friðar og styrks og hamingjuríks heimilis. Þegar þið haldið ykkur kynferðislega hreinum verjið þið ykkur einnig gagnvart tilfinningalegum skaða, sem ávallt er fylgifiskur líkamlegs sambands við einhvern utan hjónabands. Þið verðið næm á leiðsögn, styrk, huggun og vernd heilags anda og þið munuð uppfylla mikilvægt skilyrði til að hljóta musteris-meðmæli og taka þátt í helgiathöfnum musterisins.

## Kynferðissyndir

Drottinn og spámenn hans fordæma kynferðissyndir. Allar kynferðissyndir utan hjónabands eru brot á skírlífislög-málinu og eru líkamlega og andlega hættulegar þeim sem þær ástunda.

Boðorðin tíu kveða á um að okkur ber að drýgja ekki hór, sem eru kynmök gifts karls og einhverrar annarrar en eigin-konu hans eða giftrar eiginkonu og einhvers annars en eigin-manns hennar (sjá 3 Mós 20:14). Páll postuli sagði að það væri „vilji Guðs“ að við „[héldum okkur] frá frillulífi,“ sem eru kynmök ógifts einstaklings og einhvers annars (1 Þess 4:3). Síðari daga spámenn mæla stöðugt gegn slíkum syndum og gegn illri breytni kynferðismisnotkunar.

Líkt og önnur skírlífisbrot er samkynhneigð breytni alvarleg synd. Hún er í andstöðu við tilganginn með kynferði mannsins (sjá Róm 1:24–32). Hún er afskræming á kærleiks-ríku sambandi og kemur í veg fyrir að fólk geti hlotið þær blessanir sem fylgja fjölskyldulífi og endurleysandi helgi-athöfnum fagnaðarerindisins.

Aðeins það að forðast kynmök utan hjónabands er ekki nægilegt til að uppfylla staðla Drottins um persónulegan hreinleika. Drottinn krefst þess að lærисveinar hans lifi eftir háum siðgæðisstöðlum og sýni m.a. maka sínum algjöra try-ggð í hugsun og breytni. Hann sagði í Fjallræðunni: „Þér hafið heyrt, að sagt var: Þú skalt ekki drýgja hór. En ég segi yður: Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu“ (Matt 5:27–28). Á síðari dögum hefur hann sagt: „Þú skalt ekki . . . drýgja hór, . . . né nokkuð því líkt“ (K&S 59:6). Og hann hefur lagt enn frekari áherslu á regluna sem hann kenndi í Fjallræðunni: „Hver sem lítur á konu með girndarhug, eða hver sem drýgir hór í hjarta sínu, mun ekki hafa andann, heldur afneita trúnni og skelfast“ (K&S 63:16). Aðvaranir þessar eiga við alla menn, hvort heldur gifta eða einhleypa.

Ef þið hafið drýgt kynferðissynd, ættuð þið að ræða við biskup ykkar eða greinarforseta, svo hann geti hjálpað ykkur í gegnum ferli iðrunar (sjá „Iðrun,” bls. 76–80).

Ef þið berjist við freustingar kynferðislegs eðlis, þar á meðal samkynhneigð, látið þá ekki undan slíkum freistungum. Þið getið forðast slíka breytni, því megið þið trúa. Þið getið hlotið hjálp Drottins er þið biðjið um styrk og vinnið að því að sigrast á vandanum. Þið ættuð að leita ráða hjá biskupi ykkar eða greinarforseta í því ferli. Hann mun hjálpa ykkur.

### Lifa samkvæmt skírlífislögmálinu

Engu skiptir hversu öflugar freistungarnar virðast, Drottinn mun hjálpa ykkur að standast þær, ef þið ákveðið að fylgja honum. Páll postuli sagði: „Þér hafið ekki reynt nema mannlega freistungu. Guð er trúr og lætur ekki freista yður um megn fram, heldur mun hann, þegar hann reynir yður, einnig sjá um, að þér fáið staðist“ (1 Kor 10:13). Eftirfarandi leiðsögn getur hjálpað ykkur að sigrast á tíðum og öflugum freistungum í heimi nútímans:

Ákveðið nú þegar að vera skírlíf. Þið þurfið aðeins að taka slíka ákvörðun einu sinni. Takið þá ákvörðun nú þegar, áður en freistungin kveður dyra og verið svo staðfost í þeirri ákvörðun og svo skuldbundin henni, að henni verður ekki haggað. Einsetjið ykkur nú að gera ekkert utan hjónabands til að vekja hinar sterku tilfinningar sem aðeins ber að tjá innan vébanda hjónabandsins. Vekið ekki slíkar tilfinningar hjá öðrum einstaklingi eða hjá ykkur sjálfum. Ákveðið nú þegar að vera algjörlega trú maka ykkar.

*Hafa stjórn á hugsunum ykkar.* Enginn drýgir kynferðissynd allt í einu. Ósiðsöm breytni hefst með óhreinum hugsunum. Ef þið leyfið huga ykkar að dvelja við ósiðsama hluti, hafið þið þegar tekið fyrsta skrefið í átt að ósiðsamri breytni. Forðið ykkur þegar í stað undan aðstæðum sem leitt geta til

syndar. Biðjið um stöðugan styrk til að standast freustingar og stjórna huga ykkar. Gerið það að hluta af daglegri bænagjörð.

*Haldið ykkur fjarri klámi.* Skoðið ekki, lesið ekki eða hlustið á nokkurt það sem sýnir mannslíkamann á vanvirðandi eða klámfenginn máta eða lýsir honum þannig og vakið getur kynferðislegar tilfinningar. Klámefni er ánetjandi og tortímandi. Það fær rænt ykkur sjálfsvirðingunni og getu til að skynja hið fagra í lífinu. Það getur verið niðurrífandi og leitt til illra hugsana og slæmrar breytni.

*Ef þið eruð einhleyp og á stefnumóti, sýnið þá viðeigandi ávallt virðingu.* Komið aldrei fram við hann eða hana sem hlut til að fullnægja eigin lostafengnum þrám. Skipuleggið vandlega jákvæðar og uppbryggjandi athafnir, svo að þið og sá eða sú sem þið eigið stefnumót við séuð aldrei aðgerðalaus. Verið á stöðum þar sem þið getið auðveldlega haft stjórn á ykkur. Takið ekki þátt í umræðum eða athöfnum sem kalla fram kynferðislegar tilfinningar. Fallið ekki í þá freistni að faðmast og kyssast ástríðuþrungið, liggja þétt upp við hvort annað eða snerta líkama hvors annars á óviðurkvæmilegum stöðum, hvort heldur utan eða innan klæða. Leyfið engum að gera slíkt við ykkur.

*Ef þið eruð gift, verið þá trú maka ykkar í hugsun, orði og breytni.* Drottinn sagði: „Þú skalt elskja eiginkonu þína af öllu hjarta þínu og vera bundinn henni og engu öðru. Og sá, sem lítur á konu með girndarhug, mun afneita trúnni og ekki hafa andann. Og iðrist hann ekki skal honum vísað burt“ (K&S 42:22–23). Daðrið ekki á nokkurn hátt. Forðist að vera ein með gagnstæðu kyni, eins oft og mögulegt er. Spyrið ykkur sjálf hvort maki ykkar yrði ánægður, ef hann eða hún fengi vitneskju um orð ykkar og breytni. Hafið í huga leiðsögn Páls postula um að „[forðast] allt illt, í hvaða mynd sem er“ (1 Pess 5:22). Þegar þið haldið ykkur frá slíkum aðstæðum, fær freistungin ekki tíma til að þróast.

## Fyrirgefning fyrir hinn iðrandi

Best er að halda sér algjörlega siðferðislega hreinum. Það er rangt að drýgja kynferðissyndir og hugsa sem svo að þið getið iðrast síðar. Slíkt viðhorf er í sjálfu sér synd og lýsir virðingarleysi við Drottin og sáttmálana sem þið gerðuð við hann. Ef þið hafið hins vegar drýgt kynferðissynd, býður Drottinn ykkur fyrirgefningu, ef þið iðrist.

Iðrun er erfið en möguleg. Þið getið orðið hrein að nýju (sjá Jes 1:18). Örvæntingu syndar er mögulegt að leysa af hólmi með ljúfum friði og fyrirgefningu. Sjá „Iðrun,“ bls. 76–80, til að komast að því hvað gera skal til að iðrast.

Vinnið að þeim degi að þið verðið verðug þess að fara í musterið og hafið þessi orð Sálmahöfundarins að leiðarljósi:

„Hver fær að stíga upp á fjall Drottins, hver fær að dveljast á hans helga stað?

Sá er hefir óflekkaðar hendur og hreint hjarta“ (Sálm 24:3–4).

Fleiri tilvísanir: 2 Mós 20:14; 1 Kor 6:18–20; Alma 38:12; 3 Ne 12:27–30

*Sjá einnig Hjónaband; Klám*

## Skírn

Mormónsbók greinir frá hópi fólks sem lærði fagnaðar-erindið og léti skírást á stað sem nefndist Mormón. Eftir skírn sína áleit það Mormón stað fugurðar, því meðan það var þar, hlaut það „vitneskju um lausnara sinn“ (Mósía 18:30). Það varð trúfast Drottni, jafnvel á tímum mikilla rauna, því það efldist af vitnisburði sínum og skírnarsáttmála (sjá Mósía 23–24).

Þið getið, líkt og fólkidí í frásögn Mormónsbókar, fagnað er þið minnist skírnarsáttmála ykkar og loforða Drottins til ykkar. Þið getið fundið styrk í helgiathöfn skírnar, hvort sem þið hafið skírst nýverið eða fyrir mörgum árum.

## Komast á veginn til eilífs lífs

Skírn er fyrsta endurleysandi helgiathöfn fagnaðarerindisins (sjá Trúaratriðin 1:4). Fyrir skírn og staðfestingu með prestdæmisvaldi verðum við meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Þegar við erum skírð, sýnum við hversu fús við erum að fylgja fordæmi frelsarans. Hann létt líka skírast, jafnvel þótt hann væri syndlaus. Líkt og hann útskýrði fyrir Jóhannesi skírara, þurfti hann að skírast til að „fullnægja öllu réttlæti“ (sjá Matt 3:13–17).

Allir þeir sem leita eilífs lífs verða að fylgja fordæmi frelsarans með því að láta skírast og taka á móti gjöf heilags anda. Spámaðurinn Nefí sagði frelsarann hafa sýnt okkur „hliðið, sem [okkur] er ætlað að fara inn um. Því að hliðið, sem [okkur] er ætlað að fara inn um, er iðrun og skírn í vatni. Og þá kemur að fyrirgefningu synda [okkar] með eldi og heilögum anda. Og þá [erum við] á hinum krappa og þróngu vegi, sem liggar til eilífs lífs“ (2 Ne 31:17–18). Við munum hljóta eilíft líf, ef við stöndumst allt til enda, höldum sáttmála okkar og tökum á móti öðrum helgiathöfnum sáluhjálpar.

## Skírn að hætti Drottins

Frelsarinn opinberaði spámanninum Joseph Smith hina sönnu aðferð skírnar og gerði ljóst að þá helgiathöfn yrði sá að framkvæma sem hefði vald prestdæmisins og hana yrði að framkvæma með niðurdýfingu:

„Sá, sem kallaður er af Guði og hefur vald frá Jesú Kristi til að skíra, skal stíga niður í vatnið ásamt honum eða henni, sem til skírnar er kominn, nefna nafn hans eða hennar og segja: Með umboði frá Jesú Kristi, skíri ég þig í nafni föðurins, og sonarins, og hins heilaga anda. Amen.

Þá skal hann dýfa honum eða henni niður í vatnið og stíga síðan upp úr vatninu“ (K&S 20:73–74).

Niðurdýfing er táknaðen fyrir dauða hins synduga og endurfæðingu hans til andlegs lífs, helgað þjónustu við Guð og börn hans. Hún er einnig táknaðen fyrir dauða og upprisu. (Sjá Róm 6:3–6.)

### Lítil börn og skírn

Af síðari daga opinberun er okkur ljóst að lítil börn eru endurleyst fyrir miskunn Jesú Krists. Drottinn sagði: „Þau geta . . . ekki syndgað, því að Satan er ekki gefið vald til að freista lítilla barna fyrr en þau fara að verða ábyrg gjörða sinna gagnvart mér“ (sjá K&S 29:46–47). Þau ber ekki að skíra fyrr en þau hafa náð ábyrgðaraldri, sem Drottinn hefur opinberað að sé við átta ára aldur (sjá K&S 68:27; Þýðing Josephs Smith, 1 Mós 17:11). Sérhver sá sem fullyrðir að lítil börn þarfnið skírnar „afneitar miskunn Krists, og metur friðþægingu hans og endurlausnarkraft einskis“ (Moró 8:20; sjá einnig vers 8–19, 21–24).

### Skírnarsáttmáli þinn

Þegar við erum skírð gerum við sáttmála við Guð. Við heitum því að taka á okkur nafn Jesú Krists, halda boðorð hans og þjóna honum allt til enda (sjá Mósía 18:8–10; K&S 20:37). Við endurnýjum þann sáttmála í hvert sinn er við meðtökum sakramentið (sjá K&S 20:77, 79).

*Taka á sig nafn Jesú Krists.* Þegar við tökum á okkur nafn Jesú Krists, lítum við á okkur sem hans. Við setjum hann og verk hans í fyrsta sæti í lífi okkar. Við gerum það sem hann vill, fremur en það sem við viljum eða það sem heimurinn kennir.

Í Mormónsbók útskýrir Benjamín konungur hvers vegna mikilvægt er að taka á sig nafn frelsarans:

„Ekkert annað nafn er til, sem sáluhjálp veitir. Þess vegna vil ég, að þér takið á yður nafn Krists, allir þér, sem

gjört hafið sáttmála við Guð um að vera hlýðin til enda ævídaga yðar.

Og svo mun við bera, að hver sá, sem þetta gjörir, mun fundinn verða Guði til hægri handar, því að hann mun þekkja nafnið, sem honum er gefið, því að hann mun kallaður verða í nafni Krists.

Og nú mun svo við bera, að hver sá, sem tekur ekki á sig nafn Krists, hlýtur að verða kallaður með einhverju öðru nafni, því mun hann að finna Guði til vinstri handar” (Mósía 5:8–10).

*Halda boðorðin.* Skírnarsáttmáli ykkar er skuldbinding um að koma í ríki Guðs, aðskilja ykkur frá heiminum og standa sem vitni Guðs, „alltaf, í öllu og allsstaðar, hvar sem þið kunnið að vera“ (Mósía 18:9). Viðleitni ykkar til að standa sem vitni Guðs felur í sér allt sem þið gerið og segið. Reynið ætið að minnast boðorða Drottins og halda þau. Haldið hugsunum ykkar, tungumáli og breytni hreinu. Þegar þið njótið afþreyingar, svo sem kvíkmynda, sjónvarps, alnets, tónlistar, bóka, tímarita og fréttablaða, gætið þá að því sem þið horfið og hlustið á og lesið aðeins það sem uppbyggjandi er. Klæðið ykkur siðlega. Veljið ykkur vini sem hvetja ykkur til að ná eilífum markmiðum ykkar. Haldið ykkur frá ósiðsemi, klámi, fjárhættuspili, tóbaki, áfengi og ólöglegum lyfjum. Haldið ykkur verðugum þess að fara í musterið.

*Þjóna Drottni.* Boðorðið um að aðskilja okkur frá því sem heimsins er felur ekki í sér að einangra okkur sjálf frá öðrum. Hluti skírnarsáttmálans er að þjóna Drottni og við þjónum honum best með því að þjóna samferðafólki okkar. Þegar spámaðurinn Alma kenndi um skírnarsáttmálann, sagði hann að okkur bæri að vera „fús að bera hver annars byrðar, svo að þær verði léttar“ og „fús að syrgja með syrgjendum ... og hugga þá, sem huggunar þarfnað“ (Mósía 18:8–9). Sýnið öllum góðvild og virðingu, fylgið fordæmi Jesú Krists í breytni ykkar við aðra.

Þær blessanir skírnar sem lofað er

Þegar við höldum sáttmálann sem við gerðum við skírninga, mun Drottinn blesa okkur fyrir hollustuna. Sumar þeirra blessana sem við hljótum er stöðugt samfélag við heilagan anda, fyrirgefning synda okkar og þau forréttindi að fæðast andlega.

*Stöðugt samfélag við heilagan anda.* Eftir að við erum skírð, leggur einn Melkísedeksprestdæmishafi eða fleiri hendur sínar á höfuð okkar og veitir okkur gjöf heilags anda. Sú gjöf veitir okkur réttinn til stöðugs samfélags við heilagan anda svo framarlega sem við erum verðug. Stöðugt samfélag andans er ein af þeim mikilvægustu blessunum sem við getum hlotið í jarðlífina. Andinn mun leiða okkur á vegi réttlætis og friðar, er liggur til eilífs lífs.

*Fyrirgefning synda.* Þar sem við höfum látið skírast getum við hlotið fyrirgefningu synda okkar. Við getum með öðrum orðum hlotið fyrirgefningu fyrir miskunn frelsarans. Sú blessun getur að lokum gert okkur kleift að dvelja í návist himnesks föður.

Við verðum að iðka trú á Jesú Krist til að hljóta fyrirgefningu synda okkar, sýna einlæga iðrun og ætíð leggja kapp á að halda boðorðin. Spámaðurinn Mormón kennið: „Frumgróði iðrunarinnar er skírnin, en skírnin verður fyrir trú til uppfyllingar boðorðunum. Og uppfylling boðorðanna leiðir til fyrirgefningar syndanna“ (Moró 8:25). Við hljótum „fyrirgefningu synda [okkar]“ er við höldum áfram að auðmýkja okkur frammi fyrir Guði, ákalla hann daglega í bæn, vera staðfost í trú og þjóna hinum þurfandi (sjá Mósía 4:11–12, 26).

*Endurfæðing.* Við fæðumst til nýs lífs fyrir helgiathöfn skírnar og staðfestingar. Frelsarinn sagði við Nikódemus: „Enginn getur komist inn í Guðs ríki, nema hann fæðist af vatni og anda“ (Jóh 3:5). Á sama hátt og nýburi hefur líf sitt

## *Skuld*

við fæðingu, hefjum við nýtt líf þegar við höfum gert skírnarsáttmálann. Við getum þroskast andlega og orðið líkari frelsaranum með því að halda skírnarsáttmála okkar, meðtaka sakramentið til að endurnýja sáttmála okkar og iðrast synda okkar. Páll postuli kenndi, að við ættum að „lifa nýju lífi“ (Róm 6:4), eftir að við höfum látið skírast.

### Standast allt til enda

Þegar við svo erum skírð og höfum meðtekið gjöf heilags anda, verðum við að halda áfram í réttlæti, því helgiathafnir þessar marka aðeins upphafið að ferð okkar til baka til dvalar hjá himneskum föður. Spámaðurinn Nefí sagði:

„Og nú, . . . vil ég spyrja, hvort allt sé fengið, þegar þér hafið komist inn á þennan krappa og þrónga veg? Sjá, þá svara ég neitandi. Því að svo langt hafið þér aðeins náð fyrir orð Krists og óbifanlega trú á hann og með því að treysta í einu og öllu á verðleika hans, sem máttinn hefur til að frelsa.

Þess vegna verðið þér að sækja fram, staðfastir í Kristi, í fullkomnu vonarljósi og ást til Guðs og allra manna. Ef þér þess vegna sækið fram, endurnærðir af orði Krists og standið stöðugir allt til enda, sjá, þannig fórust föðurnum orð: Þér munuð öðlast eilíft líf“ (2 Ne 31:19–21).

Fleiri tilvísanir: Post 2:37–38; 2 Ne 31:4–13; Alma 7:14–16; 3 Ne 11:18–41; 27:13–22; K&S 39:5–6, 10; 76:50–53

*Sjá einnig Trú; Heilagur andi; Hlýðni; Prestdæmið; Iðrun; Sakramentið*

## **Skuld**

Drottinn sagði eitt sinn við hóp heilagra með spámanninum: „Það er vilji minn að þér greiðið allar skuldir yðar“ (K&S 104:78). Allt frá fyrri tínum kirkjunnar hafa spámenn Drottins varað okkur síendurtekið við skuldaánauð.

Ein mesta hættan við skuldir eru vextirnir sem þeim fylgja. Sumar tegundir skulda, líkt og greiðslukortaskuldir,

bera háa vexti. Þegar fólk hefur skuldsett sig, kemst það að raun um að vextir sýna enga miskunn. Þeir halda áfram að hlaðast upp, hverjar sem aðstæður okkar eru – hvort sem við höfum atvinnu, erum atvinnulaus, heilsuhraust eða sjúk. Þeir hverfa ekki fyrr en skuldin er að fullu greidd. Látið ekki blekkjast af lánatilboðum, jafnvel þótt þau bjóði lokkandi lága vexti eða enga vexti um ákveðinn tíma.

Skoðið fjárhagsstöðu ykkar. Hafið stjórn á innkaupum ykkar og forðist skuldir að svo miklu leyti sem þið getið. Í flestum tilvikum getið þið forðast skuldir með góðri fjármálastjórnun. Ef þið stofnið til skuldar, svo sem viðráðanlega upphæð til þess að kaupa íbúð eða hús eða ljúka menntun, reynið þá að greiða hana eins fjótt og unnt er og forðast skuldanauðung. Þegar þið hafið greitt skuldir ykkar og lagt eitthvað til hliðar, verðið þið undir það búin að takast á við hugsanlega fjárhagserfiðleika. Þið munuð hafa skjól fyrir fjölskyldu ykkar og frið í hjarta.

Fleiri tilvísanir: Lúk 16:10–11; K&S 19:35

## **Sköpun**

Jesús Kristur skapaði himnana og jörðina undir leiðsögn himnesks föður (sjá Mósía 3:8; HDP Móse 2:1). Af ritningarsversi sem opinberað var spámanninum Joseph Smith er okkur ljóst, að í verki sköpunarinnar skipulagði Drottinn frumefni sem þegar voru fyrir hendi (sjá Abraham 3:24). Hann skapaði ekki heiminn „af engu,“ líkt og sumir álita.

Ritningarnar kenna einnig að Adam hafi verið „[fyrsti maður] allra manna“ (HDP Móse 1:34). Guð skapaði Adam og Evu í sinni mynd og í mynd síns eingetna (sjá HDP Móse 2:26–27).

Sköpunin er óaðskiljanlegur hluti af sáluhjálparáætlun himnesks föður. Með henni gefst okkur kostur á að koma til jarðar, þar sem við hljótum efnislíkama og iðkum sjálfræði

## *Spádómur*

okkar. Á stórþingi guðanna í fortilverunni, var gefin út eftirfarandi yfirlýsing: „Við munum fara niður, því að þar er rúm, og við munum taka af þessu efni og við munum gjöra jörð, sem þessir geta dvalið á – Og með þessu munum við reyna þá og sjá hvort þeir gjöra allt, sem Drottinn Guð þeirra býður þeim“ (Abraham 3:24–25).

Við erum andabörn Guðs og líkamar okkar eru skapaðir í hans mynd. Við getum látið okkur annt um líkama okkar með því að hlíta Vísdómsorðinu, og sýnt þannig þakklæti okkar fyrir þessar blessanir, og með því að hlíta öðrum boðorðum tengdum andlegri og líkamlegri heilsu okkar (sjá K&S 89; sjá einnig K&S 88:124). Við getum einnig borið virðingu fyrir öðru fólk sem börnum Guðs.

Við getum sem þiggjendur alls þess fagra í sköpuninni látið okkur annt um jörðina og hjálpað til við að varðveita hana fyrir komandi kynslóðir.

Fleiri tilvísanir: 1 Mós 1–2; Hebr 1:1–2; 1 Ne 17:36; K&S 38:1–3; 59:16–20; HDP Móse 1–3; Abraham 4–5

*Sjá einnig Guð faðirinn; Jesús Kristur; Sáluhjálparáætlunin*

## **Spádómur** (*Sjá Opinberun; Andlegar gjafir*)

### **Spámenn**

Við erum blessuð sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari dag heilögu, því við erum leidd af lifandi spámönnum – innblásnum mönnum sem tala fyrir munn Drottins, á sama hátt og Móse, Jesaja, Pétur, Páll, Nefí, Mormón og fleiri spámenn í ritningunum. Við styðjum forseta kirkjunnar sem spámann, sjáanda og opinberara – þann eina á jörðinni sem hlýtur opinberun fyrir kirkjuna í heild sinni. Við styðjum einnig þá sem skipa Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitina sem spámenn, sjáendur og opinberara.

Líkt og spámenn til forna gerðu, vitna spámenn nú um Jesú Krist og kenna fagnaðarerindi hans. Þeir kungjöra vilja Guðs og hið sanna eðli hans. Þeir mæla skýrt og skorinort og vara við synd og afleiðingum hennar. Stundum fá þeir innblástur um að spá um ókomna atburði okkar til gagns.

Við getum alltaf reitt okkur á lifandi spámenn. Kenningar þeirra endurspeglar vilja Drottins, sem sagði: „Það sem ég Drottinn hef talað, hef ég talað og afsaka mig ekki. Og þótt himinn og jörð líði undir lok, mun orð mitt ekki líða undir lok, heldur allt uppfyllast, hvort sem það er sagt með minni eigin rödd eða með rödd þjóna minna, það gildir einu“ (K&S 1:38).

Mesta öryggi okkar felst í því að fylgja orði Drottins vandlega, sem hann veitir með spáönnum sínum, einkum númerandi forseta kirkjunnar. Drottinn varar við því að þeir sem leiði hjá sér orð lifandi spámannna muni falla (sjá K&S 1:14–16). Hann lofar þeim miklum blessunum sem fylgja forseta kirkjunnar:

„Þess vegna skuluð þér . . . gefa gaum að öllum orðum hans og fyrirmælum, sem hann gefur yður þegar hann meðtekur þau, gangandi í fullum heilagleika frammi fyrir mér—

Því að hans orði skuluð þér taka á móti með fullkominni þolinmæði og trú, sem kæmi það af mínum eigin munni.

Því að gjörið þér það, munu hlið heljar eigi á yður sigrast. Já, og Drottinn Guð mun dreifa valdi myrkursins frá yður og láta himnana bifast yður til góðs og nafni sínu til dýrðar“ (K&S 21:4–6).

Fleiri tilvísanir: 2 Kron 20:20; Amos 3:7; Ef 2:19–20; 1 Ne 22:1–2; Mósía 13:33–35; K&S 107:91–92; Trúaratriðin 1:6

## **Staðfesting** (Sjá Heilagur andi; Handayfirlagning)

## **Stika** (Sjá Kirkjustjórnun)

## **Stjórnun barneigna**

Séu gift hjón líkamlega til þess hæf, njóta þau þeirra forréttinda að sjá andabörnum himnesks föður fyrir dauðlegum líkama. Þau gegna hlutverki í hinni miklu sæluáætlun, sem gerir börnum Guðs kleift að hljóta efnislíkama og upplifa jarðlífði.

Ef þú og maki þinn eruð gift, ættuð þið að ræða hina helgu ábyrgð ykkar að fæða börn í heiminn og ala þau upp í réttlæti. Þegar þið gerið það skuluð þið hugleiða helgi og merkingu lífsins. Ígrundið þá gleði sem veitist þegar börn eru á heimilinu. Ígrundið þær eilífu blessanir sem hljótast af því að eiga góða afkomendur. Með vitnisburði um reglur þessar ert þú og maki þinn undir það búinn að ákveða í bænarhug hversu mörg börn þið hyggist eignast og hvenær. Sú ákvörðun er ykkar beggja og Drottins.

Þegar þið ræðið þetta helga málefni, hafið þá í huga að kynferðislegt samband í hjónabandi er guðlega tilnefnt. Enda þótt einn tilgangur slíks sambands sé að sjá andabörnum Guðs fyrir efnislíkama, er annar tilgangur þess að tjá ást til hvors annars – að binda eiginmann og eiginkonu saman í tryggð og trúmennsku, nærgætni og sameiginlegan tilgang.

## **Stjórvöld** (*Sjá Lög og stjórvöld*)

## **Stórþing á himnum** (*Sjá Sáluhjálparáætlun*)

### **Stríð**

Drottinn hefur sagt að á síðustu dögum muni menn „spyrja hernað og ófriðartíðindi og öll jörðin verður í uppámi og hjörtu mannanna bregðast þeim“ (K&S 45:26).

Við erum friðarsinnar sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Við fylgjum frelsaranum, sem er friðarhöfðinginn. Við horfum fram til þúsund ára ríkis hans,

þar sem styrjöldum mun linna og friður verða endurreistur á jörðinni (sjá Jes 2:4). Við viðurkennum þó að forystumenn stjórnvalda í þessum heimi senda stundum hersveitir í stríð til að verja þjóð sína og hugsjónir.

Síðari daga heilagir sem gegna herþjónustu þurfa ekki að upplifa togstreitu milli þjóðar sinnar og Guðs. Í kirkjunni „höfum [við] trú á að lúta konungum, forsetum, stjórnendum og yfirvöldum með því að hlýða lögunum, virða þau og styðja“ (Trúaratriðin 1:12). Herþjónusta fellur undir þessa reglu.

Ef Síðari daga heilagir eru kallaðir til orrustu, geta þeir litið til fordæmis Morónís hershöfðingja, hins mikla herstjóra í Mormónsbók. Þótt hann hafi verið máttugur hermaður, hafði hann „enga ánægju af blóðsúthellingum“ (Alma 48:11). Hann var „staðfastur í trú sinni á Krist“ og eina ástæða hans fyrir að berjast var að „verja þjóð sína, rétt sinn og land sitt og trú sína“ (Alma 48:13). Ef Síðari daga heilagir neyðast til þess að fara í stríð, ættu þeir að fara í anda sannleika og réttlætis, í þrá eftir að láta gott af sér leiða. Þeir ættu að fara með elsku í hjarta til barna Guðs, einnig til þeirra sem eru í andstæðu liði. Ef af þeim verður síðan krafist að þeir úthelli blóði, verður sú breytni þeirra ekki talin til syndar.

*Sjá einnig Lög og stjórnvöld; Friður*

### **Sunnudagur** (*Sjá Hvíldardagur; Tilbeiðsla*)

### **Sveit** (*Sjá Prestdæmið*)

### **Sveit hinna Sjötíu** (*Sjá Kirkjustjórnun*)

### **Svæðishafar Sjötíu** (*Sjá Kirkjustjórnun*)

## **Synd**

Þegar við óhlýðnumst boðorðum Guðs viljandi, drýgjum við synd. Við drýgjum einnig synd þegar við breytum ekki

## Tákn

réttlátlega, þrátt fyrir þekkingu okkar á sannleikanum (sjá Jakbr 4:17).

Drottinn hefur sagt að hann „[geti] ekki litið á synd með minnsta votti af undanlátsssemi“ (K&S 1:31). Afleiðing syndar er sú að heilagur andi dregur sig í hlé og menn geta ekki dvalið í návist himnesks föður í eilífðinni, því að „ekkert óhreint fær dvalið með Guði“ (1 Ne 10:21).

Við höfum öll brotið boðorð eða brugðist í því að breyta samkvæmt þekkingu okkar á sannleikanum. Jóhannes postuli kennið: „Ef vér segjum: Vér höfum ekki synd, þá svíkjum vér sjálfa oss og sannleikurinn er ekki í oss. Ef vér játum syndir vorar, þá er [Jesús Kristur] trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti“ (1 Jóh 1:8–9). Við getum iðrast og hlotið fyrirgefningu synda okkar fyrir friðþægingu Jesú Krists.

Fleiri tilvísanir: Róm 3:23; 6:23; Alma 5:41–42; 11:37; He 5:10–11; K&S 82:1–3; 88:34–35

Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Dauði, andlegur; Fyrirgefning; Réttvísí; Miskunn; Hlýðni; Iðrun; Freistung

## Tákn

Tákn eru atburðir eða upplifun sem bera vitni um mátt Guðs. Þau tengjast oft kraftaverkum. Þau kunngjöra stórkostlega atburði, svo sem fæðingu og dauða frelsarans og síðari komuna. Þau minna okkur á sáttmála sem Drottinn hefur gert við okkur. Tákn geta einnig vitnað um guðlega köllun eða sýnt vanþóknun Drottins.

Sumir segjast mundu trú á Guð eða verk hans, ef þeir fengju að sjá tákn. En Drottinn hefur sagt: „En sjá, trú kvíknar ekki af táknum, heldur fylgja tákn þeim, sem trúá“ (K&S 63:9). Slík tákn eru veitt hinum trúföstu og hlýðnu í þeim tilgangi að efla trú þeirra.

Fleiri tilvísanir: Matt 12:38–39; Mark 13:22–27; Lúk 2:8–17; Alma 30:43–52; He 14; 3 Ne 1:13–21; 8:2–25; Eter 12:6; K&S 63:7–12

Sjá einnig Trú; Hlýðni; Síðari koma Jesú Krists

## Te (Sjá Vísdómsorðið)

### Tilbeiðsla

Að tilbiðja Guð er að sýna honum elsku, lotningu, hollustu og þjóna honum. Drottinn bauð Móse: „Tigna Guð, því að honum einum skalt þú þjóna“ (HDP Móse 1:15). Hann hefur boðið í þessari ráðstöfun: „Þú skalt elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu, öllum mætti þínnum, huga og styrk. Og í nafni Jesú Krists skalt þú þjóna honum“ (K&S 59:5). Ef þið setjið einhvern einstakling eða hlut ofar Guði, er tilbeiðsla ykkar ekki rétt eða skurðgoðadýrkun á sér stað (sjá 2 Mós 20:3–6).

Bænin er ein leið til að tilbiðja föðurinn. Alma kenndi syni sínum Helaman: „Ákallaðu Guð, þér til stuðnings í öllu. Já, helgaðu Drottini allar gjörðir þínar og lát Drottin stjórna ferðum þínum. Já, lát allar hugsanir þínar beinast til Drottins. Já, lát elsku hjarta þíns beinast til Drottins að eilífu“ (Alma 37:36).

Þið ættuð að sækja kirkjusamkomur ykkar í anda tilbeiðslu. Drottinn hefur boðið: „Og þú skalt fara í hús bænarinnar, svo að þú getir enn betur haldið þér óflekkuðum frá heiminum, og færa sakramenti þín á helgum degi mínum— Því að sannlega er þessi dagur útnefndur yður til hvíldar frá erfiði yðar og til að votta hinum æðsta hollustu yðar“ (K&S 59:9–10).

Þátttaka í helgiathöfnum prestdæmisins er einnig hluti tilbeiðslu. Þegar þið meðtakið sakramentið af lotningu og sækið musterið heim, hafið þið himneskan föður í huga og tilbiðjið hann og tjáið honum þakkir fyrir son hans, Jesú Krist.

Auk þess að sýna ytri tjáningu tilbeiðslu, ættuð þið að hafa viðhorf tilbreiðslu hvar sem þið eruð og í öllu sem þið gerið. Alma kenndi hópi fólks þessa reglu, sem hafði verið

## Tíund

vísað út úr húsi bænar og tilbeiðslu. Hann gerði þeim grein fyrir að sönn tilbeiðsla væri ekki bundin við einn vikudag (sjá Alma 32:11). Amúlek, félagi Alma, talaði til þessa sama fólks og sagði: „Tilbiðjið Guð í anda og í sannleika, hvar sem þið kunnið að vera“ (Alma 34:38).

Fleiri tilvísanir: Sálm 95:6–7; Mósía 18:25; Alma 33:2–11; K&S 20:17–19, 29; Trúarátriðin 1:11

Sjá einnig Fasta og föstufórnir; Guð faðirinn; Elska; Bæn; Hvíldardagur

## Tíund

Ein blessun aðildar að Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu eru þau forréttindi að greiða tíund. Með því að lifa eftir tíundarlögþálinu, takið þið þátt í að byggja upp ríki Guðs á jörðinni.

### Skilgreining og tilgangur tíundar

Full tíundargreiðsla er að greiða einn tíunda af tekjum okkar til Drottins fyrir kirkju hans. Þið afhendið tíund ykkar meðlimi biskupsráðs eða greinarforseta.

Staðarvaldhafar senda tíundina beint til höfuðstöðva kirkjunnar, þar sem sérstakt ráð ákveður hvernig nota á þann helga sjóð. Það ráð er skipað Æðsta forsætisráðinu, Tólfpostulasveitinni og Yfirbiskupsráðinu. Þeir taka ákvárdanir að leiðsögn Drottins og breyta samkvæmt opinberun. (Sjá K&S 120:1.)

Tíundarsjóður er alltaf notaður samkvæmt tilgangi Drottins – til að byggja musteri og samkomuhús og viðhalda þeim, til að efla trúboðsstarf og viðhalda verki Guðs um heim allan.

### Blessanir þess að greiða fulla tíund

Tíundarlögþálið krefst fórnar, hlýðni ykkar við það lög-mál færir ykkur blessanir langt umfram það sem þið létuð á móti. Spámaðurinn Malakí sagði:

„Færið alla tíundina í forðabúrið, til þess að fæðsla sé til í húsi mínu, og reynið mig einu sinni á þennan hátt segir Drottinn allsherjar, hvort ég lýk ekki upp fyrir yður flóðgáttum himinsins og úthelli yfir yður yfirgnæfanlegrí blessun” (Mal 3:10).

Þessar blessanir hljóta allir sem greiða full tíu prósent af tekjum sínum, jafnvel þótt sú upphæð sé afar lítil. Þegar þið hlýðið þessu lögþáli, mun Drottinn blesa ykkur bæði andlega og stundlega.

### Skuldbinda sig til greiðslu tíundar

Ef þið hafið ekki vanið ykkur á að greiða tíund reglubundið, kann ykkur að finnast erfitt að trúá því að þið hafið ráð á að afsala ykkur einum tíunda af tekjum ykkar. En trúfastir tíundargreiðendur komast að því að þeir hafa ekki ráð á að greiða *ekki* tíund. Gáttir himins munu bókstaflega og undursamlega ljúkast upp og blessunum er úthellt yfir þá.

Minnist þess að greiðsla tíundar snýst ekki jafn mikið um peninga og hún snýst um trú. Treystið á Drottin. Hann setti boðorðið okkur til hagsbóta og gaf loforðið sem því fylgir. Leitum styrks í trú Nefís, sem sagði: „Verum trúir boðum Drottins, því að sjá. Hann er máttugri en jörðin í heild” (1 Ne 4:1).

### Sjá einnig Fasta og föstufórnir

### Tóbak (Sjá Vísdómsorðið)

### Tólfpostulasveitin (Sjá Kirkjustjórnun)

### Trú

Páll postuli kenndi: „Trúin er fullvissa um það, sem menn vona, sannfæring um þá hluti, sem eigi er auðið að sjá” (Hebr 11:1; sjá neðanmálstexta *b*). Alma sagði álíka hluti:

## Trú

„Ef þið . . . eigið trú, þá hafið þið von um það, sem eigi er auðið að sjá, en er sannleikur“ (Alma 32:21).

Trú er grundvallarregla verka og máttar. Þegar við keppum að verðugu marki, iðkum við trú. Við sýnum að við vonum eithvað sem við fáum ekki séð.

### Trú á Drottin Jesú Krist

Trúin verður að hafa Drottin að þungamiðju til þess að hún leiði til sáluhjálpar (sjá Post 4:10–12; Mósía 3:17; Moró 3:17; Trúaratriðin 1:4). Við iðkum trú á Krist þegar við erum fullviss um að hann lifir, höfum réttan skilning á eiginleikum hans og vitum að við erum að keppa að því að lifa samkvæmt vilja hans.

Að eiga trú á Jesú Krist þýðir að reiða sig algjörlega á hann – að reiða sig á ótakmarkaðan kraft hans, vitsmuni og elsku. Í henni felst trú á kenningar hans. Í henni felst trú á að jafnvel þótt við skiljum ekki alla hluti þá gerir hann það. Hafið í huga að hann hefur upplifað allan ykkar sársauka, raunir og veikleika og veit því hvernig hann getur hjálpað ykkur að rísa ofar daglegum erfiðleikum (sjá Alma 7:11–12; K&S 122:8). Hann hefur „sigrað heiminn“ (Jóh 16:33) og greitt veginn til þess að við getum hlotið eilíft líf. Hann er ávallt reiðubúinn að liðsinna ykkar, líkt og fram kemur í þessari beiðni hans: „Beinið öllum hugsunum yðar til míni. Efist ekki, óttist ekki“ (K&S 6:36).

### Lifa í trú

Trú er miklu meira en aðeins óvirk skoðun. Við sýnum trú okkar með verkum – með lífernir okkar.

Frelsarinn lofaði: „Ef þér trúið á mig, skuluð þér hafa kraft til að gjöra allt, sem mér er æskilegt“ (Moró 7:33). Trú á Jesú Krist getur hvatt ykkur til að fylgja fullkomnu fordæmi hans (sjá Jóh 14:12). Hún getur leitt ykkur til góðra verka, að halda boðorðin og iðrast synda ykkar (sjá Jakbr 2:18; 1 Ne 3:7;

Alma 34:17). Trú ykkar getur hjálpað ykkur að sigrast á freistingum. Alma sagði við son sinn, Helaman: „Kenndu henni að vera auðmjúk og hógvær og af hjarta lítillát. Kenndu henni að standast allar freistingar djöfulsins, með trú sinni á Drottin Jesú Krist“ (Alma 37:33).

Drottinn mun gera máttug kraftaverk í lífi ykkar í samræmi við trú ykkar (sjá 2 Ne 26:13). Trú á Jesú Krist stuðlar að þeirri andlegu og líkamlegu lækningu sem friðþæging hans veitir (sjá 3 Ne 9:13–14). Þegar stundir erfiðleika renna upp, getur trúin veitt ykkur styrk til að sækja fram og horfast hugdjörf í augu við raunir ykkar. Trú ykkar á frelsarann getur veitt ykkur frið, jafnvel þótt framtíðin virðist óráðin og óviss (sjá Róm 5:1; He 5:47).

### Auka trú sína

Trúin er gjöf frá Guði, en við verðum að leggja rækt við hana til að efla hana. Trúin er líkt og upphandleggsvöðvi. Ef þið beitið honum, styrkist hann. Ef þið setjið hann í fatla og hafið hann þar, verður hann máttlítill.

Þið getið ræktað gjöf trúar með því að biðja til himnesks föður í nafni Jesú Krista. Þegar þið tjáid föður ykkar þakklæti og ákallið hann um blessanir sem þið og aðrir hafið þörf fyrir, munuð þið komast nær honum. Þið munuð komast nær frelsaranum, hvers friðþæging gerir ykkur mögulegt að ákalla hann um miskunn (sjá Alma 33:11). Þið verðið einnig móttækileg fyrir leiðsögn heilags ands.

Þið getið eft trú ykkar með því að halda boðorðin. Líkt og með allar blessanir Guðs, veitist okkur trú og trúarauknung með persónulegri hlýðni og réttlátum verkum. Ef þið þráið að efla trú ykkar eins mikið og mögulegt er, verðið þið að halda sáttmálanu sem þið hafið gert.

Þið getið einnig ræktað trú ykkar með því að læra ritningarnar og orð síðari daga spámanna. Spámaðurinn Alma kenndi að orð Guðs efldi trú. Hann líkti orðinu við sáðkorn og

## Trúaratriðin

sagði að „löngun til að trúa“ geti leitt til þess að þið „gefið rúm í hjarta ykkar, þannig að gróðursetja megi“ orðið þar. Þá munuð þið skynja að orðið er gott, því það mun taka að útvíkka sál ykkar og upplýsa skilning ykkar. Það mun styrkja trú ykkar. Þegar þið haldið áfram að næra orðið í hjarta ykkar, „af mikilli kostgæfni og þolinmæði, . . . og vænta ávaxtar þess, þá mun það festa rætur. Og sjá, það verður að tré, sem vex upp til ævarandi lífs.“ (sjá Alma 32:26–43).

Fleiri tilvísanir: Hebr 11; Jakbr 1:5–6; 2:14–26; Eter 12:4–27; Moró 7:20–48; K&S 63:7–11; 90:24

Sjá einnig Skírn; Guð faðirinn; Jesú斯 Kristur; Iðrun

## Trúaratriðin

Trúaratriðin geyma þrettán meginatriði trúar meðlima Kirkju Jesú Kristi hinna Síðari daga heilögu. Spámaðurinn Joseph Smith skrifaði þau í bréfi til Johns Wentworth, ritstjóra fréttablaðs, sem svar við spurningu hans um trú meðlima kirkjunnar. Þau voru síðar gefin út í tímaritum kirkjunnar. Þau teljast nú ritning og eru í Hinni dýrmætu perlu.

## Trúarumbreyting

„Hyggja holdsins er dauði,“ sagði Páll postuli, „en hyggja andans líf og friður“ (Róm 8:6; sjá einnig 2 Ne 9:39). Við berjumst oft við freistaingar í okkar fallna ástandi og stundum látum við undan „vilja holdsins og [því] illa, sem því er bundið“ (2 Ne 2:29; sjá einnig „Fallið,“ bls. 56–59 í þessari bók). Við þurfum að vera andlega hugsandi og sigrast á óréttlátum þrám okkar til að hljóta eilíft líf. Við þurfum að breytast. Og það sem réttara er, við þurfum að *láta breyta* okkur, snúa okkur til trúar, fyrir kraft friðþægingar frelsarans og fyrir kraft heilags anda. Það ferli nefnist trúarumbreyting.

Trúarumbreyting felur í sér hegðunarbreyingu, og meira en það, hún er breyting á eðli okkar. Hún er slík merkjanleg

breyting, að Drottinn og spámenn hans vísa til hennar sem endurfæðingu, breytingu hjartans og skírn með eldi. Drottinn sagði:

„Undrast ekki, að allt mannkyn, já, karlar og konur, allar þjóðir, kynkvíslir, tungur og lýðir, þurfi að endurfæðast. Já, fæðast af Guði, hverfa úr viðjum holdlegs og fallins hlutskiptis í faðm réttlætisins, endurleyst af Guði og verða synir hans og dætur—

Og á þennan hátt verða þau ný sköpun. Og án þess að gjöra þetta geta þau á engan hátt erft Guðs ríki“ (Mósía 27:25–26).

## Ferli trúarumbreytingar

Trúarumbreyting er ferli en ekki einstakt tilvik. Við snúumst til trúar sem er afleiða réttláts lífernис til fylgis við frelsarann. Það er mögulegt með því að iðka trú á Jesú Krist, iðrast, taka á móti skírn og gjöf heilags anda og standast í trú allt til enda.

Þótt trúarumbreyting sé undursamleg og lífsumbreytandi, er hún hljóðlátt kraftaverk. Vitjanir engla og aðrir sérstakir atburðir eru ekki trúarumbreytandi. Jafnvel Alma, sem sá engil, snerist aðeins til trúar eftir að hann hafði „fastað og beðið í marga daga“ til að hljóta vitnisburð um sannleikann (Alma 5:46). Og Páll, sem sá hinn upprisna frelsara, kennið að „enginn getur sagt: Jesús er Drottinn! nema af heilögum anda“ (1 Kor 12:3).

Þar sem trúarumbreyting er hljóðlátt og viðvaranlegt ferli, getið þið orðið fyrir slíkri breytingu nú án þess að gera ykkur það ljóst. Við ættum að vera líkt og Lamanítarnir sem voru „skírðir með eldi og heilögum anda vegna trúar sinnar [á Krist], þegar þeir snerust, en þeir vissu það ekki“ (3 Ne 9:20). Áframhaldandi viðleitni ykkar til að iðka trú og fylgja frelsaranum mun leiða til aukinnar trúarumbreytingar.

## Einkenni þeirra sem snúast til trúar

Í Mormónsbók er greint frá fólki sem snúist hefur til trúar á Drottin:

*Þeir þrá að gera gott.* Fólk Benjamíns konungs sagði: „Andi Drottins almáttugs hefur valdið svo mikilli breytingu á okkur, eða í hjörtum okkar, að við hneijumst ekki lengur til illra verka, heldur stöðugt til góðra verka“ (Mósía 5:2). Alma ræddi um fólk sem gat „einungis litið á synd með viðbjóði“ (Alma 13:12).

*Þeir ganga ekki gegn Drottini.* Mormón greindi frá hópi Lamaníta sem verið höfðu ranglátir og blóðþyrstir, en „snerust til Drottins“ (Alma 23:6). Petta fólk breytti nafni sínu í Antí–Nefí–Lehítar og þeir urðu „réttlát þjóð. Þeir lögðu niður uppreisnarvopn sín, svo að þeir berðust aldrei framar gegn Guði, né heldur gegn nokkrum braeðra sinna“ (Alma 23:7).

*Þeir miðla fagnaðarerindinu.* Enos, Alma eldri, Alma yngri, synir Mósía, Amúlek og Sesrom helguðu sig því að prédiska fagnaðarerindið eftir að þeir höfðu snúist til Drottins (sjá Enos 1:26; Mósía 18:1; Mósía 27:32–37; Alma 10:1–12; 15:12).

*Þeir eru fullir elsku.* Eftir að hinn upprisni frelsari vitjaði fólksins í Ameríku „hofðu allir snúið til Drottins um gjörvallt landið, bæði Nefítar og Lamanítar, og engar deilur né óeining var meðal þeirra, heldur breyttu allir réttlátlega hverjir við aðra. . . .

Og svo bar við, að engar deilur voru í landinu vegna elsku Guðs, sem bjó í hjörtum fólksins.

Og engin öfund var, né erjur, róstur, hórdómur, lygar, morð eða nokkurt lauslæti. Og vissulega gat ekki hamingju-samara fólk á meðal allra þeirra, sem Guð hafði skapað.

Engir ræningjar voru, né morðingjar, né voru þar Lamanítar eða yfirleitt nokkrir –ítar, heldur voru allir eitt, börn Krists og erfingjar að Guðsríki“ (4 Ne 1:2, 15–17).

## Keppa að aukinni trúarumbreytingu

Við berum megin ábyrgð á eigin trúarumbreytingu. Enginn getur snúist til trúar fyrir okkur eða neytt okkur til aukinnar trúar. Aðrir geta þó hjálpað okkur í ferli trúarumbreytingar. Lærið af réttlátu fordæmi fjölskyldumeðlima, kirkjuleiðtoga og kennara, og karla og kvenna í ritningunum.

Geta ykkar til að upplifa máttuga breytingu hjartans mun aukast er þið keppið að því að fylgja fullkomnu fordæmi frelsarans. Lærið ritningarnar, biðjið í trú, haldið boðorðin og leitið stöðugs samfélags heilags anda. Þegar þið haldið áfram ferli trúarumbreytingar, munuð þið fagna í „heitri gleði,” líkt og fólk Benjamíns konungs gerði þegar andinn kom á „mikilli breytingu . . . í hjörtum [þess]” (sjá Mósía 5:2, 4). Ykkur mun takast að fylgja leiðsögn Benjamíns konungs um að vera „staðfost og óbifanleg og rík af góðum verkum, til þess að Kristur, Drottinn Guð alvaldur, geti innsiglað sér yður, svo að þér megið komast til himins og öðlast ævarandi sáluhjálp og eilíft líf” (Mósía 5:15).

Fleiri tilvísanir: Matt 18:3; Lúk 22:32; Alma 5:7–14

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Skírn; Heilagur andi; Sáluhjálp*

## Trúboðsstarf

Þegar við upplifum blessanir þess að lifa eftir fagnaðarerindinu, viljum við auðvitað miðla öðrum þeim blessum. Drottinn ræddi um þá gleði sem stafar af því að miðla fagnaðarerindi hans:

„Og fari svo, að þér erfiðið alla yðar daga við að boða þessu fólki iðrun og leiðið, þó ekki sé nema eina sál til míni, hversu mikil skal þá gleði yðar verða með henni í ríki föður míns!

Og verði nú gleði yðar mikil með einni sál, sem þér hafið leitt til míni inn í ríki föður míns, hversu mikil yrði þá gleði yðar, ef þér leidduð margar sálir til míni!” (K&S 18:15–16).

## Trúboðsstarf

### Trúboðsábyrgð sérhvers meðlims

Drottinn hefur sagt að trúboðsstarf sé ábyrgð allra Síðari daga heilagra (K&S 88:81). Við getum, sem meðlimir kirkju Drottins og af góðvild okkar og sterkum vitnisburði, hjálpað fjölskyldu okkar og vinum, og öðru fólk, að taka á móti fastatrúboðum.

Árangursríkasta trúboðið stafar af hinu fordæmisgefandi hamingjuríka lífi Síðari daga heilagra. Minnist þess að fólk gengur ekki í kirkjuna aðeins vegna þeirra reglna fagnaðarerindisins sem það lærir. Það gerir það vegna þess að það skynjar eitthvað sem tekur að fullnægja andlegum þörfum þess. Ef þið eruð einlæg í vináttu ykkar við aðra, munu þeir skynja anda vitnisburðar ykkar og hamingju.

Auk þess að vera öðrum gott fordæmi, getið þið verið „[reiðubúin] að svara hverjum manni sem krefst raka hjá yður fyrir voninni, sem í yður er“ (1 Pét 3:15). Þið getið beðist fyrir um að fá tækifæri til að segja öðrum frá hinu endurreista fagnaðarerindi. Þið getið síðan verið árvökul, því margir þrá sannleikann.

### Þjóna í fastatrúboði

Eftir upprisu sína bauð Drottinn lærisveinum sínum að „[fara] og [gjöra] allar þjódir að lærisveinum, [skíra] þá í nafni föður, sonar og heilags anda“ (Matt 28:19). Ef þið þráið að þjóna í fastatrúboði, ræðið þá við biskup ykkar eða greinarforseta.

### Þjóna nýjum meðlimum kirkjunnar

Í trúboðsstarfi felst það að veita þeim hjálp og stuðning sem ganga í kirkjuna. Þegar þið ígrundið þessa ábyrgð, minnist þess þá að nýir meðlimir kunna að glíma við ýmiskonar erfiðleika þegar þeir ganga í kirkjuna. Hin nýja skuldbinding þeirra krefst þess oft að þeir láti af gömlum venjum og segi skilið við gamla vini og samferðamenn. Auk þess

getur sá lífsháttur sem kirkjan stendur fyrir virst frábrugðinn og krefjandi.

Sérhver meðlimur kirkjunnar þarfnaðast þriggja hluta: Vinar, ábyrgðar og endurnæringar af „hinu góða orði Guðs“ (Moró 6:4). Þið getið tekið þátt í því verki að veita slíka hjálps. Þið getið alltaf verið vinir. Þið getið þjónað nýjum meðlimum, jafnvel þótt þið séuð ekki í formlegum kirkjuköllum. Þið getið einnig leitað tækifæra til að miðla nýjum meðlimum orði Guðs.

Fleiri tilvísanir: Mark 16:15; Alma 26:1–16; K&S 4; 60:2; 84:88; 123:12

## Upphafning (*Sjá Eilíft líf*)

### Upprísia

Við erum háð líkamsdauða, vegna falls Adams og Evu, sem er aðskilnaður anda og líkama. Allir menn munu reistir upp fyrir tilstilli friðþægingar Jesú Krists – endurleystir frá líkamsdauða (sjá 1 Kor 15:22). Upprísia er sameining anda og líkama að nýju í fullkomíð, ódauðlegt ástand, þar sem sjúkdómar eða dauði verða ekki lengur til (sjá Alma 11:42–45).

Frelsarinn var fyrstur á þessari jörðu til að rísa upp. Í Nýja testamentinu eru nokkrar frásagnir sem vitna um að hann reis upp frá gröfinni (sjá Matt 28:1–8; Mark 16:1–14; Lúk 24:1–48; Jóh 20:1–29; 1 Kor 15:1–8; 2 Pét 1:16–17).

Þegar hinn upprisni Drottinn birtist postulum sínum, hjálpaði hann þeim að skilja að hann hefði líkama af holdi og beinum. Hann sagði: „Lítioð á hendur mínar og fætur, að það er ég sjálfur. Preifið á mér, og gætið að. Ekki hefur andi og hold bein, eins og þér sjáid að ég hef“ (Lúk 24:39). Hann birtist einnig Nefitunum eftir upprisu sína (sjá 3 Ne 11:10–17).

Á tíma upprisunnar munum við „verða [dæmd] af verkum [okkar]. . . . Við munum leidd fram fyrir Guð og standa þar með alveg sömu vitund og við höfum nú og ljósa endurminning um alla sekt okkar“ (Alma 11:41, 43). Sú eilífa

## Velferð

dýrð sem við hljótum er háð trúfesti okkar. Þótt allir menn muni reistir upp, munu aðeins þeir sem komið hafa til Krists og meðtekið af fyllingu fagnaðarerindis hans hljóta upphafningu og erfa himneska ríkið.

Skilningur og vitnisburður á upprisunni getur veitt ykkur von og yfirsýn er þið upplifið áskoranir, raunir og sigra lífsins. Þið getið fundið huggun í þeirri fullvissu að frelsarinn lifir og að hann muni, fyrir friðþægingu sína, „[rjúfa] viðjar dauðans, svo að gröfin njóti einskis sigurs og broddur dauðans hverfi í dýrðarvoninni“ (Alma 22:14).

Fleiri tilvísanir: Jes 25:8; 26:19; Jóh 5:25–29; 11:25–26; 1 Kor 15; Enos 1:27; Alma 40:23–26; 41; Morm 9:12–14; K&S 88:15–16; 93:33–34; HDP Móse 1:39

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Dauði, líkamlegur; Dýrðarríki; Sáluhjálparáætlunin; Sáluhjálp; Sál*

## Velferð

Hver meðlimur kirkjunnar hefur tvíþætta ábyrgð hvað velferð varðar: Að verða sjálfbjarga og annast fátæka og þurfandi.

Foreldrar hafa þá helgu ábyrgð að sjá fyrir andlegri og líkamlegrí velferð barna sinna. Þegar börnin verða eldri verða þau ábyrgari fyrir eigin velferð. Foreldrar ættu að kenna þeim grunnreglur velferðar og hjálpa þeim að verða sjálfbjarga og sjá fyrir eigin fjölskyldu í framtíðinni. Foreldrar geta einnig veitt börnum sínum tækifæri til að hjálpa fátækum og þurfandi.

Ef þið eruð fullorðnir meðlimir í kirkjunni, á öll eftirfarandi leiðsögn beint við um ykkur. Ef þið eruð piltur eða stúlka, á flest í þessari leiðsögn einnig við um ykkur, jafnvel þótt þið séuð að miklu leyti háð foreldrum ykkar.

## Að verða sjálfbjarga

Ábyrgðin á eigin félagslegri, tilfinningalegri, andlegri, líkamlegri og fjárhagslegri velferð ykkar hvílir fyrst og fremst á ykkur sjálfum, síðan á fjölskyldu ykkar og loks á kirkjunni. Þið ættuð, með innblæstri Drottins og eigin erfiði, að sjá ykkur sjálfum og fjölskyldu ykkar fyrir andlegum og stundlegum nauðsynjum þessa lífs.

Þið eruð betur í stakk búin til að annast ykkur sjálf og fjölskyldu ykkar séuð þið sjálfbjarga. Þið verðið undir það búin að takast á við mótlæti án þess að verða háð öðrum.

Þið getið orðið sjálfbjarga með því að (1) nýta ykkur tæki-færi til menntunar; (2) iðka góðar reglur næringar og heilsu; (3) búa ykkur undir atvinnu; (4) birgja ykkur upp af mat-vælum og fatnaði, að svo miklu leyti sem lög leyfa; (5) fara skynsamlega með eигur ykkar, þar á meðal að greiða tíund og föstufórnir og forðast skuldsetningu; og (6) leggja rækt við andlegan, tilfinningalegan og félagslegan styrk.

Þið verðið að vera fús til að vinna, ef þið hyggist verða sjálfbjarga. Drottinn hefur boðið okkur að vinna (sjá 1 Mós 3:19; K&S 42:42). Heiðarleg vinna er kjarni hamingju, sjálfsv-irðingar og hagsældar.

Ef þið verðið einhvern tíma ófær um að uppfylla grunn-þarfir ykkar með eigin erfiði eða með stuðningi fjölskyldu ykkar, getur kirkjan hjálpað ykkur. Í slíkum aðstæðum reynir kirkjan oft að hjálpa ykkur og fjölskyldu ykkar til sjálfbjargar.

## Ala önn fyrir fátækum og þurfandi

Drottinn hefur alltaf boðið fólkí sínu að annast fátæka og þurfandi. Hann sagði: „Þér verðið að vitja hinna fátæku og þurfandi og veita þeim líkn“ (K&S 44:6). Hann bauð einnig: „Minnist í öllu hinna fátæku og þurfandi, sjúku og aðþrengdu, því að sá, sem slíkt gjörir ei, er ekki lærisveinn minn“ (K&S 52:40).

## Vitnisburður

Þið getið annast hina fátæku og þurfandi á marga vegu. Ein mikilvæg leið er að að fasta og gefa föstufórnir, sem biskup eða greinarforseti notar til að aðstoða meðlimi deildar eða greinar, sem eiga við fátækt að stríða, sjúkdóma eða aðra erfiðleika. Þið getið einnig gefið af tíma ykkar og hæfileikum. Þið getið þjónað hinum heimilislausu, fötluðu, ekkjum og fleirum í hverfi ykkar og samfélagi.

Auk þess að annast þannig einstaklinga á heimasvæðum, hjálpar kirkjan fólkum um heim allan, hver sem trú þess er, fólk sem er fórnarlömb náttúruhamfara, fátæktar, sjúkdóma og styrjalfa. Kirkjan veitir hjálpargögn til að hjálpa fjölskyldum og einstaklingum að koma undir sig fótunum og vinna að því að verða sjálfbjarga. Framlög í menntunarsjóð kirkjunnar sjá illa stöddum Síðari daga heilögum fyrir tækifærum til frekari menntunar. Trúboðar í kirkjubjónustu vinna sjálfboðaliðastarf og gefa af tíma sínum og eigum til að auka lestrarkunnáttu, bæta heilsu og veita kennslu.

Fleiri tilvísanir: Jakbr 1:27; Jakob 2:17–19; K&S 42:31; 104:15–18

Sjá einnig Fasta og föstufórnir; Þjónusta

## Vitnisburður

Vitnisburður er andlegur vitnisburður sem heilagur andi veitir. Grundvöllur vitnisburðar er vitneskja um að himneskur faðir lifir og elskar okkur; að Jesús Kristur lifir, að hann er sonur Guðs, og að hann framkvæmdi hina algjöru friðþægingu; að Joseph Smith er spámaður Guðs, sem kallaður var til að endurreisa fagnaðarerindið; að við erum leidd af lifandi spámönum nú; og að Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er hin sanna kirkja frelsarans á jörðinni. Vitnisburður sem byggir á þessum grunni nær að meðtaka allar reglur fagnaðarerindisins.

## Hljóta og efla vitnisburð

Við, sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, búum að því helga tækifæri og ábyrgð að hljóta eigin vitnisburð. Þegar við höfum hlotið vitnisburð ber okkur skylda til að leggja rækt við hann alla ævi. Hamingja okkar í þessu lífi og um alla eilífð er að miklu leyti háð því hvort við verðum „[hugdjörf] í vitnisburðinum um Jesú“ (K&S 76:79; sjá einnig vers 51, 74, 101). Þegar við keppum að þessu, höfum þá í huga eftirfarandi reglur:

*Letin að vitnisburði hefst með réttlátri og einlægri þrá. Himneskur faðir mun blesa ykkur samkvæmt réttlátri þrá hjarta ykkar og viðleitni ykkar til að breyta samkvæmt vilja hans. Alma kenndi, er hann ræddi við hóp fólks sem enn hafði ekki hlotið vitnisburð um fagnaðarerindið: „Ef þið viljið vakna og vekja hæfileika ykkar til lífs með því að gjöra tilraun með orð mínum og sýna örslitla trú, jafnvel þótt ekki sé nema löngun til að trúá, látið þá undan þessari löngun, þar til þið trúíð nægilega til að gefa hluta orða minna rúm“ (Alma 32:27).*

*Vitnisburður hlýst með kyrrlátum áhrifum heilags anda.* Áhrif vitnisburðar geta verið undursamleg og áhrifamikil, en yfirleitt veitist gjöf vitnisburðar sem friðsæl fullvissa, án tilkomumikils sjónarspils á mætti Guðs. Jafnvel Alma, sem var vitjað af engli og hafði séð Guð sitja í hásæti sínu, þurfti að fasta og biðja til að hljóta vitnisburð með krafti heilags anda (sjá Alma 5:45–46; 36:8, 22).

*Vitnisburður ykkar mun eflast smám saman með reynslu ykkar.* Enginn hlýtur algjöran vitnisburð í einu vettangi. Vitnisburður ykkar mun eflast með reynslu ykkar. Hann mun eflast er þið sýnið hversu fús þið eruð að þjóna í kirkjunni, í hvaða köllun sem þið eruð. Hann mun eflast þegar þið ákveðið að halda boðorðin. Þegar þið uppörvið og styrkið aðra, munuð þið sjá að vitnisburður ykkar heldur áfram að vaxa. Þegar þið biðjið og fastið, lærið ritningarnar, sækið kirkju-

## Vísdómsorðið

samkomur og hlýðið á aðra gefa vitnisburð sinn, munuð þið blessuð með innblásnum stundum sem auðga mun vitnisburð ykkar. Þið munuð upplifa slíkar stundir í lífi ykkar þegar þið keppið að því að lifa eftir fagnaðarerindinu.

*Vitnisburður ykkar mun eflast þegar þið gefið hann.* Bíðið þess ekki að vitnisburður ykkar mótið fyllilega áður en þið gefið hann. Hluti af eflingu vitnisburðar felst í því að gefa hann. Þið munuð í raun komast að því að þegar þið gefið það sem þið hafið þegar vitni um, mun það styrkast til muna.

### Vitnisburðargjöf

Á föstu- og vitnisburðarsamkomum og í viðræðum ykkar við fjölskyldu ykkar og vini, kunnið þið að finna ykkur knúin til að gefa vitnisburð ykkar. Þegar slíkt gerist hafið þá í huga að þið þurfið ekki að halda langan áhrifamikinn fyrirlestur. Vitnisburður ykkar verður áhrifaríkastur þegar þið tjáið hann á einfaldan, hjartnæman og sannfærandi máta, um frelsara ykkar, kenningar hans og endurreisnina. Biðjið um leiðsögn og andann ykkur til hjálpar til að vita hvernig tjá á tilfinningar hjarta ykkar. Þið munuð upplifa djúpa gleði þegar þið hjálpið öðrum að skynja þá von og fullvissu sem Drottinn hefur veitt ykkur.

Fleiri tilvísanir: Jóh 7:17; 1 Kor 2:9–14; Jakbr 1:5–6; Moró 10:3–5; K&S 6:22–23; 62:3; 88:81

*Sjá einnig Friðþæging Jesú Krists; Fasta og föstufórnir; Guð faðirinn; Heilagur andi; Bæn; Opinberun; Andlegar gjafir*

## Vísdómsorðið

Vísdómsorðið er heilbrigðislögð sem Drottinn hefur opinberað okkur til líkamlegrar og andlegrar farsældar. Í þessari opinberun sem skráð er í 89. kafla Kenningar og sáttmála, greinir Drottinn frá því hvaða matur er okkur hollur og hvaða efni eru óholl fyrir líkama okkar. Hann lofar andlegum og líkamlegum blessunum fyrir að hlíta Vísdómsorðinu.

Í Vísdómsorðinu býður Dottinn okkur að láta ekki eftirfarandi efni í líkama okkar:

- Áfenga drykki (sjá K&S 89:5–7).
- Tóbak (sjá K&S 89:8).
- Te og kaffi (sjá K&S 89:9; Síðari daga spámenn hafa sagt að orðin „heitir drykkir“ merki te og kaffi).

Hvaðeina skaðlegt sem fólk lætur viljandi í líkama sinn er ekki í samræmi við Vísdómsorðið. Það á einkum við um ólögleg lyf, sem geta stórskaðað þá sem ánetjast þeim. Haldið ykkur algjörlega frá þeim. Prófið þau ekki. Misnotkun lyfse-óilsskyldra lyfja leiðir einnig til skaðlegrar ánetjunar.

Drottinn hefur sagt að eftirfarandi matartegundir séu hollar líkama okkar:

- Grænmeti og ávextir, sem neyta ætti „með fyrirhyggju og þakkargjörð“ (sjá K&S 89:10–11).
- Hold „dýra og fugla loftsins,“ ber að neyta „sparlega“ (sjá K&S 89:12–13).
- Korntegundir, líkt og hveiti, hrísgljón og hafrar, ættu að vera „aðalviðurværi“ (sjá K&S 89:14–17).

Blessanir sem bundnar eru því að lifa eftir Vísdómsorðinu

Drottinn lofar þeim sem lifa eftir Vísdómsorðinu:

„Allir heilagir, sem hafa hugfast að halda þessi orð og fara eftir þeim og ganga í hlýðni við boðorðin, skulu hljóta heilsu í nafla sína og merg fyrir bein sín—

Og munu finna vísdóm og mikinn þekkingarauð, jafnvel hulinn auð—

Og munu hlaupa án þess að þreytast og ganga án þess að örzmagnast.

Og ég, Drottinn, gef þeim fyrirheit um að engill tortímingarinnar muni leiða þá hjá sér, eins og börn Ísraels, og eigi deyða þá“ (K&S 89:18–21).

## Von

### Sigrast á ánetjun

Best er að forðast algjörlega þau efni sem Drottinn leggur bann við í Vísdómsorðinu. En ef þið hafið ánetjast einhverju þessara efna, getið þið losnað undan fíkn ykkar. Þið getið sigrast á ánetjun með eigin framtaki, krafti og náð Dottins, hjálp fjölskyldu og vina og leiðsögn kirkjuleiðtoga.

Biðjið um hjálp og gerið allt í ykkar valdi til að standast freustingar ánetjunar. Himneskur faðir vill að þið hljótið þær blessanir sem bundnar eru því að lifa eftir Vísdómsorðinu og mun efla ykkur í einlægri viðleitni ykkar til að gera það.

Fleiri tilvísanir: K&S 49:19–21; 59:15–20; 88:124; 89:1–4

*Sjá einnig Hlýðni; Freistung*

## Von

Hugtakið *von* er stundum misskilið. Í daglegu máli er hugtakið oft notað í tengslum við óvissu. Við segjum til að mynda að við vonumst eftir því að veðrið lagist eða að vinur láti sjá sig í heimsókn. Á máli fagnaðarerindisins merkir hugtakið *von* þó fullvissu, óhagganleika og virkni. Spámenn ræða um „staðfasta von“ (Alma 34:41) og „lifandi von“ (1 Pét 1:3). Spámaðurinn Moróni kenndi: „Sá, sem [trúir] á Guð, [getur] því með vissu vonast eftir betri heimi, já, jafnvel samastaðar til hægri handar Guði, en sú von sprettur af trú og er sálum mannanna sem akkeri, er gjörir þá örugga og trúfasta og ætíð ríka af góðum verkum, Guði til dýrðar“ (Eter 12:4).

Við reiðum okkur á loforð Guðs þegar við eignum von. Við eignum óhagganlega fullvissu um að „sá, sem vinnur réttlætisverk, hlýtur sín laun, já, frið í þessum heimi og eilíft líf í komanda heimi“ (K&S 59:23). Mormón kenndi að slík von veitist aðeins með friðþægingu Jesú Krists: „Í hverju skal von yðar fólgin? Sjá, ég segi yður, að þér skuluð eiga von fyrir friðþægingu Krists og kraft upprisu hans, að vera reistir til eilífs lífs,

og það vegna trúar yðar á hann, í samræmi við fyrirheitið” (Moró 7:41).

Þegar þið keppið að því að lifa eftir fagnaðarerindinu eflist þið í þeirri viðleitni að vera „[auðug] að voninni í krafti heilags anda“ (Róm 15:13). Von ykkar styrkist þegar þið biðjið til Guðs og leitið fyrirgefningar hans. Í Mormónsbók fullvissaði trúboði að nafni Aron konung Lamaníta: „Ef þú vilt beygja þig fyrir Guði, já, ef þú vilt iðrast allra synda þinna, lúta Guði og ákalla nafn hans í trú og trúá því, að þér muni gefast, þá mun rætast sú von, sem þú þráir“ (Alma 22:16). Þið hljótið einnig von þegar þið lærið ritningarnar og lifið eftir kenningum þeirra. Páll postuli kenndi: „Allt það, sem áður er ritað, er ritað oss til uppfræðingar, til þess að vér fyrir þolgæði og huggun ritninganna héldum von vorri“ (Róm 15:4).

Vonin nær inn í eilífðirnar, en hún getur einnig efti ykkur í daglegum áskorunum lífsins. „Sæll er sá,“ sagði Sálmahöfundurinn, „er á Jakobs Guð sér til hjálpar, sá er setur von sína á Drottin, Guð sinn“ (Sálm 146:5). Vonin gerir ykkur kleift að skynja gleði lífsins. Þið getið „[sýnt] þolinmæði og [umborið] . . . þrengingar í staðfastri von um, að sá dagur komi, að þið hljótið hvíld frá þrengingum ykkar“ (Alma 34:41). Við ættum að „sækja fram, staðfastir í Kristi, í fullkomnu vonarljósi og ást til Guðs og allra manna. Ef þér þess vegna sækið fram, endurnærðir af orði Krists og standið stöðugir allt til enda, sjá, þannig fórust föðurnum orð: Þér munuð öðlast eilíft líf“ (2 Ne 31:20).

Fleiri tilvísanir: Harm 3:25–26; 1 Kor 15:19–22; 1 Pét 3:15; 1 Jóh 3:2–3; Jakob 4:4–6; Alma 13:28–29; 27:28; Eter 12:32; Moró 8:26; 9:25; 10:22

*Sjá einnig Mótlæti; Friðþæging Jesú Krists; Kærleikur; Trú*

## Yfirjarðneska ríkið (Sjá Dýrðarríki)

## Pakklæti

Drottinn hefur lofað: „Sá, sem veitir öllu viðtöku með þakklæti, mun dýrðlegur gjörður“ (K&S 78:19). Þakklæti er uppörvandi og upplyftandi viðhorf. Þið getið líklega sagt af eigin reynslu að þið séuð hamingjusamari þegar þið eruð þakklát í hjarta. Þið getið ekki verið bitur, sár eða illviljuð þegar þið eruð þakklát.

Verið þakklát fyrir hinar dásamlegu blesanir sem eru ykkar. Verið þakklát fyrir hin gríðarlegu tækifæri sem eru ykkar. Verið þakklát fyrir foreldra ykkar. Tjáið þeim þakklæti ykkar. Þakkið vinum ykkar og kennurum. Tjáið öllum þeim þakklæti sem gera eithvað fyrir ykkur á einn eða annan hátt.

Þakkið himneskum föður fyrir gæsku hans til ykkar. Þið sýnið Guði þakklæti ykkar með því að viðurkenna hönd hans í öllu, færa honum þakkir fyrir allt sem hann veitir ykkur, halda boðorð hans og þjóna öðrum. Þakkið honum fyrir ást-kæran son hans, Jesú Krist. Tjáið þakkir fyrir stórkostlegt for-dæmi frelsarans, kenningar hans, fyrir útréttta hönd hans til að uppörva og liðsinna, fyrir hina óendanlegu friðþægingu hans.

Þakkið Drottni fyrir hina endurreistu kirkju hans. Þakkið honum fyrir allt sem hún veitir ykkur. Þakkið honum fyrir vini og fjölskyldu. Látið anda þakklætis leiða og blessa ykkur daga og nætur. Keppið að því að vera þakklát. Þið munuð komast að því að árangurinn verður dásamlegur.

Fleiri tilvísanir: Sálm 100:3–4; Lúk 17:11–19; Mósía 2:19–22; Alma 34:38; K&S 59:7

## Pjónusta

Sannir lærisveinar Jesú Krists þrá að þjóna samferðafólki sínu. Frelsarinn sagði: „Á því munu allir þekkja, að þér eruð mínr lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars“ (Jóh 13:35).

Þegar þið eruð skírð, gerið þið sáttmála um að taka á ykkur nafn Jesú Krista. Spámaðurinn Alma útskýrði sáttmála þennan fyrir hópi nýrra trúskiptinga, sem vildi skírast. „Honum var ljóst að þeir þráðu að „komast í hjörð Guðs“ og voru fúsir til að veita innihaldsríka þjónustu – að „bera hver annars byrðar, svo að þær verði léttar,“ að „syrja með syrgjendum“ og „hugga þá, sem huggunar þarfnað“ (Mósía 18:8–9).

Lítið til fordæmis frelsarans þegar þið innið þjónustu af hendi. Þótt hann kæmi til jarðar sem sonur Guðs, þjónaði hann auðmjúkur þeim sem umhverfis hann voru. Hann sagði: „Ég [er] meðal yðar eins og þjónnninn“ (Lúk 22:27).

Frelsarinn sagði dæmisögu til að kenna mikilvægi þjónustu. Í dæmisögunni kemur hann til jarðarinnar í dýrð og aðskilur hina réttlátu frá hinum ranglátu. Við hina réttlátu segir hann: „Komið þér, hinir blessuðu föður míns, og takið að erfð ríkið, sem yður var búið frá grundvöllun heims. Því hungraður var ég, og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég, og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég, og þér hýstuð mig, nakinn og þér klædduð mig, sjúkur og þér vitjuðuð mín, í fangelsi var ég, og þér komuð til mín“ (Matt 25:34–36).

Hinir réttlátu, sem ekki skilja þessa yfirlýsingu, spyra: „Herra, hvenær sáum vér þig hungraðan og gáfum þér að eta eða þyrstan og gáfum þér að drekka? Hvenær sáum vér þig gestkominn og hýstum þig, nakinn og klæddum þig? Og hvenær sáum vér þig sjúkan eða í fangelsi og komum til þín?“ (Matt 25:37–39).

Þá svarar Drottinn: „Það allt, sem þér gjörðuð einum minna minnstu braæðra, það hafið þér gjört mér“ (Matt 25:40).

Frelsarinn býður okkur að gefa af okkur sjálfum í þjónustu við aðra. Tækifæri ykkar til að gera það eru óþrjótandi. Gætið að því dag hvernig þið getið glatt hjörtu, mælt blíð orð og unnið verk fyrir aðra sem þeir ekki geta gert sjálfir og miðlað fagnaðarerindinu. Verið móttækileg fyrir hinni hljóðu rödd andans sem innblæs ykkur til að þjóna. Þið

## **Púsund ára ríkið**

munuð komast að því að sönn hamingja felst í því að keppa að hamingju annarra.

Fleiri tilvísanir: Matt 22:35–40; 25:41–46; Lúk 10:25–37; Gal 5:13–14; Mósia 2:17

*Sjá einnig Kærleikur; Elska*

## **Púsund ára ríkið**

Þúsund ára ríkið stendur yfir í þúsund ár. Þegar við ræðum um „Þúsund ára ríkið“ er um að ræða þúsund ára tímabil sem fylgir í kjölfar síðari komu frelsarans (sjá Op 20:4; K&S 29:11). Í þúsund ára ríkinu mun „Kristur . . . sjálfur ríkja hér á jörðu“ (Trúaratriðin 1:10).

Þúsund ára ríkið verður tímabil réttlætis og friðar á jörðinni. Drottinn hefur opinberað að „þann dag mun fjandskap manna og fjandskap dýra, já, fjandskap alls holds, linna“ (K&S 101:26; sjá einnig Jes 11:6–9). Satan verður „bundinn, svo að hann hafi ekkert rúm í hjörtum mannanna barna“ (K&S 45:55; sjá einnig Op 20:1–3).

Í þúsund ára ríkinu verða allir menn góðir og réttlátir, en margir þeirra munu ekki hafa tekið á móti fyllingu fagnaðar-erindisins. Meðlimir kirkjunnar munu þar af leiðandi taka þátt í trúboðsstarfi.

Meðlimir kirkjunnar munu einnig taka þátt í musteristarfi í þúsund ára ríkinu. Hinir heilögu munu halda áfram að reisa musteri og taka á móti helgiathöfnum í þágu látinna ætmenna sinna. Peir munu hljóta leiðsögn með opinberun og skrá heimildir um áa allt til Adams og Evu.

Algjört réttlæti og friður munu halda áfram þar til við lok þúsund áranna, en þá mun Satan „leystur skamma hríð, svo að hann geti safnað saman herjum sínum.“ Herir Satans munu berjast gegn herskörum himna, sem Míkael, eða Adam, mun fara fyrir. Satan og fylgjendur hans munu bíða ósigur og þeim mun ævarandi varpað burtu (sjá K&S 88:111–115).

Fleiri tilvísanir: K&S 45:55–59; 101:22–34; 133:25

Sjá einnig Síðari koma Jesú Kristi

## Æðsta forsætisráðið (Sjá Kirkjustjórnun; Spámenn)

### Ættarsaga og ættfræði

Hinn 3. apríl 1836 kom spámaðurinn Elía til Josephs Smith og Oliver Cowdery í Kirtland musterið. Hann veitti þeim inn-siglunarvald prestdæmisins, sem gerði fjölskyldum mögulegt að innsiglast kynslóð eftir kynslóð. Þegar hann veitti þetta vald raettist sá spádómur, að Drottinn myndi senda hann „til að snúa hjörtum feðranna til barnanna og barnanna til feðranna“ (sjá K&S 110:14–16; sjá einnig Mal 4:5–6).

Þið getið með ættarsögustarfí tekið þátt í áframhaldandi uppfyllingu þessa spádóms. Þið getið fræðst um áa ykkar og aukið elsku ykkar til þeirra. Þið getið hlotið innblástur af frásögnum þeirra um hugrekki og trú. Þið getið fært börnum ykkar þá arfleifð.

Þetta er varanlegur ávinningur ættarsögustarfs, en er þó ekki megin ástæða þess að kirkjan leggur svo mikið kapp á að safna ættfræðiheimildum. Allt ættarsögustarf kirkjunnar miðar að því að mynda „[hlekk] milli feðra og barna“ (K&S 128:18). Sá hlekkur myndast með valdi prestdæmisins og þeim helgiathöfnum sem við tökum á móti í þágu áa okkar.

### Endurleysa hina dánu

Mörg af börnum himnesks föður hafa dáið án þess að gefast kostur á að taka á móti fyllingu fagnaðarerindisins. Drottinn hefur af miskunn sinni og óendanlegri elsku búið þeim leið til að hljóta vitnisburð um fagnaðarerindið og taka á móti endurleysandi helgiathöfnum prestdæmisins.

Í andaheiminum er fagnaðarerindið „boðað þeim, sem dáið [hafa] í syndum sínum, án þekkingar á sannleikanum

eða í lögmálsbrotum, þar eð þeir höfðu hafnað spámönnunum. Þeim [er] kennd trú á Guð, iðrun syndanna, staðgen-gilsskírn til fyrirgefningar syndanna og gjöf heilags anda með handayfirlagningu. Og allar aðrar reglur fagnaðarerindisins, sem nauðsynlegt [er] fyrir þá að þekkja, til þess að reynast hæfir og dæma mætti þá eftir mönum í holdinu, en þeir gætu lifað eftir Guði í anda” (K&S 138:32–34).

Margir í andaheiminum taka á móti fagnaðarerindinu. Þeir geta þó ekki tekið á móti helgiathöfnum prestdæmisins sjálfir, því þeir hafa ekki efnislíkama til þess. Í musterum njótum við þeirra forréttinda að taka á móti helgiathöfnum í þeirra þágu. Þær helgiathafnir eru skírn, staðfesting, vígsla til Melkísedeksprestdæmisins (fyrir karla), musterisgjöfin, innsiglun hjónabands og innsiglun barna til foreldra. Drottinn opinberaði spámanninum Joseph Smith starf þetta og endurreisti það verklag sem opinberað hafði verið hinum kristnu nokkru eftir upprisu Jesú Krists (sjá 1 Kor 15:29).

Þegar þið takið á móti helgiathöfnum prestdæmisins í þágu þeirra sem dáið hafa, verðið þið frelsarar á Síonarfjalli (sjá Obad 1:21). Sú gjörð ykkar er í anda friðþægingarfórnar frelsarans – þið framkvæmið endurleysandi verk fyrir aðra þá sem ekki geta gert það sjálfir.

### Ábyrgð okkar í ættarsögustarfi

Ábyrgð okkar í ættarsögustarfi skiptist í þrjá megin þætti:

1. Taka á móti helgiathöfnum musterisins fyrir okkur sjálf og stuðla að því að nánustu fjölskyldumeðlimir okkar geri það.
2. Hafa gild musterismeðmæli og sækja musterið eins oft og aðstæður okkar leyfa.
3. Viða að okkur ættfræðiheimildum svo við getum hjálpað áum okkar að taka á móti blessunum musterisins.

Þið getið tekið þátt í musteris- og ættarsögustarfi, a.m.k. að einhverju marki, hvar sem þið búið eða hverjar sem aðstæður ykkar eru. Þótt þið getið líklega ekki gert allt, getið þið þó gert sumt. Eftirfarandi hugmyndir geta hjálpað ykkur að hefjast handa:

- Skrá merka atburði í lífi ykkar. Skrá fæðingardag ykkar, fæðingarstað og dagsetningar skírnar og staðfestingar. Halda eigin dagbók og skrá það helsta sem gerist í lífi ykkar, þar á meðal persónulega reynslu sem eftir getur trú barna ykkar og annarra meðal komandi kynslóða.
- Fræðast um líf ættmenna ykkar. Hefjist handa með því að skrá minningar ykkar og heimildir sem eru á heimili ykkar. Skráið mikilvægar upplýsingar sem þið munið nákvæmlega eða getið komist að hjá systkinum, foreldrum, frændfólki, öfum eða ömmum og langöfum og langömmum. Verðið ykkur úti um afrit af skjölum og vottorðum sem geyma slíkar upplýsingar, sé það mögulegt. Þegar þið viðið að ykkur auknum upplýsingum, getið þið leitað á fleiri stöðum, svo sem í opinberum skjölum. Á heimasvæðum deilda eða greina getur ættfræðileiðbeinandi, sé hann fyrir hendi, verið ykkur til hjálpar. Þið getið einnig farið á ættarsöguvesíðu kirkjunnar [www.familysearch.org](http://www.familysearch.org).
- Þegar þið skráið heimildir um áa ykkar, notið þá til þess áatöl og fjölskylduskyrslur. Eyðublöð þessi eru fyrir hendi í pappírsformi og tölvutæku formi, svo og í forritinu Personal Ancestral File.

Þegar þið hafið viðað að ykkur nauðsynlegum heimildum um þá áa ykkar sem dáið hafa án þess að hafa tekið á móti fagnaðarerindinu, tryggið þá að musterisverk sé unnið fyrir þá. Þið getið sent nöfn áa ykkar til musterisins, svo aðrir geti unnið verkið fyrir þá, ef þið búið það fjarri musteri að fjölskylda ykkar geti ekki gert það sjálf. Þið getið farið í

## *Ættleiðingar*

nálægt ættfræðisafn eða ráðfært ykkur við ættfræðileiðbeinanda í deild ykkar eða grein til að fá vitneskju um hvernig standa á að verki við þetta.

Spámaðurinn Joseph Smith sagði, að það væru „reglur varðandi hina dánu og hina lifandi, sem ekki má auðveldlega ganga fram hjá, hvað sáluhjálp vora varðar. Því að þeirra sáluhjálp er nauðsynleg og óhjákvæmileg . . . að þeir án vor geti ekki orðið fullkomnir – né heldur getum vér án okkar dánu orðið fullkomín“ (K&S 128:15). Þið og áar ykkar fetið í átt að sáluhjálp með þátttöku ykkar í ættarsögustarfi.

*Sjá einnig Musteri*

## *Ættleiðingar*

Börn eiga rétt á að vera alin upp af foreldrum sem heiðra hjónabandssáttmála sína og elsku þau og styðja. Ættleiðing getur orðið mörgum börnum til mikillar blessunar sem annars ættu ekki kost á slíku.

Þegar barn fæðist utan hjónabands, er besti kostur móður og föður barnsins að stofna til hjónabands og vinna að því að samband fjölskyldunnar verði eilíft. Sé hjónaband líklegt til að mistakast, ættu þau að gefa barnið til ættleiðingar, helst til Fjölskylduþjónustu SDH. Með því að færa Fjölskylduþjónustu SDH barn til ættleiðingar, geta ógiftir foreldrar gert það sem barninu er fyrir bestu. Það tryggir að barnið innsiglið móður og föður í musterinu og eykur möguleika allra viðkomandi til þess að njóta blessana fagnaðarerindisins. Ættleiðing er óeigin-gjörn kærleiksrík ákvörðun sem blessar blóðforeldrana, barnið og fjölskylduna sem ættleiðir barnið.

Ef þið eruð gift og þið og maki ykkar viljið ættleiða barn, verið þá viss um að þekkja allar lagalegar kröfur viðkomandi lands og þær opinberu stofnanir sem að máli koma. Leitið ráðgjafar prestdæmisleiðtoga ykkar og, ef mögulegt er, starfsfólks Fjölskylduþjónustu SDH. Ef Fjölskylduþjónusta SDH er ekki fyrir hendi á ykkar landssvæði, ættuð þið að

vinna að því með prestdæmisleiðtogum ykkar að finna löglegan umboðsaðila sem gætir réttinda bæði barnsins og foreldranna sem ættleiða það.

**Öldungur** (*Sjá Melkísedeksprestdæmið; Prestdæmið*)



*Lær af mér og blusta á orð míν.  
Gakk í hógværð anda míns og  
þú munt eiga frið í mér.*

*Kenning og sáttmálar 19:23*

KIRKJA  
JESÚ KRISTS  
HINNA  
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

ICELANDIC



4 02368 63190 0  
36863 190